



2015-2016

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði

Grunnskólinn á Ísafirði

júní 2016

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	4
2. ÝMSAR UPPLÝSINGAR	9
STJÓRNENDUR GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2015-2016.....	9
NEFNDIR, RÁÐ OG TEYMI SKÓLAÁRÍÐ 2015-2016	9
NEMENDAFJÖLDI SKÓLAÁRÍÐ 2015-2016	12
STARFSMENN GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI SKÓLAÁRÍÐ 2015-2016	13
FJÖLDI STARFSMANNA/STÖÐUGILDI.....	14
FJÖLDI KENNSLUSTUNDA	14
SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA	15
SKÝRSLA FORELDRAFÉLAGS VETURINN 2015-2016	15
3. SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA 1.-7. BEKKJA.....	17
1. BEKKUR.....	17
2. BEKKUR.....	21
3. BEKKUR.....	23
4. BEKKUR.....	26
5. BEKKUR.....	29
6. BEKKUR.....	31
7. BEKKUR.....	35
4. SKÝRSLUR UNGLINGASTIGS	39
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA UNGLINGASTIGS	39
8. BEKKUR.....	41
9. BEKKUR	45
10. BEKKUR.....	50
5. SÉRGREINAR.....	56
DANS	56
HEIMILISFRÆÐI	57
ÍÞRÓTTIR	60
TEXTÍLMENNT.....	61
MYNDMENNT	63
LEIKLIST	64
FABLAB.....	65
LJÓSMYNDUN.....	66
TÆKNILEGÓ	67
GÐS, NÝSKÖPUN, TEIKNIMYNDASÖGUGERÐ.....	67
6. SKÝRSLA UM SÉRKENNSLU.....	69
7. ÝMSAR SKÝRSLUR	70
BÓKASAFN GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI	70
NÁMSVER.....	72
ÁRSSKÝRSLA ÞROSKAÐJÁLFA	73
FAGSTJÓRN Í ÍSLENSKU	74
UMSJÓNARSTARF MEÐ LESTRARKENNSLU Í GRUNNSKÓLUM ÍSAFJARÐARBÆJAR.....	75
ÍÞRÓTTIR	77
SKÓLAHEILSUGÆSLA	77
VINNUANDATEYMI.....	79
TÆKNIRÁÐ	80
SKÝRSLA NEMENDARÁÐS.....	80
SKÓLARÁÐ.....	81
FJÁRHAGSÁÆTLUN SKÓLANS	81
STARFSMARKMIÐ VETRARINS	82
SAMRÆMD PRÓF.....	84
FORFÖLL NEMENDA	84
FORFÖLL STARFSFÓLKIS.....	84
UM INNRA MAT	85

SAMSTARF GRUNNSKÓLANS OG LEIKSKÓLANNA	85
STARFSMANNASAMTÖL	86
AÐKEYPT ÞJÓNUSTA.....	86
SKRIFSTOFA GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI	86
VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ	87
8. SAMVINNA OG TENGL VÍÐ AÐILA UTAN SKÓLANS	88

1. Inngangur

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði kemur nú út í þrettánda skipti. Sumarið 2004 var fyrstu skýrslu um skólahald GÍ skilað til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar og fræðslunefndar. Tilgangurinn með ritun hennar er að halda til haga helstu upplýsingum um starfsemi nýliðins skólaárs. Henni er dreift til stjórnar foreldrafélagsins, nemendaráðs, Skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar, fræðslunefndar, bókasafns skólans og stjórnenda skólans. Skýrslan liggur frammi á kaffistofu starfsfólks GÍ og er vistuð á heimasíðu skólans <http://grisa.isafjordur.is>

Skýrslan er sett saman með það í huga að gefa upplýsingar um allt það góða og fjölbreytta starf sem unnið hefur verið á þessu skólaári í Grunnskólanum á Ísafirði. Skólaárið var viðburðarríkt og einkenndist sem fyrr af gróskumiklu starfi.

Grunnskólinn á Ísafirði var settur 24. ágúst. Það var í fyrsta skipti sem nemendur og foreldrar voru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara í upphafi árs þar sem var meðal annars farið yfir markmið vetrarins sem nemendur höfðu sett sér.

7. bekkur fór í skólabúðirnar að Reykjum 24. september og dvöldu þar við gott yfirlæti í 4 daga.

Nemendur í 10. bekk fóru í vel heppnaða ferð þar sem gengið var frá Hesteyri yfir að Sæbóli í Aðalvík í lok ágúst.

Í september voru líka hinar árlegu fjallgöngur og haustgönguferðir nemenda og starfsfólks. Tilgangur ferðanna er m.a. að upplifa saman nærumhverfi sitt og stórkostlega náttúru og efla samkennd og samvinnu nemenda. Hver bekkur fer í ákveðna gönguferð með kennurum og öðrum starfsmönnum. Gönguleiðin þyngist með hverju ári og í lok 10. bekkjar ættu nemendur að hafa gengið á flest fjöll í nágrenni Ísafjarðar.

Þann 3. september voru tónleikar á vegum Tónlistar fyrir alla. Karl Olgeirsson og Sigríður Eyrún Friðriksdóttur komu og sungu fyrir alla nemendur skólans.

Alþjóðadagur læsis var haldinn hátíðlegur í skólanum 8. september og gerðu nemendur sér dagamun í tilefni hans, bæði með vönduðum upplestri og hlustun.

Boðið var upp á námskeið fyrir foreldra barna í 1.bekk. Á námskeiðinu var fjallað um ýmsa hagnýta þætti er varða skólagöngu barna og svo hugmyndafræði Uppbyggingar sjálfsaga – uppeldis til ábyrgðar

Norræna skólahlaupið var haldið 9. september og er markmiðið með hlaupinu að hvetja nemendur til þess að æfa hlaup og auka með því útiveru og hreyfingu.

16. september var þjóðarsáttmáli um læsi undirritaður við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu. 8. bekkur flutti tónlistaratriði við undirritunina.

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir 10. bekkjana 21.-23. september í íslensku, ensku og stærðfræði. 24. og 25. september voru svo prófin í 4. og 7. bekk.

Möguleikhúsið bauð nemendum í 5.-7. bekk upp á leikritiði Eldbarnið þann 29. september.

Hraðfrystihúsið – Gunnvör h.f. gaf hverjum nemanda úr Grunnskólanum á Ísafirði, sem eru í smáskipanámi hjá Fræðslumiðstöðinni, *Sjómannabókina* eftir Pál Ægi Pétursson.

Sjómannabókin er aðalkennslubókin í smáskipanáminu og tekur á flestu er varðar sjómennsku og skipstjórn á þessu stigi. Er þetta í annað sinn sem HG gefur grunnskólanemum þessa bók.

Evrópski tungumáladagurinn var haldinn í skólanum 1. október og unnu nemendur margsskonar verkefni tengd honum.

Þann 2. október var forvarnardagurinn og hélt 9. bekkur upp á hann, eins og venjan er.

6. október heimsóttu þær Elísabet Samúelsdóttir og Þórunn Snorradóttir 10. bekk á vegum Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) með námsefnið Fjármálavit. Námsefnið er fyrir nemendur á efsta stigi grunnskóla og er tilgangurinn að veita innblástur í kennslu um fjármál. Efnið er þróað af SFF í samvinnu við starfsmenn þeirra, kennara og kennaranema.

9. október var nemendum í 8.-10. bekk boðið á hina árlegu íþróttahátíð í Bolungarvík. Keppt var í fótbolta, körfubolta, bandý, dodgeball, sundblaki, sundi, skák, borðtennis og spurningakeppni. Að keppni lokinni var svo ball í sal grunnskólans.

Grunnskólinn á Ísafirði og Bæjarbókasafnið hafa sammælt um að efla samstarf sín á milli og verður næsti mánuður því nokkurs konar bókasafnsmánuður í skólanum. Hann hófst 14. október, með því að allir nemendur á unglingastigi fóru upp á bókasafn og hlýddu á fyrirlestur Ómars Smára Kristinssonar myndlistarmanns um teiknimyndasögur.

21. október tók 9. bekkur þátt í nýsköpunarnámskeiði sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, í samstarfi við Landsbankann, Sóknaráætlun Vestfjarða og Nýsköpunarmiðstöð Vestfjarða stóð fyrir.

Sinfóníuhljómsveit Íslands bauð 1. - 4. bekk á tónverkið Maximús Músíkus í Íþróttahúsinu á Torfnesi í 26. október.

Skólinn hlaut styrk frá Landsskrifstofu Erasmus. Verkefnastjórnir Guðbjörg Halla Magnadóttir og Bryndís Bjarnason fóru á fyrsta fund verkefnisins til Portúgal, í lok október.

Sinfóníuhljómsveit Íslands bauð nemendum í 1.-4. bekk á tónleika 26. október sem haldnir voru í Íþróttahúsinu Torfnesi. Tónverkið Maximús músíkus var flutt við góðar undirtektir.

28. október var rýmingaræfing í skólanum í samstarfi við Slökkvilið Ísafjarðarbæjar.

30. október var hrekkjavökuball á unglingastiginu.

Læsisráðgjafar frá Menntamálastofnun komu í heimsókn 3. nóvember og kynntu læsistefnu stofnunarinnar. Þeir funduðu með kennurum og stjórnendum sem og foreldrum.

5. og 6. nóvember voru þemadagar í skólanum og var yfirskriftin „Þjöppum okkur saman“. Öllum nemendum var blandað þvert á árganga og unnið var á ýmsum stöðvum.

9. nóvember hófst norræn bókasafnsvika. Af því tilefni las Rannveig bókavörður söguna Vinátta á Norðurlöndum fyrir nemendur.

Nemendur í 7. bekk fengu afhentar spjaldtölvur 13. nóvember og eru þá allir nemendur í 6.-10.bekk komnir með spjaldtölvur.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur 16. nóvember. Stóra upplestrarkeppnin var sett í Hömrum og í fyrsta skipti var Litla upplestarkeppnin sett en hún er í 4. bekk. Nemendur skólans unnu fjölbreytt verkefni í tilefni dagsins.

Tveggja vikna lestrarsprettur hófst í skólanum 23.nóvember.

Föstudaginn 27. nóvember kl. 20:00 frumsýnir leiklistarval skólans leikritið Ársæll Veru- og Friðfinnsson & hið fjarstæðukennda mál, eftir Michael Maxwell, í þýðingu og leikstjórn Hörpu Henrysdóttur. Fjölmargir nemendur komu að sýningunni á einn eða annan hátt.

1.desember var opinn dagur og foreldrar og aðrir forráðamenn hvattir til að koma við í skólanum.

12. desember kom Gunnar Jónsson listamaður og kynnti starf sitt fyrir nemendum í myndlistavali á unglingastigi og nemendum í 6. bekk. Gunnar sýndi myndir af verkum sínum og ræddi við nemendur um myndlist. Heimsóknin var í tilefni af degi myndlistar 30. október.

18. desember voru litlu jól skólans haldin hátíðleg með tilheyrandi jólaböllum og bekkjarskemmtunum.

Þann 1. janúar hófst lestrarátak Ævars vísindamanns. Það stóð fram til 1. mars og tóku nemendur í 1.-7. bekk þátt.

Einar Þór Jónsson lýðheilsufræðingur og kennari, framkvæmdastjóri Alnæmissamtakanna HIV Ísland, kom og hélt fyrirlestur fyrir nemendur 9. og 10. bekkjar 6. janúar. Fyrirlesturinn var mjög fróðlegur og athyglisverður og varð tilefni umræðna fram eftir öllum degi.

Þorablót 10. bekkjar var haldið 22. janúar.

Samvest, undankeppni fyrir söngkeppni félagsmiðstöðva, var haldin í skólanum 29. janúar. Að þessu sinni voru það nemendur úr félagsmiðstöðinni á Flateyri sem sigruðu.

Maskadagurinn var með hefðbundnu sniði í skólanum 8. febrúar.

Skólinn bauð foreldrum á fund 11. febrúar til að endurskoða heimanámsstefnu skólans sem sett var vorið 2013.

Hið árlega Rósaball 10.bekkjar var haldið 11. febrúar.

Í desember komu þeir Hlynur Kristjánsson og Hermann Hermannsson frá slökkviliði Ísafjarðbæjar í heimsókn í 3. bekk til að uppfræða nemendur um eldvarnir í tilefni af eldvarnavíku. Við það tækifæri fengu allir nemendur bekkjarins að taka þátt í eldvarnagætraun. Það er hefð að afhenda svo vinninga til vinningshafa getraunarinnar á 1-1-2 daginn og komu þeir félagar með verðlaun fyrir einn nemanda bekkjarins og var það Dagur Atli Guðmundsson sem var svona heppinn. Að launum fékk hann viðurkenningarskjal, reykskynjara og tíuþúsund krónur.

Fimmtudaginn 18. febrúar, var jafnréttisþing hér í skólanum. Þátttakendur voru allir nemendur í 6. - 10. bekk og var þeim skipt í hópa þvert á árganga. Bergljót Þrastardóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, mun var með innlegg í upphafi þingsins.

Útivistardagur skólans í Tungudal var 26. febrúar og áttu allir nemendur í 5.-10. bekk góðan dag á dalnum.

24. febrúar var skólakeppni stóru upplestrarkeppninar.

3. mars hélt Rauði krossinn fræðsluerindi fyrir 8. - 10. bekk í Hömrum, undir yfirskriftinni (*Vertu næs? - fjölbreytileiki og fordómar*). Fræðslan var létt og skemmtileg, um annars alvarlegt efni, sem þau Anna Lára Steindal og Juan Camilo stýrðu.

3. mars var lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar.

GÍ tók þátt í riðlakeppni Skólahreysti MS 9.mars. Keppendur okkar stóðu sig vel og unnu Vestfjarðarriðilinn.

Skólinn tók þátt í alþjóðadegi gegn kynþáttamisrétti og mynduðu allir nemendur og starfsfólk skólans keðju um um skólann í tilefni hans.

Árshátíð skólans var dagana 16. og 17. mars. Allir nemendur tóku þátt og var yfirskriftin að þessu sinni Sjónvarp í 50 ár.

Erasmus+ hópurinn (Guðbjörg Halla Magnadóttir og Helga Björt Möller) fóru til í Lüdenscheid í Þýskalandi. 16. mars voru kynningar á *Sad and glorious moments in my country* og sýndu þær myndband sem nemendur í 6. og 8. bekk unnu fyrir verkefnið. Einnig var farið yfir greiningar á námsárangri nemenda í 5. -9. bekk í íslensku og stærðfræði til að skoða dreifingu á námsárangri nemenda. Tilgangur verkefnisins er að skoða stöðu tvítyngdra nemenda og hvernig nýjar kennsluáðferðir geta gagnast sem best til að einstaklingsmiða nám.

Þann 1. apríl veitti Kiwanisklúbburinn Básar á Ísafirði skólanum styrk að upphæð kr. 100 þúsund til bókakaupa. Klúbburinn er 40 ára um þessar mundir og styrkti hann af því tilefni ýmsar stofnanir og félagasamtök, um samtals eina milljón króna. Yfirskrift verkefnisins er „Börnin fyrst og fremst“.

Grunnskólinn á Ísafirði, Menntaskólinn á Ísafirði og foreldrafélög beggja skóla buðu nemendum og foreldrum upp á fyrirlestur um tölvufíkn 5. apríl.

Sprotasjóður veitti Grunnskólanum á Ísafirði styrk til að útfæra verkefnið Þríþraut – fjölmennningarlegt verkefni um sjálfsmynd, menningu og fordóma. Markmið verkefnisins er að vinna markvisst að bættri stöðu nemenda af erlendum uppruna þannig að sá nemendahópur hafi sömu tækifæri og aðrir nemendur til náms og í lífinu almennt. Skólinn á að geta skilgreint sig sem fjölmennningarlegan skóla þar sem kennsluhættir henta jafnt öllum nemendum, að valdastaða foreldra grunnskólabarna sé jöfn (óháð uppruna) og að bæði nemendur og kennarar séu stolt af því að tilheyra

fjölmenningarlegu skólasamfélagi og líti á það sem styrkleika skólans. Markmið verkefnisins er einnig að vinna markvisst gegn fordómum þannig að allir í skólasamfélaginu hafi tækifæri á að blómstra, óháð sérstöðu sinni.

Verkefnið verður unnið skólaárið 2016-2017.

Foreldrafélag skólans stóð fyrir bókasöfnun 20.-25. apríl í samstarfi við Pennann Eymundsson.

Nemendur í 4. og 8. bekk spiluðu á hljóðfæri fyrir samnemendur sína þann 12. apríl.

20. apríl fékk 1. bekkur góða gesti í heimsókn en þá komu Kiwanismenn frá Kiwanisklúbbnum Básam á Ísafirði með reiðhjólahlýða handa öllum árganginum.

Keppendur Grunnskólans á Ísafirði kepptu í Skólahreysti og stóðu sig mjög vel í úrslitum keppinnar þann 20. apríl.

23. apríl kom Sigríður Dögg kynfræðingur í heimsókn og var með fróðlegt og skemmtilegt erindi fyrir bæði nemendur (8.-10. bekk) og foreldra.

27. apríl var lokahátíð Litlu upplestrarkeppinnar hjá 4. bekk. Nemendur lásu og fluttu tónlistaratriði fyrir gesti sína.

Tveir nemendur skólans, Ástmar Helgi og Sigurjón í 5. bekk, komust áfram með hugmynd sína í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Þeir tóku þátt í vinnusmiðju og lokahátíð NKG í Reykjavík.

Þann 11. maí var 1. bekk boðið í heimsókn til Íslandssögu og Klofnings á Suðureyri til að kynna starfsemi fyrirtækjanna. Þessi heimsókn er orðin árlegur viðburður og hefur ætíð gengið vel í alla staði. Mjög höfðinglega var staðið að heimsókninni þar sem fyrirtækin buðu upp á rútú til að komast á staðinn ásamt því að leysa nemendur og starfsfólk út með fisk í soðið.

Starfsfólk skólans bauð 10. bekk í kveðjukaffi á kaffistofunni síðasta kennsludag þeirra, 17. maí.

Nemendur 10. bekkjar lögðu af stað í skólaferðalagið sitt 22. maí. Stefnan var tekin á Bakkaflöt í Skagafirði. Nemendur gerðu sér margt til skemmtunar, m.a. flúðasigling, litabolta, þrautir, sund og fleira.

Á vordögum var mikið um uppbrot í kennslunni. 7. bekkur átti skemmtilegan dag með leikskólanemum, 6. bekkur gróðursetti tré, 5. bekkur heimsótti Náttúrustofu Vestfjarða, 4. bekkur fór í skógarferð, 3. bekkur fór í Öfundarfjörð, 2. og 9. bekkur skemmtu sér saman í Raggagarði. Ótal ferðir og verkefni eru ótalin og má lesa nánar um þetta í skýrslum árganganna. 29. maí var í vorverkadagur í skólanum. Dagurinn er samstarfsverkefni Ísafjarðarbæjar og skólans og hluti af grænni viku hjá Ísafjarðarbæ. Árgangar skólans skiptu með sér verkum, sumir gróðursettu plöntur, aðrir tíndu rusl og fegruðu bæinn, það voru settar niður kartöflur og fjörur hreinsaðar.

Tveir leikjadagar voru í vor, annar fyrir 1.-4. bekk og annar fyrir 5.-10. bekk.

Það var sérstaklega skemmtilegur dagur í GÍ þann 6. júní en þá komu tilvonandi fyrstu bekkjar nemendur í heimsókn. Þau unnu skólaverkefni með kennurunum Helgu E. Aðalsteinsdóttur og Jóni Heimi Hreinssyni. Þetta var skemmtilegur hópur og tókum við á móti þeim full tilhlökkunar í haust.

5. júní var útskriftardagur 10. bekkinga. Nemendur voru kvaddir við hátíðlega athöfn. Ræður voru fluttar og viðurkenningar veittar til þeirra nemenda sem skarað höfðu framúr á ýmsum sviðum. Einnig fluttu nemendur í 10. bekk tónlistaratriði.

Eins og fyrr kom fram er tilgangur með ársskýrslu skólans að segja frá því fjölbreytta starfi sem unnið er í Grunnskólanum á Ísafirði. Í innganginum hefur verið stiklað á stóru og nánari upplýsingar er að fá í ýmsum köflum sem hér koma á eftir. Öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum við gerð skýrslunnar eru færðar góðar þakkir.

Ísafirði í júní 2016,

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir

Skólastjóri

2. Ýmsar upplýsingar

Stjórnendur Grunnskólans á Ísafirði 2015-2016

Skólastjóri

Aðstoðarskólastjóri

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir

Jóna Benediktsdóttir

Deildarstjóri unglingastigs

Námsráðgjafi

Húsvörður

Guðbjörg Halla Magnadóttir

Inga Bára Þórðardóttir

Hermann Hákonarson

Nefndir, ráð og teymi skólaárið 2015-2016

Heimasíða

Helga Sigfríður Snorradóttir

Fulltrúar í skólaráði

Guðfinna B. Guðmundsdóttir

Helga E. Aðalsteinsdóttir

María F. Lárusdóttir

Nemendaverndarráð

Jóna Benediktsdóttir aðstoðarskólastjóri

Inga Bára Þórðardóttir námsráðgjafi

Guðbjörg Halla Magnadóttir deildarstjóri

Henný Þrastardóttir skólahjúkr.

Skólahjúkrunarfræðingur

Henný Þrastardóttir

Trúnaðarmenn kennara	Erna Sigrún Jónsdóttir Fríða Rúnarsdóttir (til vara)
Vinnuandateymi	Erna Sigrún Jónsdóttir Fríða Rúnarsdóttir Jón Hálfván Pétursson
Matsteymi	Arna Björk Sæmundsdóttir Berglind Árnadóttir Guðlaugur Valdimarsson Jóna Benediktsdóttir
Foreldrasamstarf	Auður Yngvadóttir Bergljót Halldórsdóttir Guðný Stefanía Stefánsdóttir Helga Björt Möller Jóhanna Ása Einarsson Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir Sóley Veturliðadóttir
Tengsl við nærsamfélagið	Atli Rúnarsson Árný Herbertsdóttir Elín Þóra Friðfinnsdóttir Herdís M. Hubner Jón Heimir Hreinsson Kristín Ólafsdóttir Monica Macintosh
Endurskoðun áætlana	Bryndís Bjarnason María F. Lárusdóttir Sveinfríður Olga Veturliðadóttir
Umhverfisteymi	Árni Ívar Heiðarsson Guðlaug Jónsdóttir Katrín Björnsdóttir Kristín Oddsdóttir Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir
Upplýsingatækni	Guðbjörg Halla Magnadóttir Guðný Harpa Henrysdóttir Helga S. Snorradóttir Magnúsína L. Harðardóttir



Nemendafjöldi skólaárið 2015-2016

Bekkir	Drengir	Stúlkur	Alls
1. KB	10	6	16
1. ML	10	5	15
2. AS	9	10	19
2. ÁH	8	10	18
3. KO	12	11	23
4. JM	18	16	34
5. AY	7	11	18
5. ÁE	3	12	15
6. HS	11	13	24
7. EJ	10	15	26
8. BB	23	23	46
9. HM	18	17	35
10. HK	19	19	38
Alls	158	168	326

Umsjónarkennari
 Katrín Björnsdóttir
 María F. Lárusdóttir
 Arna Björk Sæmundsdóttir
 Árný H. Herbertsdóttir
 Kristín B. Oddsdóttir
 Jón Heimir Hreinsson/
 Magnúsína L. Harðardóttir
 Auður Yngvadóttir
 Jóhanna Ása Einarsdóttir
 Helga S. Snorrardóttir
 Erna Sigrún Jónsdóttir
 Bergljót Halldórsdóttir
 Bryndís Bjarnason
 Herdís Hübner
 Monica Macintosh
 Guðný Harpa Henrysdóttir
 Kristín Ólafsdóttir

Starfsmenn Grunnskólans á Ísafirði skólaárið 2015-2016

Alma Björk Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Arna Björk Sæmundsdóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk
Atli Freyr Rúnarsson	Íþróttakennari
Auður Yngvadóttir	Umsjónarkennari 5. bekk
Álfheiður Elín Bjarnadóttir	Stuðningsfulltrúi
Árni Heiðar Ívarsson	Íþróttakennari
Árný Einarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Árný Hallfríður Herbertsdóttir	Umsjónarkennari 2. bekk
Berglind Árnadóttir	Sérkennari
Bergljót Halldórsdóttir	Umsjónarkennari 8. bekk
Bryndís Bjarnason	Umsjónarkennari 8. bekk
Carolin Ursula Kraus	Bókavörður
Dagný Sif Snæbjörnsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Eggert Rosener Nielsson	Stundakennari
Elín Þóra Friðfinnsdóttir	Grunnskólakennari
Elíasabet Una Jónsdóttir	Aðstoðarmatráður
Elva Jóhanna Jóhannsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Erna Björk Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Erna Sigrún Jónsdóttir	Umsjónarkennari 7. bekk
Fríða Rúnarsdóttir	Grunnskólakennari
Guðbjörg Halla Magnadóttir	Deildarstjóri unglingastígs
Guðbjörg Jónsdóttir	Skólaliði
Guðfinna B. Guðmundsdóttir	Skólaliði
Guðlaug Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Guðlaugur Viðar Valdimarsson	Grunnskólakennari
Guðmundur Grétar Friðriksson	Skólaliði
Guðný Björnsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðný Harpa Henrysdóttir	Umsjónarkennari 10. bekk
Guðný Stefanía Stefánsdóttir	Íþróttakennari
Guðríður Sigurðardóttir	Grunnskólakennari
Helga Björt Möller	Grunnskólakennari
Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir	Grunnskólakennari
Helga Sigfríður Snorradóttir	Umsjónarkennari í 6. bekk
Herdís Magnea Hübner	Umsjónarkennari 9. bekk
Hermann Hákonarson	Húsvörður
Hlíf Guðmundsdóttir	Grunnskólakennari
Inga Bára Þórðardóttir	Námsráðgjafi
Jóhanna Ása Einarsdóttir	Umsjónarkennari í 5. bekk
Jón Hálf dán Pétursson	Íþróttakennari
Jón Heimir Hreinsson	Umsjónarkennari 3. bekk
Jóna Benediktsdóttir	Aðstoðarskólastjóri
Katrín Björnsdóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk
Kolbrún Guðjónsdóttir	Skólaritari

Kristín Berglind Oddsdóttir	Umsjónarkennari 2. bekk
Kristín Ólafsdóttir	Umsjónarkennari 9. bekk
Linda Björk Pétursdóttir	Skólaliði
Magnúsína L. Harðardóttir	Umsjónarkennari 4. bekk
Monica Mackintosh	Umsjónarkennari 8. bekk
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir	Leiðbeinandi
Ragnhildur Inga Sveinsdóttir	Skólaliði
Rannveig Halldórsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Sara Rós Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigríður Ýr Svanbergisdóttir	Skólaliði
Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir	Danskennari
Snorri Gunnlaugur Bogason	Matráður
Sóley Veturliðadóttir	Þroskaþjálfari
Svanfríður Arnórsdóttir	Skólaritari
Sveinfríður Olga Veturliðadóttir	Skólastjóri
Teresa Maria Richter	Skólaliði
Þóra Steinunn Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Fjöldi starfsmanna/stöðugildi

Við skólann starfa 37 kennarar og þar af 3 stjórnendur í samtals 2,5 stöðugildum. Eftir standa 34 kennarar í 29.86 stöðugildum, þar af fjórir leiðbeinendur í rétt um tveimur stöðugildum.

Þess má geta hér að 3 kennarar afsöluðu sér ekki kennsluafslætti við síðustu kjarasamningagerð, af þeim eru tveir með 7 tíma afslátt og einn með tveggja tíma afslátt. Tveir kennarar eru í 49% stöðu og taka lífeyri á móti. Þroskaþjálfari er í 92.8 % starfi og námsráðgjafi í 60% starfi.

Aðrir starfsmenn eru 23. Þar af eru 9 stuðningsfulltrúar í rúmlega sex stöðugildum. Þrír starfsmenn (2,7 stöðugildi) eru í mótuneytinu. Skólaliðarnir eru 6 og hver um sig í fullu starfi sem og húsvörðurinn. Skólaritararnir eru tveir í samtals 0,9 stöðugildi og starfsmennirnir eru tveir á bókasafni skólans í samtals 1,08 stöðugildum. Stöðugildi annars starfsfólks er því samtals 18.9.

Fjöldi kennslustunda

Árið 2015-2016 var Grunnskólanum á Ísafirði úthlutað 818 kennslustund á viku. Kenndar voru 796 kennslustundir en inn í þeirri tölu er gert ráð fyrir 3 kennslustundum í smáskipanám sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða sá um og 8 kennslustundum í Tónlistarskólann. Heimild var til að ráða sérkennara, sem ekki fékkst og skýrir það að hluta þann mun á úthlutuðum kennslustundum og kenndum.

Samstarf heimilis og skóla

Grunnskólastefna Ísafjarðarbæjar hefur það að leiðarljósi að skólastarf sé samvinnuverkefni nemenda foreldra og starfsfólks skólanna. Grunnskólinn á Ísafirði leggur áherslu á að stuðla að virku samstarfi við foreldra. Gefin er út skólahandbók á hverju hausti sem er birt á heimasíðu skólans. Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og allar upplýsingar og fréttir er varða skólastarfið birtast þar. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum um börn sín í Mentor.is. Nemendur í 1.-7. bekk fá heimavinnuáætlanir í hverri viku en á unglingastiginu er oft sendur tölvupóstur til foreldra um heimavinnu.

Á fyrstu vikum skólaársins boða umsjónarkennarar til kynningafunda fyrir foreldra.. Í ágúst var sú nýbreytni að allir nemendur skólans voru boðaðir í viðtal ásamt foreldrum við umsjónarkennara. Í viðtalinu var farið yfir markmið sem nemendur settu sér fyrir vetrarstarfið. Tveir aðrir viðtalsdagar voru á árinu, í nóvember og febrúar. Jafnframt voru foreldrar boðnir í skólann á skemmtanir. Foreldrum og aðstandendum er einnig boðið á sérstakar árshátíðarsýningar.

Kynningarfundur var haldinn í lok maí fyrir nemendur og foreldra í 9. bekk um væntanlegt starf næsta vetrar. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara barna sinna í skólann, símleiðis eða með tölvupósti og skólinn gerir slíkt hið sama. Gott samstarf hefur einnig verið við stjórn foreldrafélags og foreldraráðs.

Skýrsla foreldrafélags veturinn 2015-2016

Foreldrafélag Grunnskólans á Ísafirði hefur verið starfrækt í mörg ár. Þeir sem standa því að baki eru foreldrar og forráðamenn nemenda við Grunnskólann á Ísafirði.

Aðalfundur Foreldrafélags Grunnskólans á Ísafirði (hér eftir nefnt FFGÍ) fór fram þann 23. febrúar 2015 og tók þá núverandi stjórn við. Hún er skipuð af Gísla E. Úlfarssyni, Hörpu Lind Kristjánsdóttur gjaldkera, Línu Björgu Tryggvadóttur formanni, Sif Huld Albertsdóttur ritara og Sigurbirni Inga Magnússyni. Varamenn eru Árni Ingason og Kolbrún Fjóra Arnarsdóttir. Áætlað er að halda aðalfund í byrjun september 2016 og verður þá ný stjórn kosin.

Stjórn FFGÍ hittist nokkrum sinnum í vetur og bjó nefndin svo vel að þrír nefndarmenn vinna í sömu byggingu og því hægt að fjalla á auðvedan hátt um hugmyndir og áherslur. Ýmis mál komu inn á borð stjórnar og stjórnin stóð fyrir ýmsum viðburðum. Verður hér tæpt á þeim helstu.

FFGÍ stóð fyrir jólaföndri í sal skólans í desember 2015. Þar komu saman börn, foreldrar og ættingjar og fönnduðu saman, drukku kakó og borðuðu piparkökur. Góð mæting var í jólaföndrið þó að veðurguðirnir væru ekki hliðhollir og erfið færð væri í bænum. Jólaföndur er haldið annað hvert ár og verður því ekki boðið upp á föndur jólin 2016.

Fulltrúar foreldra sátu fjóra af fimm fundum skólaráðs í vetur. Á fundunum voru rædd ýmis mál sem viðkoma skólastarfinu, umgjörð og aðbúnaði. Kynntar voru starfs- og rekstraráætlanir og skóladagatal næsta skólaárs. Námsmat, skólanámsskrá, heimanámsstefna og viðbragðsáætlun gegn einelti sem unnið hefur verið að í GÍ í vetur var einnig kynnt. Fulltrúar foreldra höfðu hér möguleika á að koma með athugasemdir og ábendingar. Einnig var rætt um vinaliðaverkefni, mötuneyti, foreldrasamstarf og margt fleira. Á fyrsta fundi nýs árs var einnig gengið um skólann og hugað að aðbúnaði, öryggi og velferð nemanda skólans. Foreldrar eiga tvo fulltrúa í skólaráði og sitja þeir einnig í stjórn foreldrafélagsins, en skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald.

FFGÍ fékk spurnir af því að bókasafn GÍ vantaði fleiri bækur fyrir börn á öllum aldri. FFGÍ leitaði til Pennans Eymundssonar og gáfu þeir 20% afslátt af bókum sem foreldrar gátu keypt og gefið bókasafninu. Við þetta áttak söfnuðust 19 bækur og þakkar foreldrafélagið eindregið þann stuðning sem Penninn Eymundsson veitti skólanum með þessu og þeim foreldrum sem keyptu bækur.

Grunnskólinn á Ísafirði, Menntaskóli Ísafjarðar, Foreldrafélag Menntaskólans og FFGÍ stóðu að því í apríl 2016 að fá fyrirlestur er fjallaði um helstu einkenni tölvufíknar og hverjir séu í áhættuhópi að þróa með sér slíka fíkn. Fyrirlesturinn hefði mátt vera betur sóttur af foreldrum en þó kom þónokkur fjöldi á fundinn.

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar óskaði eftir því að tveir fulltrúar stjórnar foreldrafélagsins mættu á fund nefndarinnar fimmtudaginn 17. mars og varð stjórn við því. Hefð hefur verið fyrir því að foreldrafélagið hafi áheyrnarfulltrúa á fundum fræðslunefndar og er næsta verk stjórnar að skipa í þá stöðu. Kom fram á þeim fundi að pottur sé brotinn í tengslum skóla og foreldra á Ísafirði og rík þörf sé á að koma á betri tenginu. Í kjölfar þessa fundar sendi FFGÍ frá sér bréf til stjórnenda skólans þar sem tekið var fram að FFGÍ bæði fram aðstoð sína við að efla tenginu á milli kennara og foreldra skólans.

FFGÍ stóð ásamt Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Félagsmiðstöð GÍ að því að fá Kynlífsfræðinginn Siggú Dögg til að vera með kynlífsfræðslu. Var hún með fyrirlestra fyrir nemendur í eldri bekkjum ásamt því að haldinn var fyrirlestur fyrir foreldra og var hann ágætlega sóttur.

FFGÍ kallaði til fundar með tengiliðum bekkja foreldra GÍ í kjölfar fundar er læsisráðgjafar frá Menntamálastofnun boðuð til. Því miður sáu fáir tengiliðir sér fært að mæta og var ákveðið á þeim fundi að stofna Fésbókarsíðu þar sem allir tengiliðir bekkjanna yrðu tengdir inn. Er sú síða stofnuð og á hún að nýtast til að geyma upplýsingar fyrir tengiliði, hvert þeirra hlutverk er, hugmyndabanka fyrir bekkjaviðburði og nýta sem samskiptasíðu tengiliða.

Miðvikudaginn 1. júní var haldinn vorfagnaður. Þar bauð FFGÍ öllum börnum og foreldum upp á grillaðar pylsur í yndislegu veðri. Tengiliðir bekkjanna aðstoðuðu við uppsetningu og utanumhald ásamt því að bjóða upp á andlitsmálningu og leiki fyrir börnin. Var þessi vorhátíð einstaklega vel heppnuð og er áætlaður fjöldi þeirra sem komu um 150 manns. Foreldrafélagið leggur til að slík hátíð verði haldin alla veganna einu sinni á ári til að efla tengsl foreldra, barna við skólann.

Að lokum má geta þess að styrkir vegna bekkjarviðburða hafa verið veittir í allnokkurn tíma. Hver bekkur getur sótt um styrk að upphæð 5.000 kr. tvisvar sinnum á skólaári. Þó nokkrir bekkir héldu skemmtanir en ennþá er alltaf nokkuð um að þessir styrkir séu ekki nýttir.

Það er okkur öllum mikilvægt sem eigum börn í grunnskóla að við skólann sé starfandi foreldrafélag. Foreldrar eru auðvitað misvirkir í þátttöku sinni í félaginu. Sumir viðburðir eru vel sóttir á meðan aðrir eru það ekki. Mikilvægt er að skapa jákvætt aðgengi foreldra að skólanum. Sýna foreldrum fram á það hve mikilvæg þeirra þátttaka er fyrir skólann og börnin. Þessi tengsl á milli skóla og foreldra þarf að rækta á jákvæðan og uppbyggjandi hátt. Starf skólans hefur verið mjög gott og hafa foreldrar fengið að njóta þess að koma með barnið á viðburði sem haldnir eru í skólanum. Mikilvægt er að efla þá upplifun þannig að foreldrar sjái að börn þeirra fái góða menntun og líði almennt mjög vel í skólanum eins og

kom fram í könnun Skólapúlsins. Stjórn FFGÍ hefur undanfarin ár sýnt mikinn metnað til að vinna að því að koma á jákvæðum tengslum á milli foreldra og skóla ásamt stjórnendum GÍ og mun það verk halda áfram.

Lína Björg Tryggvadóttir, formaður foreldrafélags Grunnskólans á Ísafirði

3. Skýrslur umsjónarkennara 1.-7. bekkja

1. bekkur



Nemendur árgangsins voru 31. Nemendur skiptust þannig í lok skólaársins: 16 í 1-KB og 15 í 1-ML. Katrín Björnsdóttir var með 1-KB og María Lárusdóttir með 1-ML.

Kennt var í stofum 107 og 108. Aðrir kennarar voru: Guðný Stefanía Stefánsdóttir sem sá um sund. Árni Heiðar Ívarsson sá um íþróttir og útivist. Eva Friðbjófsdóttir sá um heimilisfræðikennslu og dans kennslu. María Lárusdóttir kenndi tæknimennt, Katrín Björnsdóttir sá um textílmennt þessi fög voru innan Hringekjunnar.

Í árganginum var Sara Rós Sigurðardóttir stuðningsfulltrúi í 1. KB en Dagný Sif Snæbjarnardóttir var stuðningsfulltrúi í 1. ML.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, myndmennt, lífsleikni), íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, Hringekja (heimilisfræði 1 stund, tæknimennt 1 stund textílmennt .Nemendum skipt í 3 hópa og kennsluárinu skipt í þrjá hluta.) og dans 1 stund.

Í skólanum er kennt samkvæmt Byrjendalæsi og eru ákveðin fög kennd innan hennar. Þau fög skarstast mikið og engin formleg stundatafla. Grunnskólinn á Ísafirði tók þátt í þróunarverkefni veturinn 2013-2014 á vegum HA sem nefnist Byrjendalæsi og nú var unnið eftir þeirri hugmyndafræði. Lestrarkennsluaðferðin Byrjendalæsi hefur verið þróuð á vegum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Hér er um samvirka kennsluaðferð að ræða sem ætluð er til lestrarkennslu barna í 1. og 2. bekk. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Íslenska

Í 1. bekk er aðaláherslan í íslensku á að kenna bókstafi og lestur. Vinnan í lestarkennslunni var mjög fjölbreytt og voru tveir bókstafir lagðir inn í hverri viku. Nemendur fengu að spreyta sig á mörgum og ólíkum verkefnum sem áttu að stuðla að færni og skilningi þegar kom að lestri og ekki hvað síst að því að hafa ánægju af því að lesa. Áhersla á heimalestur var mikil og unnu nemendur einnig hljóðsögu heima í tengslum við stafi vikunnar.

Læsi, lesskimunarpróf voru lögð fyrir í nóvember, febrúar og apríl og voru niðurstöðurnar sendir til HA þar sem lesið var úr og skólinn fékk samanburð á stöðu sinni og annarra skóla sem voru þátttakendur í Byrjendalæsi. Nemendur tóku síðan hraðlestrarpróf í febrúar og maí og stefnt var að því að nemendur næðu að lesa 50 atkv/mín að vori einnig var lesskilningspróf lagt fyrir að vori.

Í skrift var lögð áhersla á að nemendur héldu rétt á skriffæri og drægju rétt til stafs. Nemendur unnu skriftaræfingar, bæði frjálst og eftir forskrift, í tengslum við stafi vikunnar auk fjölda annarra skriftarverkefna.

Stærðfræði

Undirstöðuhugtök stærðfræðinnar voru áhersluatriðin í 1. bekk. Áhersla var lögð á að nemendur ynnu með og þekktu tölur frá 0 og upp í 100, plús, mínus, talnaröð, talnalestur, talnalínu og talnaskilning svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fengu einnig þjálfun í að ræða og rökstyðja svör sín og niðurstöður og voru fjölbreytt verkefni unnin í þeim tilgangi.

Hlutbundin vinna var mikil í tengslum við alla vinnu og notuðu nemendur t.a.m. kubba og talnagrindur þegar unnið var að úrlausnum.

Nemendur tóku lokapróf í stærðfræði sem var lagt fyrir í maí.

Samfélags- og náttúrufræði

Í skólabyrjun var nemendum kynnt nánasta umhverfi skólans. Mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélags var einnig tekið fyrir og það að tilheyra hópi. Í tengslum við þetta var farið í gönguferðir um skólann og nánasta umhverfi hans. Fjallangan sem átti að vera í Stóruð var frestað því þar var verið að vinna.

Undir vorið var svo þemaverkefni um fiska á dagskrá og í framhaldi af því var farið í heimsókn í fiskvinnsluna Íslandssögu og Klofning á Suðureyri.

Undir vorið bárust börnunum svo nytsamlegar gjafir frá Kiwanisklúbbnum Básum sem færði öllum nemendum í 1. bekk hjólahjálma og buff.

Lífsleikni

Verkefni samkvæmt Uppbyggingarstefnu og Olweusaráætlun voru unnin. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir öðrum og sjálfum sér.

Kynnt var fyrir nemendum áhersluatriðin í Uppbyggingarstefnunni, og bekkjarsáttmáli gerður. Einnig var farið vel í hlutverk nemenda og kennara.

Farið var í fyrstu 2 kafla í Vinir Zippýs, þar sem nemendur æfðu sig í að segja frá líðan sinni og hlusta á aðra.

Kennd var litahegðun, þar eru litir tengdir við ákveðna hegðun og unnir út frá því. T.d. er rauð hegðun neikvæð en græn eftirsóknarverð. Þarna er persónan tekin út og bara horft á hegðun.

Á bókasafni fengu nemendur fræðslu um umgengni við bækur auk þess sem bækur voru fengnar til þess að hafa í bekkjarstofum. Bókasafnsfræðingurinn okkar, Rannveig Halldórsdóttir, sá um höfundakynningu og kynnti og las upp úr bókum Áslaugar Jónsdóttur. Við áttum góð samskipti við Bæjarbókasafnið og fórum í 2-3 heimsóknir, yfir veturinn.

Tónmennt

Nemendur lærðu ýmis sönglög og þjálfuðust í að syngja þau saman. Á árshátíðinni voru svo tvö lög sungin sem komu frá Gahna.

Hringekja, myndmennt, handmennt og tæknimennt (gleymdist að setja þá í upplýsingatækni).

Áhersla var lögð á að þjálfa hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mjög mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Útivist

Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í þrjá hópa í sundinu. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Námsgögn

Íslenska: Ýmis gæðatexti úr barnabókum lagðir til grundvallar í lestrarnámi. Lestrarbókin Við lesum A og vinnubók. Léttlestrarbækur af skólavef og ýmsar lestrarbækur við hæfi nemenda. Ýmis fjölbreytt verkefni búin til að kennurum, í anda Byrjendalæsi.

Skrift 1 og Lestrarlandið A+ og B+. Einnig fengu nemendur ljósritað hefti leikur að orðum sem var svona auka bók.

Stærðfærði: Sproti 1a,1b og 2a, nemenda- og æfingabækur.

Samfélags- og náttúrufræði: Komdu og skoðaðu umhverfið. Efni búið til af kennurum: Fiskapema og tilraunabók aðeins farið í veðurfar en við höldum áfram með það á næsta ári

Lífsleikni: Vinir Zippýs.

Námsmat

Íslenska: Læsi – lesskimun var lagt fyrir í nóvember, febrúar og maí. Niðurstöður úr þessum prófum voru sendar til HA þar sem lesið var úr þeim og fengum við til baka niðurstöður og samanburð við aðra skóla sem taka þátt í Byrjendalæsi.

Hraðlestrarpróf í feb. og maí. Lesskilningspróf og skriftarpróf voru lögð fyrir í maí ásamt stærðfræðiprófi.

Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var ekkert formlegt námsmat en umsagnir eru luttu að virðingu, samhug, menntun og ábyrgð, voru gefnar í febrúar í flestum námsgreinum en í maí var bara gefið fyrir hæfni og hætt að gefa fyrir virðing, samhugur, menntun og ábyrgð.

Viðburðir og vettvangsferðir

Í upphafi skólaársins var farið í vettvangsferðir um skólann og nágrenni hans. Fjallganga í Stór-urð var ekki vegna þess að það var verið að vinna þar uppfrá.

Nemendur tóku þátt í norræna skólahlaupinu í september. Hjúkrunarfræðingur kom í bekkina og var með fræðslu fyrir nemendur.

3. september fórum við á tónleika Tónlist fyrir alla í Hömrum.

22. október var brúðuleikhús í Edinborgarhúsinu fyrir 1.bekk og leikskólabörn.

26. október kom Sinfóníuhljómsveit Íslands og spilaði í Íþróttahúsinu Torfnesi.

Í október var haldið foreldranámskeið með foreldrum nemenda í 1. bekk. Á námskeiðinu var lögð áhersla á að kynna fyrir foreldrum þær aðferðir sem notaðar eru við lestrarkennslu og þau meginatriði sem unnið er eftir í uppbyggingarstefnunni ásamt litahegðun. Námskeiðið var einu sinni í viku í tvær vikur.

Foreldraviðtöl voru í upphafi skólaársins, 11. nóv. þar sem nemendur fengu umsögn sem byggði á því hvernig þeir höfðu staðið sig í vinnu með lykilþættina virðing, samhugur, menntun og ábyrgð. 17. feb. þar sem nemendur fengu umsögn eftir haustönnuna. Í lok skólaársins 3. júní þar sem nemendur fengu umsögn vorsins.

Í byrjun 4. nóvember þáðum við boð leikskólanna Eyraskjól og Sólborgar um að koma í heimsókn. Leikskólabörnin komu svo tvisvar sinnum í skólann fyrst í skoðunarferð og svo í kennslustund með 1. bekkungum og kennarar GÍ sáu um verkefni.

5-6 nóvember voru þemadagar.

Tvær bekkjarskemmtanir voru haldnar. Á þeirri fyrri var einnig dótadagur. Sú ákvörðun vakti mikla gleði og allir undu sér vel á skemmtuninni þar sem ýmislegt var í boði. Seinni bekkjarskemmtunin var haldin eftir sýningu árshátíðaratriðis og var mjög vel heppnuð.

1. bekkur hitti vinabekkin sinn á aðventunni og þar var spilað og sungin nokkur lög.

Samsöngur var á miðvikudögum hjá yngsta stiginu í skólanum en svo var ákveðið að hætta með hann og tókum við nokkur lög og ljóð eftir það í skólastofunni.

18. des voru Litlu jólin. Í lok þess dags héldu allir glaðir og sáttir í jólafríð.

Marsmánuður var að mestu leiti helgaður árshátíðarundirbúningi. Árshátíð skólans var síðan haldin með pompi og prakt og var yfirskriftin að þessu sinni Sjónvarp í 50 ár. Nemendur 1. bekkjar fluttu tvo söngva frá Gahna og Kenya.

Á bolludag var maskaball og mættu ýmsar furðuverur í skólann. Mikill metnaður var lagður í búningana.

Páskaleyfi var 18. mars – 29. mars.

27. apríl kom lögreglan í heimsókn og var það í tengslum við bókina Valdi og Vaskur. Þeir kynntu starfið sitt.

Þann 26. maí tóku nemendur þátt í Vorverkadeginum. Þá unnu 1. bekkingar með 8. bekk og settu niður kartöflur og grænmeti í garði tónlistarskólans, umhverfi skólans var hreinsað og farið í leiki í Austurvelli.

Leikjadagur 1.-3. bekkjar var haldinn 31. maí og tókst mjög vel.

Afhending vitnisburðar og foreldraviðtöl voru svo þann 3. júní.

Skólastarf vetrarins hjá 1. bekk gekk í heildina litið vel og samvinna kennara var mjög góð.

Katrín Björnsdóttir og María Lárusdóttir

2. bekkur



Nemendur árgangsins voru 37 í vetur. Umsjónarkennarar voru Arna B. Sæmundsdóttir og Árný H. Herbertsdóttir. Sérkennari seinni hluta vetrarins var Helga Aðalsteinsdóttir og tók hún fjóra nemendur í stærðfræði inn til sín og 3 nemendur í lestur. Auk þess tók Sóley Veturliðadóttir tvo nemendur til sín 1 tíma á viku í frekari þjálfun.

Kennarar árgangsins

Árný Herbertsd. - myndmennt

Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði

Arna Björk Sæmundsdóttir – tæknimennt/smíði

Fríða Rúnarsdóttir – textílmennnt/saumar

Árni Heiðar Ívarsson – íþróttir

Atli Freyr Rúnarsson – sund og útivist

Jón Hálfðán Pétursson - útivist

Aðra kennslu árgangsins sáu umsjónarkennarar um.

Eftirtalin fög voru kennd: Byrjendalæsi-íslenska/samfélagsfr./náttúrufr. 12 stundir á viku, stærðfræði 6, lífsleikni 1, íþróttir 2 og sund 1. Textílmennnt, myndmennt, heimilisfræði, upplýsingatækni og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tíma á viku í 9 vikur hvert fag.

Kennsluhættir

Umsjónarstofur árgangsins voru stofa nr. 216 og 217.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 2A og 2B nemendabók og æfingahefti, Pals félagastærðfræði og nokkrir nemendur unnu Í undirdjúpunum.

Námstilhögun: Hvorum bekk kennt fyrir sig og sérkennsla einu sinni í viku fyrir fjóra nemendur.

Námsmat: Kannanir eftir hvern námsþátt og annapróf.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur ýmist valdar af kennurum eða nemendum.

Skriftarbækur; Ítalíuskript 2A, 2B, Skrift 2 (heimanám). Ýmsar vinnubækur s.s. Ljósritað íslenskuæfingahefti ásamt Ritrún 1.

Námstilhögun: Unnið var samkvæmt byrjendalæsi þar sem íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt og því mismunandi námsefni. Kennarar unnu auk þessa æfingaverkefni með áherslu á skrift, lestur, lesskilning og stafsetningu. Stafirnir rifjaðir upp með ákveðinni vinnu og bókin Lubbi finnur málbein notuð í þeirri vinnu.

Mikil áhersla var á lesturinn og nemendur látnir lesa fyrir kennara 2-3 skipti í viku. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu.

Heimanám hófst í febrúar skv. nýrri heimanámsstefnu skólans, ásamt heimalestri allan veturinn sem mikil áhersla var lögð á.

Námsmat: Prófað var í lesskilngi og skrift á báðum önnum og vinnubók í íslensku metin til einkunnar. Sex hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn. Markmið að vori voru 110 lesin atkvæði á mínútu. Á haustönn var gefið fyrir lykilhæfni í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði undir heitinu byrjendalæsi. Á vorönn var einungis gefið fyrir hæfni.

Náttúrufræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu líkamann, Komdu og skoðaðu fjöllin og Könguló.

Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu land og þjóð, Ísland áður fyrr - fjölskyldan og – heimilið.

Námstilhögun: Bækurnar unnar með byrjendalæsisstilhögun, kennsluáætlanir unnar og ýmis verkefni unnin samkvæmt þeim.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Upplýsingatækni

Kennt var í tölvuveri skólans.

Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, unnið í fingrafími. Nemendur unnu samkvæmt aðferðinni skrifað til læsis og var farið yfir stafina og sögur skrifaðar í Word ritvinnsluforritinu. Námsleikir nýttir í íslensku og stærðfræði (norska síðan með Sprota) og nemedur fengu að fara inn á leikjasíður.

Námsmat: Tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Myndmennt

Kennt í stofu 116.

Nemendur unnu ýmis myndverk og notuðu margvíslegt efni. Unnið var með vatnslitum, þekjulitum, klippimyndir gerðar, myndir úr formum, dúkkulísur og ýmislegt fleira.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin og tilfinningabílinn kynntur og nýttur til að útskýra sjálfstjórn. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli sem allir gátu sætt sig við og skrifað undir.

Nokkrir bekkjarfundir voru haldnir þar sem rædd voru líðan og samskipti í skólanum.

Viðburðir og vettvangsferðir

2. september Fjallganga – Gengið upp á Hafrafell

8. september 9. bekkur kom í heimsókn, spilað og lesið

2. nóvember Heimsókn í Bókasafn Ísafjarðar

1. desember Opinn dagur

- 9. desember Aðventustund með 9. Bekk
- 15. desember Heimsókn í Safnahúsið (Gamla sjúkrahúsið) – Grýla og hyski hennar
- 30. janúar Sólarkaffi
- 25. – 26. mars Árshátíð skólans – nemendur sýndu stutta þætti úr teiknimyndum sjónvarpsins
- 25. apríl. Brúðuleikhús – fræðsla um birtingamyndir ofbeldis
- 25. maí Heimsókn á Bæjarbókasafnið
- 26. maí Vorverkadagur skólans, nemendur týndu rusl á bókasafnstúninu og hjá Henry í Fjarðarstrætinu
- 30. maí. Heimsókn á Melrakkasetrið og Raggagarð í Súðavík, ásamt 9. Bekk
- 31. maí Leikjadagur yngsta stigsins, fjórar leikjastöðvar í og við Jónsgarð
- 1. júní Hjólaferð í Tunguskóg

Arna Sæmundsdóttir og Árný H. Herbertsdóttir

3. bekkur



Nemendur árgangsins voru 23 í vetur. Umsjónarkennari var Kristín Berglind Oddsdóttir og Hlíf Guðmundsdóttir var annar kennari árgangsins. Sérkennari árgangsins seinni hluta vetrar var Helga E. Aðalsteinsdóttir og tók hún nokkra nemendur og hélt utan um ýmsa íslensku vinnu hjá þeim.

Kennarar árgangsins

Kristín Berglind Oddsdóttir - myndmennt
 Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði
 Jón Heimir Hreinsson – tæknimennt/smíði
 Friða Rúnarsdóttir – textílmennt
 Guðný Stefanía Stefánsdóttir - íþróttir
 Árni Heiðar Ívarsson – útivist
 Atli Freyr Rúnarsson – sund- íþróttir
 Sigurrós Eva Friðbjófsdóttir – dans
 Aðra kennslu árgangsins sáu Kristín og Hlíf um.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt í 14 stundir á viku, stærðfræði 5, lífsleikni 2, íþróttir 2, útivist 1, sund 1 og dans 1 tíma. Textílmennt, myndmennt, heimilisfræði og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 2 tíma á viku hálfan veturinn í hverri grein.

Kennsluhættir

Umsjónarstofa árgangsins var nr 111 og höfðum við afnot af stofu 112 ásamt heimilisfræðistofunni. Aukastofurnar voru nýttar til að taka út nemendur í stærri og minni hópum.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 3A og 3B nemendabók og æfingahefti, Í undirdjúpum, ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum. Seinni hluta vetrar voru flestir nemendur sem tóku þátt í Pals-stærðfræði, farið var í samlagningu og frádrátt.

Námstillhögun: Kennt í 2 misstórum hópum í tveimur stofum.

Námsmat: Kannanir eftir flesta námsþætti og annapróf.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur ýmist valdar af kennurum eða nemendum.

Skriftarbækur; Ítalíuskraft 2A, 2B, 3A og 3B ásamt Skrift 3 og 4. Ýmsar vinnubækur s.s. Lestrarland 1 og 2 ásamt Ritrún 1 og 2.

Námstillhögun: Unnið var samkvæmt byrjendalæsi þar sem íslenska, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt og því mismunandi námsefni. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu. Mikil áhersla lögð á frjálsan lestur, þar sem nemendur völdu sér sjálfir lestrarbækur. Flestir dagar hófust með hljóðlestri og síðan skipulagðri íslenskuvinnu. Nemendur tóku þátt í lestrarátaki skólans 24. Nóv.-4. des., ásamt lestrarátaki Ævars vísendamanns í byrjun árs. Áhersla var lögð á að hver og einn læsi upphátt í skólanum á hverjum degi og fengum við góða aðstoð frá skólaliða.

Heimanám var seinna hluta vetrar skv. heimanámsstefnu skólans, ásamt heimalestri allan veturinn.

Námsmat: Prófað var í lesskilngi (Orðarún) og skrift á báðum öðrum. Sex hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn. Markmið að vori voru 180 lesin atkvæði á mínútu. Á haustönn var gefið fyrir lykilhæfni í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði undir heitinu byrjendalæsi. Á vorönn var einungis gefið fyrir hæfni.

Íþróttir

Tveir kennarar sáu um kennsluna. Nemendur voru í útileikfimi í september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Eftir að inn var komið var unnið áfram með þol og svo allskonar leiki, boltaleiki og fimleika. Nemendur bjuggu til sinn eigin leik sem var notaður nokkrum sinnum

Samfélagsfræði

Námsgögn: Landnám Íslands, þjóðsögur, örnefni í Skutulsfirði, korta-vinna (Skutulsfjörður og Kortabók), Í sveitinni með Æsu og Gauta.

Námstillhögun: Samþætt byrjendalæsi.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Náttúrufræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu himingeiminn, Vísindabækur Villa (tilraunir) , Komdu og skoðaðu hringrásir.

Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli sem allir gátu sætt sig við. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni. Haldnir voru reglulegir bekkjarfundir og einnig ef eitthvað kom upp á. Einu sinni í viku unnu nemendur verkefni í „Gleðibókin mín“ þar sem unnið var markvisst ýmsa þætti sem snúa inn á við, s.s. styrkleikar, þegar ég verð stór vil ég vera....., hvernig vinur vil ég vera og þess háttar. Áfram var lögð áhersla á Litahegðun, þar sem hver hegðun hefur ákveðin lit en ekki einblýnt á nemandann, ef honum hefur mistekist.

Viðburðir og vettvangsferðir

1. sept: Fjallganga á Hnífa.
3. sept: Tónlist fyrir alla.
9. sept: Norræna skólahlaupið.
26. okt: Tóneikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
- 5.- 6. nóv: Þemadagar.
12. nóv: Heimsókn á Bæjarbókasafnið.
20. nóv: Fræðsla frá foreldri um ásatrú.
30. nóv: Heimsókn frá slökkviliðinu.
14. des: Jólasýning á Safnahúsi.
25. – 26. mars Árshátíð skólans – nemendur.
19. apríl: Nemendur buðu foreldrum á sýningu um vísindatilraunir.
26. apríl: Fræðsla og brúðuleikhús frá Blátt áfram.
24. maí: Sveitaferð að Ytri-Hjarðardal í Önundarfirði
26. maí: Vorverkadagur skólans, nemendur sáðu fræjum í miðbænum og við Safnahúsið.
30. maí: Heimsókn á Bæjarbókasafnið.
31. maí: Leikjadagur í Neðsta kaupstað og heimsókn á Byggðasafnið.
1. júní: Heimsókn á Slökkvistöðina.

Kristín Berglind Oddsdóttir og Hlíf Guðmundsdóttir

4. bekkur



Nemendur árgangsins voru 35 í upphafi vetrar en fækkaði fljótlega í 34. Umsjónarkennarar voru Jón Heimir Hreinsson og Magnúsína Laufey Harðardóttir. Sérkennari árgangsins seinni hluta vetrar var Helga E. Aðalsteinsdóttir og vann hún með nokkra nemendur að mismunandi verkefnum bæði í stærðfræði og íslensku. Auk þess tók Sóley Veturliðadóttir tvo nemendur til sín 3 – 4 í viku í þjálfun allan veturinn og einn nemanda í félagsfærni undir vorið.

Kennarar árgangsins

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir - myndmennt

Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði

Jón Heimir Hreinsson – tæknimennt/smíði

Fríða Rúnarsdóttir – textílmennnt/saumar

Jón Hálfaldán Pétursson - íþróttir

Árni Heiðar Ívarsson – sund

Árni Heiðar Ívarsson og Jón Heimir/Magnúsína – útivist

Aðra kennslu árgangsins sáu umsjónarkennarar um.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska, lífsleikni, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt í 14 stundir á viku, stærðfræði 5, enska 2, útivist 1, upplýsingatækni 1, dans 1, íþróttir 2 og sund 1. Textílmennnt, myndmennt, heimilisfræði og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tíma á viku fjórðung af vetri í hverri grein.

Kennsluhættir

Umsjónarstofa árgangsins var sameinuð stofa nr. 109 og 110. Auk þess höfðum við stofu 115 stundum fyrir minni hópa.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 4A og 4B nemendabók og æfingahefti, Stefnum á margföldun og Stefnum á deilingu sem voru fjölfaldaðar eftir þörfum. Ljósritað efni frá kennurum. Seinni hluta vetrar unnum við Pals stærðfræði 2 í viku, þar unnum við með samlagningu, frádrátt, almenn brot, margföldun og orðadæmi.

Námstilhögun: Ýmist var allur hópurinn saman eða í 2 eða 3 hópum.

Námsmat: Í september þreyttu nemendur samræmd próf. Kannanir eftir flesta námsþætti og annapróf.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur ýmist valdar af kennurum eða nemendum.

Skriftarbækur; Ítalíuskript 2A, 2B, 3A, 3B og 4A. Ýmsar vinnubækur, Lesrún ásamt Ritrún 2 og 3, Tvistur, ásamt ljósrituðu efni frá kennurum. Ljóðin Ólafur liljurós og Hver á sér fergra föðurland.

Námstilhögun: Unnið var að mestu samkvæmt byrjendalæsi þar sem íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni voru samþætt og því mismunandi námsefni. Mikil áhersla lögð á frjálsan lestur, þar sem nemendur völdu sér sjálfir lestrarbækur. Þrisvar í viku var hljóðlestur. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu. Hópurinn kom illa út úr samræmdu prófunum og fékk íslenskan því meiri tíma í stundaskránni.

Námsmat: Í september þreyttu nemendur samræmd próf. Prófað var í lesskilningi (Orðarún) og skrift á báðum öðrum. Á vorönn var einnig prófað í stafsetningu, ritun og framsögn. Sex hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn. Markmið að vori voru 210 lesin atkvæði á mínútu. Á haustönn var gefið fyrir lykilhæfni og hæfni í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði undir heitinu byrjendalæsi. Á vorönn var einungis gefið fyrir hæfni.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu sögu mannkyns, Góða ferð.

Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Náttúrufræði

Námsgögn: Náttúran allan ársins hring, dýrabækur af bókasafni, ljóðið „Hve margt er það líf“.

Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Enska

Námsefni: Right on, Adventure island of english words (myndaspjöld), Speak out og Work out.

Námsmat: Gefið fyrir lykilhæfni á haustönn, ekkert formlegt námsmat á vorönn.

Upplýsingatækni

Kennt var í tölvuveri og á bókasafni.

Á bókasafni unnu nemendur í vinnubók með orðabók barnanna. Í tölvum fengu nemendur þjálfun í fingrasetningu, á ritvinnsluforrit auk annarra forrita. Stundum var upplýsingatæknin samþætt við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist til verkefnagerða í öðrum námsgreinum.

Námsmat: Gefið fyrir lykilhæfni á haustönn, ekkert formlegt námsmat á vorönn.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin og lífsgildin. Bekkjarsáttmáli frá fyrra ári gildi áfram. Haldnir voru bekkjarfundir eftir þörfum, allir saman eða í 2 hópum. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.

Útivist

Útivist var 1 kennslustund á viku allan veturinn. Farið var í gönguferðir, leiki, hjólaferð, sleðaferð, fjöruferð. Einnig voru stundum verkefni samþætt þeirri vinnu sem í gangi var ef við átti.

Tæknimennt

Tæknimennt var kennd 4 kennslustundir á viku í sirka 9 vikur (4 hópar). Smíðað var dúkkurúm undir bangsa sem saumaður var í textílmenn. Síðan var söguð út mynd af eigin vali, hún máluð og límd á platta, upphleypt. Aukaverkefni í boði eftir þörfum.

Enska

2 kennslustundir á viku

Kennarar: Jón Heimir Hreinsson og Magnúsína Harðardóttir

Námsefni: Right on, Adventure Island of English Words (myndaspjöld), Speak Out og Work Out.

Námsmat: Gefið fyrir lykilhæfni á haustönn, ekkert formlegt námsmat á vorönn

Viðburðir og vettvangsferðir

- 1. september Fjallganga – Gengið upp í Naustahvilt
- 25. september Próflokapartý
- 16. nóvember Setning stóru og litlu upplestrarkeppnanna
- 17. nóvember Stuttmyndin fellum grímuna sýnd
- 1. desember Opinn dagur
- 15. desember Heimsókn á lögreglustöðina
- 16. desember Heimsókn í Safnahúsið (Gamla sjúkrahúsið) – Grýla og hyski hennar
- 16. desember 10. bekkur kom með umferðarfræðslu til okkar
- 17. desember Trommutónleikar í Hömrum
- 24. febrúar Sleðaferð
- 16. – 17. mars Árshátíð skólans – nemendur sýndu leikritið Hjá ömmu og afa
- 18. mars Bekkjarskemmtun
- 27. apríl Litla upplestrarkeppnin
- 25. maí Heimsókn á Bæjarbókasafnið
- 27. maí Danssýning
- 1. júní Hjólaferð í Tunguskóg

Jón Heimir Hreinsson og Magnúsína Laufey Harðardóttir

.

5. bekkur



Nemendur árgangsins voru 33 í vetur. Kennt var í tveimur hópum, 18 nemendur í öðrum og 15 í hinum. Umsjónarkennarar voru Auður Yngvadóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir. Tveir nemendur í hópunum voru með stuðningsfulltrúa. Sérkennari árgangsins var Berglind Árnadóttir og tók hún 4 nemendur inn í námsver og hélt utan um lestur hjá þeim. Auk þess tók Sóley Veturliðadóttir einn nemanda til sín 5 tíma á viku í frekari þjálfun og Eva Friðþjófsdóttir tók einn nemanda til sín 1 sinni í viku. Sóley Veturliðadóttir tók einnig einn nemanda til sín í 1 tíma á viku.

Kennarar árgangsins

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir - myndmennt

Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði

Friða Rúnarsdóttir – textílmennnt/saumar og enska

Monica Mackintosh – enska

Guðný Stefanía Stefánsdóttir - náttúrufræði

Árni Heiðar Ívarsson – íþróttir

Atli Freyr Rúnarsson – íþróttir

Jón Hálfván Pétursson – sund

Guðný Harpa Henrýsdóttir - leiklist

Aðra kennslu árgangsins sáu umsjónarkennarar um.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 7, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 2, upplýsingatækni 1, íþróttir 2 og sund 1. Textílmennnt, myndmennt, heimilisfræði og leiklist voru kennd í lotum, 6 tíma á viku í 7 vikur hvert fag. Auk þess var boðið upp á þá nýbreytni að hafa val/hræring í 3 stundir á viku og komu hinir ýmsu kennarar að þeirri kennslu.

Kennsluhættir

Umsjónarstofur árgangsins voru númer 201 og 202. Í umsjónarstofum voru öll bókleg fög kennd. Aukastofur á göngum voru líka nýttar til að gefa meiri ró og frið. Í nokkrum verkefnum voru hóparnir sameinaðir og unnu stór verkefni saman, t.d. í samfélagsfræði og náttúrufræði.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 1A og 1B nemendabók og æfingahefti, Stjörnubækur ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum. Nemendur unnu á sínum hraða og nokkrir þeirra voru komnir í Stiku 2A.

Námstilhögun: Kennt í 2 hópum í tveimur stofum.

Námsmat: Kannanir eftir alla námsþætti.

Íslenska

Námsgögn: Vanda málið – Þetta er málið, lesbók og vinnubók, Ljóðspor, Ítalíuskrift, Málrækt 1, Mál er miðill og ýmsar lestrarbækur.

Námstilhögun: Í september, janúar og í apríl var lestrarátak þar sem áhersla var lögð á lesskilning og yndislestur. Lærð voru þrjú ljóð yfir skólaárið og þeir sem lærðu þau á tilskildum tíma fengu 10 í einkunn. Þetta fyrirkomulag var mjög hvetjandi og þurfti enginn nemandi að taka próf.

Ekkert heimanám var í vetur skv. heimanámsstefnu skólans, utan heimalesturs, nema sérstaklega væri um það beðið.

Námsmat: Prófað var í íslensku á báðum önnum, mismunandi þættir hverju sinni. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn hjá þeim sem voru komnir vel á veg með lestur en aðrir prófaðir oftar. Markmið að vori voru 250 lesin atkvæði á mínútu.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Ísland – veröld til að njóta, lesbók og vinnubók, Trúarbrögðin okkar og Víkingaöldin.

Námstilhögun: Landafræðihlutinn var tekinn á haustönn og söguhlutinn á vorönn, þar sem áhersla var lögð á hópavinnu úr Víkingaöldinni. Trúarbragðarfræðina tókum við í lotum fyrir jól og páska.

Námsmat: Vinna og vinnubækur nemenda voru metnar til einkunnar ásamt verkefnum.

Náttúrufræði

Námsgögn: Auðvitað 1, Lífríkið í sjó og ýmis myndbönd.

Námstilhögun: Kennslan var með hefðbundnum hætti. Eðlisfræðin (Auðvitað 1) var tekin á haustönn og lífvísindin (Lífríkið í sjó) voru kennd á vorönn.

Námsmat: Próf á haustönn úr eðlisfræðinni, en verkefni og vinnuástundun var metið á vorönn.

Enska

Námsefni: Speak out og Work out.

Námsmat: Próf á vorönn, skriflegt og munnlegt, vinnubók og ýmis ritunarverkefni.

Upplýsingatækni

Kennt var í tölvuveri skólans.

Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, á ritvinnsluforrit auk ýmissa forrita. Reynt var eftir mætti að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum.

Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin og lífsgildin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli sem allir gátu sætt sig við og skrifað undir. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í

félagsfærni og samskiptahæfni. Nemendur fengu þjálfun í bekkjarfundum sem voru notaðir til að útkljá mál sem komu upp á milli nemenda. Nemendur gerðu t.d. leikþætti til að setja sig í spor annarra, teiknimyndasögur o.fl sem þeir skiluðu til kennara.

Enska

2 kennslustundir á viku

Kennarar: Jóhanna Ása Einarsdóttir og Monica Mackintosh

Námsefni: Portfolio námsefnið Work Out og Speak Out. Unnin voru hópverkefni í tengslum við námsefnið svo sem Fashion Show og Birthday Train. Við horfðum á Madagascar og The Sponge.

Námsmat (að vori): Vinnubók 40%, skriflegt próf 30% og munnlegt próf 30.

Viðburður og vettvangsferðir

4. september Fjallganga – Gengið upp með Buná og upp á Seljalandsdal

1. desember Opinn dagur

14. desember Heimsókn í Safnahúsið (Gamla sjúkrahúsið) – Jólin fyrr á öldum

26. febrúar Skíða- og útivistardagur í Tungudal

16. - 17. mars Árshátíð skólans – nemendur sýndu gamla þætti í sögu sjónvarpsins

30. maí Heimsókn á Náttúrugripasafnið í Bolungarvík.

1. júní Leikjadagur

Auður Yngvadóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

6. bekkur



Nemendur árgangsins voru 24 í vetur, 13 stúlkur og 11 piltar og var Helga S. Snorradóttir umsjónarkennari. Ein stúlka bættist svo í hópinn 30. mars. Atli Freyr Rúnarsson kom inn í bekk í 10 kennslustundir á viku; alla 6 stærðfræðitíma vikunnar, 3 af 4 samfélagsfræðitímum og annan tveggja enskutíma. Sérkennari árgangsins var Berglind Árnadóttir og tók hún 2 nemendur inn í Námsver í stærðfræðitímum, 6 tíma á viku, auk þess sem hún hélt utan um lestur hjá þeim. Guðný Björnsdóttir, starfsmaður Námsvers, lét einnig 2 aðra nemendur lesa daglega seinni part vetrar. Þrír tvítyngdir nemendur fóru tvisvar í viku í ÍSAM (íslenska sem annað mál) í Námsveri hjá Helgu Björt Möller.

Kennarar árgangsins

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir - myndmennt

Erna Sigrún Jónsdóttir – heimilisfræði

Elín Þóra Friðfinnsdóttir – náttúrufræði

Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt/saumar

Guðný Harpa Henrysdóttir - leiklist

Monica Mackintosh – enska

Jón Hálfán Pétursson - íþróttir

Árni Heiðar Ívarsson – sund

Atli Freyr Rúnarsson – íþróttir, enska (1/ 2 tímum), stærðfræði og samfélagsfræði (3/4 tíma)

Helga S. Snorraddóttir – íslenska, samfélagsfræði, stærðfræði, lífsleikni, upplýsingatækni.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 4, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 2, íþróttir 2 og sund 1. Textílmennt, myndmennt, heimilisfræði, upplýsingatækni og leiklist voru kenndar í lotum í hringekju, 6 tíma á viku í 7 vikur hvert fag. Auk þess var boðið upp á val/hræring í 3 stundir á viku og komu hinir ýmsu kennarar að þeirri kennslu.

Kennsluhættir

Umsjónarstofa árgangsins var stofa nr. 218. Auk þessi höfðum við stofu 219 fyrir minni hóp í stærðfræði og ensku, en einnig nýttist hún vel í öðrum greinum ef vinna þurfti hópaverkefni. Spjaldtölvurnar sem nemendur fengu í 5. bekk nýttust vel til fjölbreyttra vinnuhátta og stjórnðu kennarar notkun þeirra að öllu leyti og finnst mjög vel hafa tekist til með notkun þeirra.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 2A og 2B nemendabók og æfingahefti, Stjörnubækur ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum. Nemendur voru markvisst hvattir til sjálfstæðra vinnubragða, sýna þrautseigju og að halda áfram á sínum hraða. Nýttar voru áætlanir af Skólavefnum (Lotukerfi Árna), sem settar voru upp sem hraðferð, miðferð og hægferð. Þeir sem unnu samkvæmt hraðferð efldust að miklum mun og héldu ferð sinni áfram í Stiku 3A og nokkrir náðu að byrja á 3B.

Í foreldraviðtölum í nóvember samþykktu allir foreldrar að fá aukaefni í stærðfræði og fóru Stjörnubækur heim til allra nemenda. Á fimmtudögum skiluðu þeir svo bókunum til kennara, sem fór yfir þær og veitti visst aðhald. Þetta gafst vel þar sem nemendur höfðu heila viku til að vinna í þær bækur. Þeir sem voru duglegastir unnu 4 Stjörnubækur heima í vetur, en þessar bækur henta mjög vel til þjálfunar og auðvelt að vinna þær sjálfstætt án aðstoðar.

Námstilhögun: Kennt í 2 hópum í tveimur stofum.

Námsmat: Kannanir eftir flesta námsþætti og annapróf. Ef nemendur náðu ekki 8,0 að lágmarki í einkunn úr könnunum, fóru þeir betur í efni kaflans og tóku annað próf. Meðaltal úr þeim 2 prófumvar skráð til námseinkunnar.

Íslenska

Námsgögn: Vanda málið – Ekki málið, lesbók og vinnubók, Ljóðspor, Skrift 6 og 7, Lestrarkassinn, Lesklikk og Málfræðiklikk á Skólavefnum (gagnvirkt efni) og ýmsar lestrarbækur.

Námstilhögun: Í nóvember og janúar voru lestrarsprettir þar sem áhersla var lögð á lesskilning og yndislestur. Lærð voru þrjú ljóð yfir skólaárið og þeir sem lærðu þau á tilskildum tíma fengu 10 í einkunn. Þetta fyrirkomulag var mjög hvetjandi og þurfti enginn nemandi að taka próf.

Ekkert heimanám var í vetur skv. heimanámsstefnu skólans, utan heimalesturs, nema sérstaklega væri um það beðið

Námsmat: Prófað var í íslensku á báðum önnum, mismunandi þættir hverju sinni. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn hjá þeim sem voru komnir vel á veg með lestur en aðrir prófaðir oftár. Markmið að vori voru 280 lesin atkvæði á mínútu.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Ljós heimsins, Trúarbrögðin okkar, Snorra saga, Sögueyjan 1 og Norðurlönd.

Námstilhögun: Söguhlutinn var tekinn á haustönn og landafræðin á vorönn, þar sem áhersla var lögð á hópavinnu. Trúarbragðarfræðina tókum við í lotum fyrir jól og páska. Snorra saga var lesin í nestistímum og teknar umræður um hana í kjölfarið. Við gerðum hugarkort jafnóðum í iPad út frá sögunni og var það mjög góð samantekt úr sögunni, sem allir gátu gert. Kennari stýrði hugarkortinu og varpaði því upp með skjávarpa.

Námsmat: Vinna og vinnubækur nemenda voru metnar til einkunnar ásamt verkefnum.

Náttúrufræði

Námsgögn: Auðvitað 2, Lífríkið á landi og ýmis myndbönd og námsefni frá kennara.

Námstilhögun: Unnið með verkefni frá kennara og unnið uppúr námsbókunum. Áhersla var lögð á hlýnun loftslags, mengun af rusli og matarsóun, sjálfbæra orku og fleira. Nemendur gerðu myndbönd, plaköt og smábækur upp úr viðfangsefnum náttúrufræðinnar. Námsmat: símat.

Upplýsingatækni

Kennt var í tölvuveri skólans.

Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, á ritvinnsluforrit og vélabúnað tölvunnar auk ýmissa forrita. Áhersla lögð á að kenna nemendum á iPad og nýta hann til verkefnavinnu í gegnum nokkur algeng forrit s.s. Keynote, Garage Band og IMovie. Reynt var eftir mætti að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum.

Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin og lífsgildin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli sem allir gátu sætt sig við og skrifað undir. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni. Nemendum kynnt „sáttaborð“ uppbyggingarstefnunnar og þeir þjálfaðir í að leysa vandamál sem upp geta komið í samskiptum. Bekkjarfundir voru reglulega þar sem hópurinn þjappaði sér saman og ræddi saman um líðan sína í skólanum, hvað gengi vel og hvað hægt væri að bæta. Umræðurnar voru alltaf lýðræðislegar og sanngjarnar. Vinaliðaverkefnið hélt áfram og tókst mjög vel og fengu nemendur mikið út úr því að taka þátt í því.

Ísam

3 tvítyngdir nemendur komu í Ísam tvisvar í viku (mið í 2. tíma og fös í 6. tíma) og fóru þá úr tíma hjá umsjónarkennara enda voru þeir ekki byrjaðir að læra dönsku.

Í upphafi vetrar var tekið stöðumat í Ísam og það gaf kennara smá hugmynd um stöðu nemenda. Yfirleitt hófst hver tími á spjalli við nemendur, um daginn og veginn og þeirra hagi. Svo var farið í vinnu. Unnið var með klukkuna, bæði kennt á klukku og svo var orðaforði klukkunnar þjálfður, eldhúsorðaforði, hátíðadagaorðaforði og orðaforði líkamans voru teknir fyrir og síðari hluta vetrar var svo áherslan tekin á lesskilning. Svolítið var spilað tengt orðum og orðaforða með það að markmiði að nemendur væru duglegir að skilgreina orða og tjá sig um orð. Hópurinn sat alltaf saman við hringborðið í námsverinu og það fyrirkomulag hentaði vel. Lestrarbókin var *Draugasaga Dóra litla*.

Enska

2 kennslustundir á viku

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson og Monica Mackintosh

Námsefni: Action lesbók; Unnin voru hópverkefni í tengslum við námsefnið; The Basic Oxford Picture Dictionary lesbók og vinnubók, einnig hópavinna sem tengdist efni bókarinnar, A Year of Fun, Amazing Animals, glærusögur (Anita's Big Day o. fl.). Við horfðum á myndirnar Cloudy with a Chance og Hotel Transylvania. Ítarefni á neti.

Námsmat: Próf á vorönn 30%, stílabók 20% og verkefni 70%.

Viðburðir og vettvangsferðir

2. september 2015	Fjallganga á Sandfell
3. sept.	Tónlist fyrir alla – Karl Olgeirsson og Sigga Eyrún komu í heimsókn
8. sept.	Alþjóðlegur dagur læsis – nemendur lásu fyrir hvern annan
9. sept.	Norræna skólahlaupið
29. sept.	Möguleikhúsið bauð 5. – 7. bekk á leiksýninguna um Eldbarnið
13. okt.	Bekkjarskemmtun í Jónsgarði í boði foreldra
15. okt.	Bleikur dagur – bleikur október
5. – 6. nóv.	Þemadagar – Þjöppum okkur saman
9. nóv.	Norræni bókasafnsdagurinn, heimsókn á skólasafnið
1. des.	Opið hús
10. des.	Jólasýning Safnahússins heimsótt
10. des.	Dagur myndlistar – Gunnar Jónsson bauð upp á myndlistarkynningu
17. des.	Rauður dagur
18. des.	Litlu jólin
1. jan. – 1. mars 2016	Lestraráttak Ævars vísindamanns
22. jan.	Átakið „Allir lesa“ hófst með þátttöku 6. bekkjar
29. jan.	Sólarkaffi
8. feb.	Maskadagur – maskaball
18. feb.	Jafnréttisþing
26. feb.	Útivistardagur í Tungudal
16.-17. mars	Árshátíð skólans – Sjónvarp í 50 ár
23. maí	Heimsókn á Bæjarbókasafnið
26. maí	Vorverkadagur – gróðursetning í Tunguskógi
30. maí	Útivist og ratleikir – Húsin í bænum og Minnismarki bæjarins
1. júní	Leikjadagur á Torfnesi

Helga S. Snorradóttir

7. bekkur



Nemendur árgangsins voru 25. Umsjónarkennari var Erna Sigrún Jónsdóttir, aðstoðarkennari í íslensku og stærðfræði var Elín Þóra Friðfinnsdóttir og stuðningsfulltrúi var Árný Einarsdóttir.

Kennarar árgangsins

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir - myndmennt

Harpa Henrysdóttir – leiklist

Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt

Helga Snorradóttir- upplýsingatækni

Kristín Ólafsdóttir – danska

Monica Mackintosh– enska

Atli Freyr Rúnarsson og Jón Hálfán Pétursson- íþróttir

Guðný Stefanía Stefánsdóttir –sund

Helga Björt Möller- Íslenska sem annað mál

Berglind Árnadóttir,Guðný Björnsdóttir- íslenska og stærðfræði í námsveri

Aðra kennslu árgangsins sáu umsjónarkennarar um.

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 5 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 1, íþróttir 2, sund 1,danska 3 stundir. Textílmennt, myndmennt, heimilisfræði, upplýsingatækni og leiklist voru kenndar í lotum í hringekju, 6 tíma á viku, 7 vikur hvert fag. Valtímar – Hræringur var í 3 stundir á viku og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Kennsluhættir

Kennt var jöfnum höndum í bekkjarstofunni,nr. 103 og stofu 104, en á milli þeirra er innangengt. Einnig höfðu nokkrir nemendur aðgang að námsveri í stærðfræði, íslensku og íslensku sem annað mál. Nemendur fengu spjaldtölvur í nóvember sem voru notaðar í verkefnavinnu og til upplýsingaöflunar í vetur.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 3A og 3B, vinnubækur 3A og 3B, ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum.

Námstilhögun: Kennt í bekknum. Nemendur fengu vikuskammta en fóru á sínum hraða yfir efnið.

Námsmat: Símat; kannanir eftir ákveðna námsþætti.

Íslenska

Námsgögn: Málrækt 3, Ljóðspor, Skrift 6 og 7, Mál til komið og Mál í mótun, Trunt, trunt og tröllin, Gunnlaugs saga ormstungu og ýmsar lestrarbækur. Gagnvirkur lestur, stuðst var við heftið Lesið til skilnings. Einnig var unnið með ritun.

Námstilhögun: Mikil áhersla var lögð á lesskilning og yndislestur. Nemendur unnu ýmist í hópum eða einir sér í gagnvirkum lestri

Ekkert formlegt heimanám var í vetur skv. heimanámsstefnu skólans, utan heimalesturs, nema í samráði við foreldra eða nemendur.

Námsmat: Prófað var í íslensku á báðum önnum, mismunandi þættir hverju sinni. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir yfir veturinn hjá þeim sem voru komnir vel á veg með lestur en aðrir prófaðir oftar. Markmið að vori voru 300 lesin atkvæði á mínútu.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Sögueyjan 3, Ein grjóthruga í hafinu, Miðaldafólk á ferð, , Evrópa lesbók og vinnubók, Kortabók fyrir grunnskóla.

Námstilhögun: Söguhlutinn tók helming vetrarins og landafræði helming, þar sem áhersla var lögð á hópavinnu og verkefni.

Námsmat: Vinna og verkefni nemenda voru metnar til einkunnar ásamt hópverkefnum.

Náttúrufræði

Námsgögn: Auðvitað 3, Maðurinn hugur og heilsa og ýmis myndbönd.

Námstilhögun: Kennslan var með hefðbundnum hætti. Eðlisfræðin (Auðvitað 3) var tekin á haustönn og lífvísindin (Maðurinn hugur og heilsa) voru kennd á vorönn. Reynt var að fara í náttúrufræðistofuna þegar færi gafst til tilrauna.

Námsmat: Lokapróf úr hvorum þætti fyrir sig og vinnubækur metnar.

Danska

Námsefni: Start, lesbók og vinnubók.

Námsmat: Próf á vorönn ásamt vinnubókum.

Unnið var mikið í þemavinnu, auk námsbókarinnar.

Enska

2 kennslustundir á viku

Kennari: Monica Mackintosh

Námsefni: Action lesbók og Action vinnubók B. Unnin voru hópverkefni í tengslum við námsefnið svo sem að taka viðtal og skrifa um bíómynd. Unnið var með bókina þannig að krakkarnir völdu sér viðfangsefni tengdu efni kaflanna. Við horfðum einnig á myndirnar Lion King í desember og E.T. fyrir páska.

Námsmat: Próf 40%, vinnubók, stílabók og verkefni 60%.

Upplýsingatækni

Kennt var í tölvuveri skólans.

Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, ritvinnslu og forritunarkerfinu Alice. Samfélagsfræðin, stærðfræðin, íslenskan og lífsleiknin voru samþætt upplýsingatækninni.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti fólks sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda og lífsgildi. Haldnir voru bekkjafundir og unnið með bókina

Ertu? Unnin voru verkefni tengd uppbyggingastefnunni, mitt og þitt hlutverk, bekkjarsáttmáli og þafirnar.

Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.

Í vetur hélt Vinaliðaverkefnið áfram sem nemendur árgangsins tóku þátt í.

Sund

Nemendum var skipt í tvo hópa í sundi. Farið var yfir alla þætti aðalnámskrár.

Danska

Kennari var Kristín Ólafsdóttir

7. bekkur er á fyrsta ári í dönsku.

Námsgögn Start les-og vinnubók ásamt hlustunarverkefnum.

Þemaverkefni: En rejse til Danmark er verkefni útbúið af kennurum.

Samantekt

Á haustönn unnu nemendur þemaverkefni þar sem áhersla var lögð á talað mál. Nemendur bjuggu til persónu og unnu verkefnið út frá henni auk þemaverkefnisins Rejsen til Danmark. Síðan unnið í kennslubókinni Start. Undir vor unnu nemendur ýmis verkefni úti. Nemendur horfðu á Min søsters børn i sneen, Min søsters børn på bryllupsrejse og Min søsters børn alene hjemme.

Viðburðir og vettvangsferðir

24.-28.ágúst	Skólabúðirnar að Reykjum
3. sept.	Tónlist fyrir alla – Karl Olgeirsson og Sigga Eyrún komu í heimsókn
8. sept.	Alþjóðlegur dagur læsis – nemendur lásu fyrir hvern annan
9. sept.	Norræna skólahlaupið
29. sept.	Möguleikhúsið bauð 5. – 7. bekk á leiksýninguna um Eldbarnið
15. okt.	Bleikur dagur – bleikur október
5. – 6. nóv.	Þemadagar – Þjöppum okkur saman
9. nóv.	Norræni bókasafnsdagurinn, heimsókn á skólasafnið
7. nóv.	Jól í skókassa – árgangurinn sendi rúmlega 20 börnum í Úkraínu jólagjafir.
17.nóv.	Stóra upplestrarkeppnin sett á degi íslenskrar tungu
1. des.	Opið hús
10. des.	Jólasýning Safnahússins heimsótt
10. des.	Dagur myndlistar – Gunnar Jónsson bauð upp á myndlistarkynningu
17. des.	Rauður dagur
18. des.	Litlu jólin
1.jan.	Lestraráttak Ævars vísindamanns
22. jan.	Átakið „Allir lesa“
8. feb.	Maskadagur – maskaball
17.feb.	Bekkjakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
18. feb.	Jafnréttisþing
24.feb.	Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
26. feb.	Útivistardagur í Tungudal
3. mars	Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar
16.-17. mars	Árshátíð skólans – Sjónvarp í 50 ár
26. maí	Vorverkadagur –gamli kirkjugarðurinn hreinsaður
30. maí	Golfferð í Tungudal og leikskólahittingur

31.maí

Leikskólahittingur og útivist

1. júní

Leikjadagur á Torfnesi

Erna Sigrún Jónsdóttir

4. Skýrslur unglingastigs

Skýrsla deildarstjóra unglingastigs

Í unglingadeild voru 120 nemendur. Í öllum árgöngum er einn bekkur með tvo umsjónarkennara. Í 8. bekk var nemendum skipt í tvo hópa í öllum greinum nema stærðfræði og sundi þar sem var skipt í þrjá hópa. Í 9. bekk var nemendum skipt í tvo hópa í öllum greinum.. Í 10. bekk var skipt í tvo hópa í náttúrufræði og samfélagsfræði en í öðrum fögum var ýmist samkenndsla með tveimur kennurum og stundum skipt alfarið í tvo hópa.

Nemendur á unglingastigi taka ákveðinn fjölda tíma á viku í vali. Í 8. bekk eru það 5 tímar á viku en 7 tímar í 9. og 10. bekk. Valgreinar sem allir árgangar gátu sótt í vetur voru: aðstoð á yngsta stigi, aðstoð í Dægradvöl, fab-lab, fata/bútasaurur, líkamsrækt og þjálfun, næringarfræði, þrjón/hönnun, skák, skólahreysti, myndmennt, trésmíði, tölvuval, og tækniráð. 8. bekkur gat valið heimilisfræði til viðbótar við þetta. 9. og 10. bekkur gátu valið, Allt í köku, matur er mannsins megin, þýsku, spænsku til viðbótar. Nemendur í 10. bekk gátu einnig valið fornám ökunáms og smákipanámi sem kennt var í Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Nemendur gátu einnig fengið metið sem val nám í tónlistarskóla og skipulagðar æfingar með Íþróttafélögum.

Í byrjun september voru kosnir fulltrúar nemenda í stjórn nemendaráðs. Í maí var Bjarni Pétur Marel Jónasson kosinn formaður og Ólöf Einarsdóttir var kosinn varaformaður. Fulltrúar annara árganga voru: 8. bekkur: Einar Geir Jónasson, Hafdís Bára Höskuldsdóttir, Hugi Hallgrímsson og Þuríður Þorsteinsdóttir. 9. bekkur: Daníel Wale Adeleye, Georg Rúnar Elvarsson, Hanna Þórey Björnsdóttir og Kolfinna Íris Rúnarsdóttir. 10. bekkur: Bergsteinn Snær Bjarkason, Birta Rós Þrastardóttir, Ína Guðrún Gísladóttir og Jón Ómar Gíslason.

Stjórn nemendaráðs fundar á mánudögum kl. 15:00.

Við skólaupphaf var nemendum í 8. bekk boðið upp á þemadaga og sjálfstyrkingarnámskeið hjá Elísabetu Lorange til að þjappa þeim betur saman fyrir veturinn.

Samræmd próf í 10. bekk og voru 21. – 23. september. Prófað var í stærðfræði, íslensku og ensku.

Íþróttahátíðin í Bolungarvík var haldin þann 9. október. Á Íþróttahátíðinni keppa unglingastignemendur af öllum Vestfjörðum í fjölbreyttum íþróttagreinum og fagna svo samverunni með dansleik um kvöldið. Í ár var keppnin með breyttu sniði þar sem ekki var keppni á milli bæjarfélaga heldur var öllum sem vildu taka þátt raðað í blönduð lið óhátð búsetu.

9. bekkur tók þátt í forvarnardegnum þann 8. október og unnu ýmist verkefni tengd líðan, fjölskyldu og tómstundum.

27. nóvember var haldin hátíð á unglingastigi til að fagna fullveldi Íslands. Nemendur í leiklistavali sýndu verkið: Ársæll Veru- og Friðfinnsson & hið fjarstæðukennda mál, eftir Michael Maxwell, í þýðingu og leikstjórn Hörpu Henrysdóttur.

Föstudaginn 22. janúar á bóndadaginn var haldið, í 33 skipti, hið árlega Þorablót 10. bekkinga í sal skólans. Þar bjóða foreldrar nemendum upp á þorramat og skemmtiatriði og á eftir er stigin dans við harmonikkuundirleik. Eva Friðþjófsdóttir danskennari hafði fengið krakkana til sín í upprifjun á gömlu dönsunum og bauð foreldrum einnig upp á stutt kvöldnámskeið. Blótið heppnaðist vel og skörtuðu margir íslenskum búning í tilefni dagsins.

Árshátíð skólans var haldin 16. og 17. mars, þar undirbjuggu nemendur sín aðtriði með aðstoð kennara, þegar komið er upp í unglingadeild sjá nemendur nánast alfarið sjálf um sína atriði en fá alla þá aðstoð frá kennurum sem þeir óska sér.

Grunnskólinn á Ísafirði keppti í Skólahreysti 9. mars. Liðið skipuðu: Einar Torfi Torfason, Daníel Wale Adeleye, Dagný Björg Snorraddóttir og Ólöf Einarsdóttir. Varamenn voru Ívar Tumi Tumason og Guðbjörg Ásta Andradóttir. Hópurinn fór með sigur að hólmi í undankeppninni og keppti í lokakeppninni síðasta vetrardag og stóðu sig með þrýði.

25. og 26. apríl kom Sigga Dögg kynfræðingur í heimsókn og hitti nemendur í 8. -10. bekk. Hún hitti alla árganga sér í kynjaskiptum hópum. Þar að auki var foreldrum boðið upp á fræðslufund um kvöldið.

Þann 11. maí var haldinn aðalfundur nemendafélags Grunnskólans á Ísafirði, þar var 7. bekkur boðinn velkominn í félagið ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum og framboðsræðum formannsefna. Að fundi loknum var síðan gengið til kosninga og var Daníel Wale Adeleye kosinn formaður og Ásthildur Jakobsdóttir varaformaður.

Þann 22.-25. maí fóru nemendur 10. bekkjar í vorferðalag. Áfangastaðurinn var Bakkaflot í Skagafirði þar sem farið var í flúðasiglingar, paintball og margt fleira skemmtilegt. Að venju fylgdu umsjónarkennarar hópnum ásamt nokkrum foreldrum.

Böll eru haldin reglulega yfir veturinn sum eru á vegum fjáröflunarnefndar 10. bekkjar en önnur á vegum félagsmiðstöðvar. Helstu böllin eru Busaball, deshátíðin, Rósaball, Samfés, árshátíð og lokaball. Þar að auki fer alltaf hópur suður til að fylgjast með úrslitakeppni söngvakeppni Samfés sem heitir Samfestingurinn. Böllin er ýmist haldin í félagsmiðstöð eða í sal skólans en yfirleitt er lokaballið á nýjum stað. Í ár var það haldið í Edinborgarhúsinu. Að venju er 7. bekkjum boðið á lokaballið.

1. júní var íþrótt og leikjadagur fyrir nemendur í 5. – 9. bekk. Keppni hófst klukkan níu á víðavangshlaupi og síðan var nemendum skipt í þrjá hópa sem kepptu í ýmsum leikjum eins og stígvélakasti og að ganga á stultum.

Skólanum var slitið í Ísafjarðarkirkju þann 3. júní. Flutt voru tónlistaratriði frá Tónlistaskóla Ísafjarðar og Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar. Ína Guðrún Gísladóttir og Benedikt Hrafn Guðnason spiluðu fjórhent á piano en þau eru nemendur LRÓ. Blásarakvartett frá TÍ skipaður Gunnari Smára Rögnvaldssyni, Péttri Erni Svavarssyni og Tryggva Fjölmissyni ásamt stjórnandanum Madis Mækalle flutti eitt lag og auk þess lék Pétur Ernir Svavarsson einleik á piano.

Nemendur úr 9. bekk kynntu atriðin en það voru þau Hildur Karen Jónsdóttir og Þórður Gunnar Hafþórsson.

Nemendur í smáskipanámi fengu prófskírteini sitt frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða það voru: Þeir sem hlutu viðurkenningar að þessu sinni voru: Axel Thorarendsen, Birgitta Brá Jónsdóttir, Birna Sigurðardóttir, Bjarni Pétur Marel Jónasson, Einar Torfi Torfason, Flosi Kristinn Sigurbjörnsson, Ína Guðrún Gísladóttir, Ívar Tumi Tumason, Jón Ómar Gíslason, Lára Sigrún Steinþórsdóttir, Óliver Eyþór Þórðarson og Tinna Dögg Þorbergsdóttir.

Viðurkenningu Rotary klúbbsins á Ísafirði fyrir ástundun og framfarir fengu Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir í 8. bekk, Ásthildur Jakobsdóttir í 9. bekk og Snjólaug Ásta Björnsdóttir í 10. bekk.

Kvenfélagið Hlíf gaf viðurkenningar fyrir verk og listgreinar Danska Menntamálaráðuneytinu gaf viðurkenningu dönsku og Ísfirðingarfélagið í Reykjavík gaf gjöf til minningar um Hannibal Valdimarsson. Þessi viðurkenning er veitt nemanda í 10. bekk fyrir lofsverða ástundun, framfarir í námi og virka þátttöku í félagsstarfi. Stúdíó Dan gaf viðurkenningar fyrir góða ástundun og námsárangur í íþróttum. Aðrar viðurkenningar eru frá Grunnskólanum á Ísafirði.

Ína Guðrún Gísladóttir fékk viðurkenningu fyrir íslensku og leiklist. Tatjana Snót Brynjólfssdóttir fékk viðurkenningu fyrir textílmennt. Pétur Ernir Svavarsson fékk viðurkenningu fyrir myndmennt, stærðfræði, náttúrufræði, ensku og dönsku og framúrskarandi námsárangur vorið 2016. Anna María Daníelsdóttir fékk viðurkenningu fyrir

náttúrufræði. Bjarni Pétur Marel Jónasson fékk viðurkenningu fyrir heimilisfræði og félagsstörf. Guðrún Ósk Ólafsdóttir fékk viðurkenningu fyrir félagsstörf. Mikolaj Ólafur Frach fékk viðurkenningu fyrir samfélagsfræði. Birna Sigurðardóttir og Birkir Eydal fengu viðurkenningu fyrir íþróttir.

Guðbjörg Halla Magnadóttir

8. bekkur



Nemendur árgangsins voru 45 í upphafi skólaárs og voru allir í einum umsjónarbekk. Umsjónarkennarar voru Bergljót Halldórsdóttir og Bryndís Bjarnason. Eftirfarandi fög voru kennd: íslenska, danska, enska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, leikfimi og sund ásamt valgreinum. Nemendum var skipt í tvö hópa í öllum bóklegum fögum utan stærðfræðinnar, þar var þeim skipt í þrjá hópa. Nemendur fengu einn íþróttatíma á viku og tvo sundtíma. Það var þrískipt í sundinu og er gert ráð fyrir að nemendur ljúki sundnámi sínu í 9. bekk.

Inntak og áherslur

Skólastarfið hófst á hópefli í viku þar sem nemendum var skipt upp í mismunandi hópa sem unnu alls konar verkefni sem kröfðust samvinnu og fóru í hópeflisleiki. Þessi vinna var í samvinnu við skólaskrifstofu, Guðlaugu Júlíusdóttur og starfsfólk félagsmiðstöðvar og þótti takast mjög vel.

Í næstu viku á eftir fengu nemendur sjálfstyrkingarnámskeið í umsjón Elísabetar Lorange.

Að hausti var áhersla lögð á að hópurinn lærði að skipuleggja námsgögnin sín, því nú þurfa nemendur að flakka á milli stofa í stað þess að vera í einni heimastofu eins og í 7. bekk.

Tímabundin þemavinna var innan einstakra faga og hóparnir voru ekki alltaf þeir sömu. Haldnir voru nokkrir bekkjarsfundir í lífsleiknitímum.

8. bekkur tók þátt í Erasmus+ verkefninu ásamt nokkrum nemendum 6. bekkjar:

Development and Implementation of Innovative Methods of Teaching Math, Science and languages in the Multicultural European Classroom to Increase Student Literacy and Prevent Early School Leaving

Viðburðir og vettvangsferðir

24. ágúst, nemendur mæta í skólann ásamt foreldri eða forráðamanni, hver og einn spjallar við sinn umsjónarkennara og setur sér markmið til að vinna að fyrir komandi önn.

3. september, tónlist fyrir alla í Hömrum. Þau Karl Olgeirsson og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir fluttu nemendum tóndæmi úr hinum ýmsu söngleikjum á mjög leikrænan og skemmtilegan hátt.

9. september, Norræna skólahlaupið.

17. september var farið í hina árlegu fjallgöngu, gengið var frá Dagverðardal yfir Fellsháls og niður í Engidal. Þátttakendur voru úr hópi nemenda, kennara og foreldra

9. október var íþróttahátíð í Bolungarvík og tóku nemendur 8. bekkjar þátt í henni.

5. og 6. nóvember þemadagar, (Þjöppum okkur saman)

9. desember var jólasamverustund með 1. bekk (vinabekk 8. bekkjar)

3. febrúar var, „kökudagur“ í 8. bekk

18. febrúar var jafnréttisþing í skólanum og tóku 8. bekkingar þátt í því.

26. febrúar var útivistardagur haldinn í fínasta veðri á skíðasvæðinu í Tungudal og lukkaðist hann mjög vel.

3. mars kom Rauði krossinn í heimsókn með fyrirlesturinn „Vertu næs“

Árshátíð skólans var haldin dagana 16. og 17. mars. Þema árshátíðarinnar var „Sjónvarp í 50 ár“

6. apríl flutti Þorsteinn Kristján Jóhannsson fyrirlestur fyrir nemendur á unglingastigi um tölvufíkn.

26. og 27. apríl var Sigga Dögg kynfræðingur í heimsókn í skólanum og flutti nemendum fyrirlestur í kynskiptum hópum.

15. apríl var 8. bekkur með skólatónleika í Hömrum ásamt 4. bekk þar sem nemendur sem stunda tónlistarnám buðu til tónleika.

21. maí sáu foreldrar um bekkjarskemmtun.

26. maí var Vorverkadagur og fór hluti hópsins upp í Gróanda og hjálpaði til við jarðvinnu. Hinir voru með vinabeknum sínum og settu niður kartöflur og grænmeti og fóru í leiki.

31. maí fór 8. bekkur í ferð á Hrafnseyri til að skoða safn Jóns Sigurðssonar og fræðast um Hrafn Sveinbjarnarsson. Til stóð að heimsækja Mjólkárverkjun en vegna framkvæmda gátu þeir ekki tekið á móti okkur. Þess í stað var farið að Dynjanda og heppnaðist það með ágætum.

1. júní var leikjadagur á Torfnesi undir stjórn íþróttakennara. Tókst sá dagur mjög vel að allra mati.

Verkefni tengd uppbyggingarstefnu miðuðu að gerð bekkjarsáttmála sem tókst að ljúka fyrir vorið. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara. Fjallað var um lífsgildi á ýmsan máta, ekki eingöngu undir yfirskrift uppbyggingarstefnunnar. Einnig var unnið úr niðurstöðum nemendaþings sem haldið var á fyrir nokkrum árum.

Náttúrufræði

Kennarar: Guðlaugur Valdimarsson og Guðný Stefanía Stefánsdóttir

4 kennslustundir í viku. Kennt var í tveimur hópum, 4 tíma á viku.

Kennsluefni: Lífheimurinn (haust) og Eðlisfræði 1 (vor).

Haut

Byrjað var á kennslubókinn *Lífheimurinn*. Fyrstu þrír kaflar bókarinnar voru teknir fyrir og kafla 6. Verkefni kennslubókarinnar voru unnin. Myndefni í tengslum við efnið var skoðað. Tvö kaflapróf voru tekin og hópverkefni í tengslum við efnið unnið.

Vor:

Fyrstu þrír kaflarnir í Eðlisfræði 1 voru teknir fyrir á vorönn. Valin verkefni í kennslubók voru unnin. Tvö kaflapróf voru tekin.

Enska

4 kennslustundir á viku

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Monica Mackintosh

Námsefni: Aðaláhersla var lögð á að vinna í Spotlight 8 lesbók og vinnubók. Einnig voru nokkrir nemendur með léttara námsefni, Let's Go og ABC málfræðihefti. Auk þess notuðum við ýmislegt annað efni.

Við horfðum á myndirnar Christmas Carol og Billy Elliot.

Nemendur unnu verkefni fyrir Erasmus+ um þætti í Íslandssögunni og skiluðu glærum eða stuttmyndum. Ipadinn var notaður í ritun, stuttmyndagerð og glærugerð. Einnig sem uppflettirit, bæði sem orðabók og heimildaöflun.

Að lokum unnu þau verkefni um vináttu í dönsku og ensku.

Námsmat: Próf 40%, vinnubók og verkefni 60%.

Danska

Kennarar voru Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir. Dönskunemendur í árganginum voru 40. Kennt var í heimastofum árgangsins.

Námsgögn: Smart lesbók og vinnubók, Tænk les-og vinnubók ásamt hlustunarverkefnum (Konfirmationen) og önnur verkefni útbúin af kennurum ss. Hringekja.

Nemendur horfðu á Mille, Det var en dreng og Af banen.

Allir nemendur unnu með og nýttu sér spjaldtölvur í náminu.

Þemaverkefni: Konfirmationen

Samantekt:

Á haustönn og framan af vorönn var unnið í Smart lesbók, vinnubók og hringekja

Á vorönn var farið í Tænk, Konformationen. En film: Millie.

Konfirmationen voru skilin munnleg og skrifleg og voru ýmist á rafrænu formi eða plakati.

Verkefni unnin í spjaldtölvu: mad og konfirmationen.

Samfélagsfræði

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Guðlaugur Viðar Valdimarsson

Kennslustundir á viku: Kennt var í tveimur hópum, 4 tíma í viku.

Kennsluefni: *Um víða veröld- Jörðin* (haust)), *Söqueyjan 3* (vor).

Haust

Nemendur lásu og unnu margvísleg verkefni í tengslum við innri gerð jarðar og hópverkefni unnið, um þætti sem móta yfirborð jarðar, skoðuð voru mismunandi gerðir landakorta, lesið var um lofthjúp jarðar og lítillaga var farið í gróðurfar jarðar.

Nemendur tóku próf úr kaflanum um loftdslag og veðurfar.

Valin verkefni í kennslubókinni voru unnin og nemendur unnu nokkur hópverkefni í tengslum við efnið. .

Vor

Valdir kaflar í *Söqueyjunni* lesnir (kaflar 2, 3, 4 - um kvenréttindi og ungmennafélögin og kaflar 6). Verkefni í tengslum við efni bókarinnar voru unnin, bæði hefðbundnar efnisspurningar úr efninu og hópverkefni, ennfremur öfluðu nemendur upplýsingar um tiltekin efni bókarinnar á

netinu og skiluðu úrlausnum sínum til kennara.. Myndefni í tengslum við efnið var skoðað jafnhliða. Próf var tekið úr kafla 6.

Stærðfræði

6 kennslustundir á viku

Kennarar: Bryndís Bjarnason, Guðbjörg Halla Magnadóttir og Jón Hálfaldán Pétursson
Árganginum var þrískipt í stærðfræði og svo voru nokkrir nemendur sem fengu aðstoð í námsveri.

Námsbækur: Skali 1A, nemendabók og æfingabók, Skali 1B nemendabók og æfingabók. Ekki tókst að fara í tölfraðikaflann.

Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur unnu ýmist einir eða í hópum.

Viðfangsefni voru margvísleg og var stærðfræðibókum fylgt nokkuð. Í desember unnu nemendur hópverkefni sem tengdist jólunum.

Námsmatið var símat sem byggðist á kaflaprófum í lok hvers kafla, hópverkefnum og lokaprófi í vor.

Íslenska

6 kennslustundir á viku

Nemendur eru 45 og er kennt í tveimur hópum. Nokkrir nemendur eru í námsveri, mismarga tíma á viku og hafa annað námsefni í bekknum, t.d. Málfræðibókin mín 1. og 2., Skinnu og Skruddu og/eða léttlestrarbækur með vinnubókum.

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Herdís M. Hübner

Bókmenntir og lestur

Við byrjuðum á að lesa Egils sögu í endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur og vinna ýmis verkefni úr henni, m.a. gerðu nemendur myndbönd úr sögunni. Síðan voru lesin fleiri sígild bókmenntaverk í endursögn, s.s. Fýkur yfir hæðir og Innrásin frá Mars. Einnig lásum við bókina Það var hægt, sem er ævisaga Helen Keller.

Eftir áramót var hafist handa við lestur á Laxdælu og unnin ýmiss konar verkefni úr henni. Nemendur lásu eina bók að eigin vali í hverjum mánuði og skiluðu greinargerð um lesturinn við hver mánaðamót. Mikil áhersla hefur verið lögð á heimalestur og nemendur eiga að skrá allan lestur. Skráningin er metin til einkunnar.

Eftir áramót fengu nemendur námskeið í hraðlestri og var stuðst við efni frá Njarðvíkurskóla sem heitir Leið til læsis. Námskeiðið tók 8 kennslustundir og þótti okkur það gefa ágæta raun. Allir nemendur 8. bekkjar voru prófaðir í lesfimi í upphafi vetrar og þeir sem ekki náðu markmiði árgangsins (300 atkv.) tóku lesfimiþróf á 6 vikna fresti þar til markmiðið náðist eða skóla lauk. 8. bekkur tók einnig þátt í því verkefni skólans að staðla lesfimiþróf fyrir Menntamálastofnun og um mánaðamótin janúar/febrúar tóku því allir nemendur a.m.k. tvö lesfimiþróf í sömu vikunni og sumir þrjú. Niðurstöður lesfimiþrófa skólans eru sendar heim jafnóðum.

Sýnd var íslenska kvikmyndin Ikingut á haustönn. Nemendur unnu verkefni um myndina að sýningum loknum.

Málfræði

Í málfræði var unnið með bókina Málið í mark - fallorð. Notast var lítillega við *bókina Kveikjur*.

Farið var í orðflokkagreiningu. Lögð var sérstök áhersla á fallorð.

Ritun og stafsetning: u.þ.b. einn ritunartími var í viku og voru verkefni af margvíslegu tagi, oft í tengslum við bókmenntir.

Nemendur skila einu lestrarverkefni í mánuði. Það er unnið í Word, í tölvustofu einn tíma á viku.

Bragfræði

Í apríl var farið í helstu hugtök og reglur í hefðbundnum íslenskum kveðskap.

Vinnubrögð og tækni

Nemendur hafa spjaldtölvur til afnota og hafa þær áhrif á aðferðir og vinnubrögð. Nemendur lærðu að nýta sér orðabækur og leiðréttingarforrit á netinu og sum ritunarverkefni voru unnin í spjaldtölvunum. Einnig gátu þeir notað gagnvirka vefi til að æfa sig í málfræði og ýmislegt fleira.

Nemendur 8. bekkjar tóku þátt í öllum þeim viðburðum sem skólinn stofnaði til, s.s. lestrarátaki o.s.frv.

Námsmat: Kannanir og verkefni gilda 60% og lokapróf 40%

Einkunnir gefnar í bókstöfum. Einnig gefið fyrir virðingu, samhug, menntun og ábyrgð í bókstöfum á haustönn.

9. bekkur



Nemendur í árganginum voru 36. Nemendum var skipt í hópa eftir námsgreinum. Umsjónarkennarar voru Herdís M. Hübner og Monica Mackintosh.

Bekkjarnámskrá var birt á heimasíðu bekkjarins.

Eftirfarandi fög voru kennd: íslenska, danska, enska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, myndmennt, heimilisfræði, textílmennnt, tæknimennnt, leikfimi, leiklist, spænska, þýska, lífsleikni og sund.

Í stað hefðbundins haustfundar með foreldrum hófst skólastarfið á viðtölum 24. ágúst þar sem kennari, nemandi og foreldrar hittust og ræddu veturinn framundan og nemendur settu sér markmið.

Viðburðir og vettvangsferðir

26. ágúst var farið í heimsókn á Hrafnseyri. Sú ferð hafði verið á dagskrá vorið 2015 en fallið niður vegna þungatakmakana á veginum. Safn Jóns Sigurðssonar var skoðað, nesti borðað í gamla bænum og farið í leiki á túninu. Að því loknu fórum við í heimsókn í Mjólkárverkjun og skoðuðum vélasalinn þar.

1. sept. var farið í hina árlega fjallgöngu og gengið var á Kistufell. Ferðin gekk mjög vel í ágætu veðri.
3. september komu Sigríður Eyrún Friðriksdóttir söngkona og Karl Olgeirsson hljómborðsleikari í heimsókn á vegum Tónlistar fyrir alla. Þau fluttu spunasöngleik í samstarfi við nemendur og allir skemmtu sér hið besta.
8. sept. var dagur læsis og þá hittust vinabekkirnir í 2. og 9. bekk, þau eldri lásu sögu fyrir þau yngri og síðan lásu börnin í 2. bekk fyrir stóru krakkana í lestrarbókunum sínum.
9. september. Norræna skólahlaupið.
28. september, starfsdagur kennara nemendur í fríi.
1. okt. var Evrópski tungumáladagurinn og nemendur 9. og 10. bekkjar unnu saman í stöðvavinnu af því tilefni.
2. okt. var Forvarnardagurinn og 9. bekkur vann hefðbundin verkefni þess dags.
9. október Íþróttahátíðin haldin í Bolungarvík.
16. október var vetrarfrí.
19. október var vetrarfrí.
20. október var starfsdagur kennara.
- 21.-23. október var nemendum 9. bekkjar boðið að taka þátt í nýsköpunarnámskeiði á vegum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Námskeiðið fór fram í Edinborgarhúsinu og þar voru einnig nemendur frá öllum grunnskólum í nágrenninu, þ.m.t. Grunnskólanum á Hólmavík. Farið var yfir allt ferlið frá því að hugmynd fæðist þar til afurð er orðin til. Veitt voru vegleg verðlaun. Þetta var mjög skemmtilegt og lærdómsríkt námskeið og nemendur almennt mjög ánægðir með þessa þrjá daga.
5. og 6. nóvember voru þemadagar. Skipt í hópa þvert á árganga og unnið undir yfirskriftinni Þjöppum okkur saman.
11. nóvember voru foreldraviðtöl.
26. nóv. hittust vinabekkirnir og lásu og spiluðu saman.
9. desember héldu vinabekkirnir sameiginlega aðventustund og sungu saman.
10. desember fóru nemendur 9. bekkjar í heimsókn á Vísindadaga í Menntaskólanum á Ísafirði.
16. des. var söngstund með vinabekknunum.
17. desember var skreytingadagur. Nemendur föndruðu, skreyttu stofuna og undirbjuggu litlu jólin.
18. desember voru litlu jólin. Hópurinn var saman og skemmti sér vel. Skipuð hafði verið skemmtinefnd sem sá um dagskrána. Skipst var á gjöfum og fóru allir glaðir heim.
- Jólafrí var 19. des. – 3. jan.
4. janúar var starfsdagur kennara.
7. janúar fengu nemendur 9. bekkjar fræðslu um alnæmi á vegum Alnæmissamtakanna.
21. janúar hélt skólahjúkrunarfræðingurinn fyrirlestur um geðræn vandamál.
28. janúar hélt skólahjúkrunarfræðingurinn fyrirlestur um líkamsvitund.
8. febrúar var maskaball hjá yngri nemendum og þeir nemendur á unglingastigi sem voru í búningi máttu líka fara á ballið.
9. feb. var starfsdagur kennara.
17. feb. var foreldradagur
18. feb. var jafnréttisþing í skólanum og 9. bekkur tók þátt í því.
26. feb. var útivistardagur og tókst hann mjög vel í góðu veðri.
16. og 17. mars voru sýningar á árhátíð skólans undir yfirskriftinni „Sjónvarp í 50 ár.“ Atriði 9. bekkjar tókst mjög vel og ekki síður undirbúningsvinnan sem stóð í tvær vikur.
- Páskafrí var 19.-28. mars.
6. apríl flutti Þorsteinn Kristján Jóhannsson fyrirlestur fyrir nemendur á unglingastigi um tölvufíkn.

20. apríl komu leikarar frá Kómedíuleikhúsinu með kynningu á verkum Shakespeares fyrir 9. bekk.

26. og 27. apríl kom Sigga Dögg kynlífsfræðingur með kynfræðslu fyrir 9. bekk, stelpur fyrri daginn og stráka seinni daginn.

28. apríl fór 9. bekkur í heimsókn í banka og fékk fræðslu í fjármálum í tengslum við stærðfræðikennslu.

Í maí var unnið sameiginlegt verkefni í ensku og dönsku. Búnir til ferðabæklingar um Ísafjörð og nemendur fóru með kennurum í göngu um bæinn og gáfu leiðsögn á ensku og dönsku. Verkefnið tók 2 vikur.

11.maí aðalfundur nemendafélagsins, Daníel Wale Adelaye í 9.bekk var kosinn formaður og Ásthildur Jakobsdóttir varaformaður.

19. maí kom Stella Hjaltadóttir námsráðgjafi í M.Í. og kynnti skólann og námsleiðir sem þar eru í boði.

25. maí – 1. júní voru þrír prófadagar, vorverkadagur og leikjadagur.

26. maí Vorverkadagur. 9.bekkur fékk það hlutverk að fúaverja grindverk við sparkvöll og Austurvöll, auk þess að planta matjurtum í blómaker á Austurvegi og í blómagarðinn.

26. maí var haldinn fjölmennur fundur með foreldrum og nemendum þar sem rætt var um haustferðalagið framundan, fjáröflunarstarf o.fl. sem varðar 10. bekk. Margrét Halldórsdóttir kom f.h. Vá-Vest hópsins og fór yfir niðurstöður úr könnun Rannsóknar og greiningar.

30. maí var farið í heimsókn í Súðavík ásamt vinabekknunum í 2. bekk. Þar var Melrakkasetrið heimsótt og endað í Raggagarði.

1.júní var vel heppnaður íþróttaleikjadagur á Torfnesi í sólskinu og blíðu.

3. júní skólaslit.

Náttúrufræði

Kennarar: Auður Yngvadóttir og Guðlaugur V. Viðarsson

3 kennslustundir í viku. Kennt var í tveimur hópum.

Kennsluefni: Efnisheimurinn (haust) og Mannslíkaminn (vor)

Haust

Bókin *Efnisheimurinn* var lesin. Gerðar voru einfaldar tilraunir í tengslum við námsefnið í náttúrufræðistofunni og var myndefni af veraldarvefnum notað eftir þörfum. Nemendur unnu spurningar eftir hvern kafla í vinnubækur

Lögð var áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og að halda vel utan um vinnubók.

Þrjú kaflapróf voru tekin.

Vor

Á vorönn var kennd líffræði þar sem mannslíkaminn var umfjöllunarefnið og var námsbókin Mannslíkaminn notuð. Fyrstu þrír kafla kennslubókarinnar voru teknir fyrir.

Þrjú kaflapróf voru tekin, verkefni kennslubókarinnar unnin ásamt verkefnum frá kennara. Myndefni var sýnt sem tengdist viðfangsefninu.

Enska

4 kennslustundir á viku

Kennarar: Herdís Hübner og Monica Mackintosh

Námsefni: Spotlight 9 var kennslubók vetrarins. Auk þess voru nokkrir nemendur með léttara námsefni s.s. Portfolio bækur, The Basic Picture Dictionary, Let's Go og málfræði ABC.

Við horfðum á DVD myndir Juno og Christmas Vacation. Ipadinn var notaður í ritun, sem uppflettirit, í stuttmyndagerð og glærugerð.

Undir vorið unnum við verkefnið Guided Tour samþætt dönskuvinnu. Nemendur unnu saman í hópum, bjuggu til ímyndaða ferðaskrifstofu og settu saman bækling með áfangastöðum á eyrinni. Munnleg skil fóru fram útidyra og gildi til einkunnar ásamt bæklingi.

Nemendur völdu sér frjálslestrarbækur til að lesa þegar tími gafst til og fjögur sagnapróf voru tekin tvísvar á vorönn.

Námsmat: Símat 70% próf 30%.

Danska

Kennarar voru Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir. Dönsku nemendur árgangsins voru 31. Kennt var í heimastofum árgangsins í einum hópi (samkennsla).

Námsgögn Smil lesbók og vinnubók. Ýmis verkefni voru unnin í spjaldtölvu í tengslum við kaflana.

Lesnar voru bækurnar Blodhævn, og Nye tricks og unnin verkefni.

Þemaverkefni : Danmerkur þema. Íþróttapema. Ferðabæklingur (unninn í samvinnu við enskukennsluna)

Hringekjuverkefni þar sem unnin voru blönduð verkefni.

Samantekt

Mörg skemmtileg verkefni voru unnin í dönsku í spjaldtölvu ss. Berømthed, Danske designere,

Myndaverkefni var unnið sem útiverkefni.

Einnig var spjaldtölvun notuð sem orðabók.

Í lok vorannar var unnin ferðabæklingur í samvinnu við enskukennslu.

Samfélagsfræði

Kennarar: Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Kristín Ólafsdóttir

Kennslustundir á viku: Kennt var í tveimur hópum, 3 tíma í viku.

Kennsluefni: *Styrjaldir og kreppa* (saga) og *Um víða veröld – heimsálfur* (landafræði).

Haust

Byrjað var á lesbókinni *Styrjaldir og kreppa*. Nemendur byrjuðu á því að kynna sér afdrif Titanic. Í framhaldinu var fyrri heimsstyrjöldin skoðuð, orsakir hennar og afleiðingar. Lesið var um byltinguna í Rússlandi og um uppgang nasismans og fasismans.

Nemendur tóku tvö kaflapróf úr efninu og krefjandi einstaklingsverkefni um Titanic var unnið. Ennfremur voru valin verkefni í kennslubókinni unnin – bæði einstaklings- og hópverkefni.

Vor

Nemendur unnu að stóru þemaverkefni um seinni heimsstyrjöldina. Nemendur unnu 2 saman. Sum gerðu pkat en önnur unnu að glærusýningu. Nemendur kynntu niðurstöður sínar.

Valdir kafla r úr bókinni *Um víða veröld-heimsálfur* voru lesnir. Byrjað var á kaflanum um mannfjölda og valin verkefni í kennslubókinni unnin.

Nemendur kynntu sér tvær heimsálfur að þessu sinni, annarsvegar Asíu og hisnvegar Suður-Ameríku. Um hverja heimsálfunar fyrir sig unnu nemendur þar stórum hópverkefnum.

Í tengslum við Asíu stóð valið á milli fjölbreyttra verkefna. Sum verkefnin tengdust einstaklingum frá Asíu, önnur merkmum byggingum, eitt verkefni tengdist m.s. kvikmyndagerð á Indlandi (Bollywood) og tónlist.

Í tengslum við Suður-Ameríku skipulögðu nemendur ferðalag til S-Ameríku, völdu sér 2-3 lönd til þess að ferðast til og skrifuðu einskonar ferðasögu þar sem nemendur áttu að lýsa því sem fyrir augu bar.

Samhliða þessari verkefnavinnu lásu nemendur í kennslubókinni og unnu valin verkefni.

Hópverkefnin tvö voru metin til einkunnar ásamt verkefnum sem unnin voru í kennslubókinni. Ennfremur þurftu nemendur að skila af sér tímaverkefni úr kaflanum um Suður-Ameríku.

Stærðfræði

6 kennslustundir á viku

Kennarar: Bryndís Bjarnason og Jón Hálfán Pétursson

Árganginum var tvískipt í stærðfræði og svo voru nokkrir nemendur sem fengu aðstoð í námsveri.

Námsbækur: Stærðfræði 8 – tíu, 3. og 4. hefti. Einnig var Almenn stærðfræði 1. og 2. hefti notað ásamt ýmsu öðru efni.

Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur unnu ýmist einir eða í hópum.

Viðfangsefni voru margvísleg og var stærðfræðibókum fylgt nokkuð.

Námsmatið var símat sem byggðist á kaflaprófum í lok hvers kafla, hópverkefnum og lokaprófi í vor.

Íslenska

6 kennslustundir á viku.

Nemendur eru 36 og er kennt í tveimur hópum.

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Herdís M. Hübner

Bókmenntir og lestur

Byrjað var á að lesa Milljón holur. Horft á myndina og unnin verkefni.

Rómeó og Júlía var leiklesin af mikilli list.

Eftir páska var hafist handa við lestur á Stráknum í röndóttu náttfötunum og unnin ýmiss konar verkefni úr henni.

Nemendur lásu eina bók að eigin vali í hverjum mánuði og skiluðu greinargerð um lesturinn við hver mánaðamót. Áhersla hefur verið lögð á heimalestur og ætlast til að nemendur skrái allan lestur. Skráningin gildir til einkunnar.

Allir nemendur 9. bekkjar voru prófaðir í lesfimi að hausti. Þeir sem ekki náðu markmiði árgangsins, 300 atkvæðum tóku lesfimiþróf á 6 vikna fresti þar til markmiðið náðist eða skóla lauk. Nemendur hafa fengið niðurstöður lesfimiþrófa sendar heim í hvert sinn.

Um mánaðamótin jan./feb. tók skólinn þátt í að staðla lesfimiþróf fyrir Menntamálastofnun og nemendur 9. bekkjar tóku þátt í því, svo að þeir voru allir prófaðir tvisvar og sumir þrisvar í sömu vikunni.

Orðarún var lögð fyrir í nóvember og febrúar.

Eftir áramót hófst hraðlestrarnámskeið og voru bækurnar Lestu nú notaðar. Námskeiðið tók 6 vikur. Prófin sem fylgja námsefninu sýndu mikla framför í lestrarhraða og nokkra framför í lesskilningi.

Hins vegar sýndi Orðarún nokkra afturför í lesskilningi á sama tíma. Lesfimiþróf skólans sýndu venjulega framför í lesfimi. Að fenginni þessari reynslu mælum við ekki sérstaklega

með að þetta námskeið sé kennt, það er tímafrekt og virðist ekki skila þeim árangri sem vonast var til.

Í málfræði var unnið með sagnorð og stuðst við bókina Málið í mark.

Farið var í orðhlutagreiningu og setningahlutagreiningu.

Ritun og stafsetning: u.þ.b. einn ritunartími var í viku og voru verkefni af margvíslegu tagi.

Seinni hluta vetrar voru ritunarverkefni að mestu unnin í tölvum.

Nemendur 9. bekkjar tóku þátt í öllum þeim viðburðum sem skólinn stofnaði til, s.s.

lestrarátaki o.þ.h.

Vinnubrögð og tækni

Nemendur hafa spjaldtölvur til afnota og eiga að nýta sér orðabækur, upplýsingasíður og leiðréttingarforrit á netinu. Dregið hefur úr því að ritunarverkefni séu unnin í spjaldtölvunum, nemendur vilja almennt frekar nota stúlubækur eða tölvur. Sumir nota gagnvirka vefi í spjaldtölvum til að æfa sig í málfræði.

Lögð hefur verið áhersla á að þjálfa nemendur í að nota ritvinnsluforritið Word, t.d. hafa lestrarverkefni verið unnin þannig, einn tíma á viku í tölvustofu.

Námsmat: Kannanir og verkefni gilda 60% og lokapróf 40%

Einkunnir gefnar í bókstöfum. Einnig gefið fyrir virðingu, samhug, menntun og ábyrgð í bókstöfum á haustönn en ekkert á vorönn.

10. bekkur



Nemendur í árganginum voru 38. Umsjónarkennarar voru Guðný Harpa Henrysdóttir og Kristín Ólafsdóttir.

Nemendur voru í einum umsjónarþekk og í flestum bóklegum tímum var um samkennslu innan árgangsins að ræða eins og undanfarin tvö ár. Í lífsleikni var árgangurinn ýmist í einum eða tveimur hópum eftir viðfangsefni hverju sinni.

Eftirtalдар valgreinar voru einnig kenndar: Fablab, fornám ökunáms, heimanám, heimilisfræði, hraðlestrarnámskeið, líkamsrækt og þjálfun, næringarfræði, smáskipanám, skák, skólahreysti, tölvuval, tækniráð.

Nemendur geta einnig fengið tónlistarnám og íþróttþjálfun metið sem valgrein.

Inntak og áherslur

Lögð var áhersla á hópinn í heild og reynt að efla samstöðu innan árgangsins. Góð samskipti, fordómaleysi og víðsýni voru í forgrunni.

Í lífsleikni var unnið með bekkjarsáttmálann, framtíðarplön og markmiðsetningu í tengslum við þau, úrvinnslu á niðurstöðum nemendapings. Hjúkrunarfræðingur var með fræðslu fyrir nemendur.

Viðburðir og vettvangsferðir

24. ágúst, nemendur mæta í skólann ásamt fereldri eða forráðamanni, hver og einn spjallar við sinn umsjónarkennara og setur sér markmið til að vinna að fyrir komandi önn.

25. ágúst, haustferð, siglt til Hesteyrar gengið yfir að Sæbóli í Aðalvík og gist þar eina nótt. Nemendur í tjöldum en fullorðnir fengu inni í sumarhúsi. Gangan tók 6 – 7 tíma. Sameiginlegur kvöldverður við komuna að Sæbóli, holusteikt lambalæri og meðlæti. Auk umsjónarkennara voru fulltrúar foreldra, þau Daníel Jakobsson, Fjölur Ásbjörnsson, Gíslína K. Smoter og Guðrún Karlsdóttir. Allir skemmtu sér vel og komu glaðir og kátir til baka.

3. september, tónlist fyrir alla í Hömrum. Þau Karl Olgeirsson og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir fluttu nemendum tóndæmi úr hinum ýmsu söngleikjum á mjög leikrænan og skemmtilegan hátt.

9. september, Norræna skólahlaupið.

10. september fyrsta ball vetrarins var haldið, ákveðið var að gera tilraun með að halda ball á fimmtudegi og gekk það ljómandi vel. Hópurinn var mjög samtaka í undirbúningi og frágangi svo að til fyrirmyndar var. Einnig var ákveðið að hætta að kalla ballið busaball og kalla það haustball.

21. – 23. september voru samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði.

28. október, dagana 26 og 27 varð mjög leiðinleg umræða í fjölmiðlum varðandi meint einelti nemenda 10. bekkjar í Grunnskólanum á Ísafirði, gagnvart einum skólafélaga sínum. Ásakanirnar áttu ekki við rök að styðjast, en nemendur voru eðlilega algerlega miður sín. Foreldrar og umsjónarkennarar nemendanna funduðu á mánudagskvöldinu, þar tók m.a. móðir meints þolanda til máls og sagði sína sögu og aftók það með öllu að sitt barn hafi verið þolandi eineltis hér í GÍ og bar skólanum mjög góða sögu. Í framhaldinu var ákveðið að hittast að kvöldlagi fljótlega og eiga góða stund saman, nemendur, foreldrar og kennarar. Allir ætluðu að leggja eitthvað ætílegt á borð.

28. september, starfsdagur. Nemendur fengu frí annað starfsfólk var við önnur störf.

30. september bekkjarkvöld nemenda, foreldra og umsjónarkennara. Nóg var að bíta og brenna, farið í leiki og mikið spjallað. Kvöldið tókst einstaklega vel og hópurinn vonandi samheldinn og þéttur á eftir.

1. október evrópski tungumáladagurinn nemendur í 9. og 10. bekk kynntu sér margvísleg tungumál heimsins. Unnið var þvert á þessa tvo árganga.

2. október komu fulltrúar fjármálastofnana í heimsókn með kynningu á fjármálalæsi.

9. október var íþróttahátíðin í Bolungarvík.

16. og 19. október vetrarfrí.

22. október Halloween ball.

5. og 6. nóvember þemadagar, (þjöppum okkur saman)

11. nóvember voru foreldraviðtöl.

27. nóvember var 1. des. hátíð skólans og fór hún vel fram að venju. Flutt var leikritið Ársæll Veru-og Friðfinnsson og hið fjarstæðukennda mál. Skv. hefð komu nemendur spariklæddir í skólann þennan dag.

29. nóvember héldu nemendur 10. bekkjar Bingó í matsalnum á Hlíf. Bingóið gekk mjög vel og góð mæting.

1. des var að venju opinn dagur í skólanum, foreldrar og aðrir hvattir sérstaklega til að kíkja í heimsókn í skólann, þó svo að skólinn sé alltaf opinn og foreldrar velkomnir að koma í heimsókn hvenær sem er. Þennan dag mætir starfsfólk og nemendur gjarnan í betri fötunum til vinnu.

7. – 11. desember hélt Elísabet Lorange sjálfstyrkingarnámskeið fyrir 10. bekk. Nemendum var skipt upp í 3 hóp, vann hver hópur með Elísabetu einn skóladag.

17. desember var skólinn skreyttur hátt og lágt.

Litlu jólin voru 18. desember og kom árgangurinn allur saman í einni stofu, auk þess sem dansað var kringum jólatré í nýja anddyrinu.

Jólafríð hófst 19. desember og lauk 3. Janúar.

7. janúar heimsókn frá Alnæmissamtökunum. Einar Þór fulltrúi samtakanna hélt fyrirlestur fyrir nemendur 10. bekkjar

8. janúar héldu 10. bekkingar LAN í Guðmundarbúð, sem gekk mjög vel.

Dansæfingar fyrir þorablót undir stjórn Evu Friðþjófsdóttur stóðu yfir allan janúar. Einnig var fjöldasöngur æfður í íslenskutímum fyrir blótið.

Þorablótið var frábært og hápunktur viðburða ársins. Það var haldið 22. janúar á sal skólans. Hver og einn kom með sitt trog á blótið fyrir sig og sína. Flutt voru skemmtiatriði á vegum foreldra og starfsfólks. Foreldrar stjórnuðu fjöldasöng og sáu um veislustjórn. Að loknu borðhaldi var salurinn rýmdur og dansað af hjartans lyst. Allir skemmtu sér vel og var það mál manna að þetta þorablót hefði tekist einstaklega vel eins og alltaf er eftir hvert ball. Dans- og söngæfingar fyrir þorablótið höfðu gengið vel og skiluðu sér á ballinu.

4. febrúar rósaballið.

8. febrúar var maskaball hjá yngri nemendum og þeir nemendur á unglingastigi sem mættu í búningum í skólann voru velkomnir að taka þátt í grímuböllunum. Þátttaka unglinganna þótti takast einstaklega vel og hvetjandi fyrir þau yngri.

9. febrúar, starfsdagur kennara. Nemendur fengu frí en annað starfsfólk vann við undirbúning og önnur störf.

17. febrúar var foreldradagur

18. febrúar var jafnréttisþing í skólanum og tóku 10. bekkingar þátt í því

26. febrúar var útivistardagur haldinn í fínasta veðri á skíðasvæðinu í Tungudal og lukkaðist hann mjög vel.

3. mars kom Rauði krossinn í heimsókn með fyrirlesturinn „Vertu næs“

11. mars kom Stella Hjaltadóttir frá MÍ og kynnti fyrir nemendum námsframboð skólans. 20. apríl fóru nemendur svo í heimsókn í menntaskólann.

Árshátíð skólans var haldin dagana 16. og 17. mars.

Þema árshátíðarinnar var „Sjónvarp í 50 ár“ Nemendur 10. bekkjar léku á alsoddi og rifjuðu upp framlög sín til árshátíðanna frá því þau voru í fyrsta bekk og tókst sú upprifjun einstaklega vel.

Páskafríð hófst 19. mars og lauk því 28. mars.

6. apríl flutti Þorsteinn Kristján Jóhannsson fyrirlestur fyrir nemendur á unglingastigi um tölvufíkn.

7. apríl 80's ball. Margir nemendur klæddust fötum samkvæmt 80's tískunni í skólann þann dag.

14. apríl var nemendum 10. bekkjar boðið í heimsókn í 3X stál og fengu kynningu á starfsemi fyrirtækisins.

20. apríl voru úrslit í Skólahreysti þar sem lið GÍ tók þátt.

22. apríl vetrarfrí.

26. og 27. apríl var Sigga Dögg kynfræðingur í heimsókn í skólanum og flutti nemendum fyrirlestur í kynskiptum hópum.

29. apríl þar sem einn skólaliðinn hætti störfum og ekki tókst að ráða nýjan í hans stað ákváðu 10.bekkingar að taka að sér þríf tímabundið á ákveðnu svæði til fjáröflunar á 10.bekkjarsferðalaginu. Athygli vakti hversu vel krökkunum fórst þetta verkefni vel úr hendi.

11. maí héldu nemendur bingó í matsal Hlífar, til fjáröflunar og gekk það mjög vel. Var það annað bingó vetrarins, á haustönn héldu þau það fyrra á sama stað, sem einnig gekk mjög vel.

17. maí var síðasti kennsludagur hjá 10.bekk og buðu kennarar nemendum í mat á kennarastofuna. Nemendur mættu spariklæddir.

18. – 20. maí voru skólapróf.

22. – 25. maí var vorferðalag árgangsins

Ferðin í ár var að Bakkaflöt í Skagafirði. Þar var farið í flúðasiglingu, litabolta, klettaklifur, Wipe out baut og Samgönguminjasafnið heimsótt. Einnig var farið í sund á Hofsósi. Nemendur stóðu sig mjög vel og voru sér og sínum til sóma. Fararstjórar voru foreldrnir og hjónin Hildur Elísabet Pétursdóttir og Svavar Þór Jónsson, auk kennaranna Hörpu Henrysdóttir og Kristínar Ólafsdóttur. Bílstjórinn í ferðinni var auk þess eitt af foreldrum 10.bekkjars Rögnvaldur Ólafsson, kom hann hingað á mótorhjólinu sínu frá Reykjavík sérstaklega til að koma með í þetta ferðalag og hjólaði svo beint til baka að ferð lokinni.

Lokaballið var haldið í Edinborg föstudaginn 27. maí. Til stóð að fá DJ frá Akureyri, en þegar ljóst var síðla dags á föstudeginum að ekki yrði flogið voru heimamenn fengnir í verkið og tókst þeim það mjög vel úr hendi. Mæting á ballið var mjög góð mikið dansað, salurinn einstaklega fallega skreyttur og allir sáttir.

Starfskynningar og skyndihjálparnámskeið frá Rauða Krossinum fóru fram 27., 30. Og 31. maí. Hver nemandi fór á tvo vinnustaði, einn dag á hvorn. Auður Ólafsdóttir sá um fræðsluna frá Rauða Krossinum.

1. júní ferð í Haukadal á slóðir Gísla Súrssonar, ásamt íslenskukennurum. Hún tókst mjög vel. Elfar Logi kom, var með kynningu og veitti húsaskjól.

Fjáröflun:

Mikil fjáröflun var í gangi allan veturinn. Í upphafi vetrar tók hópur nemenda að sér að skipuleggja vinnuna og halda utan um fjáröflunina. Hittist hópurinn vikulega og fór yfir málin.

Meðal þess sem gert var má nefna: Seldir voru bolir með nöfnum og GÍ-merki, vöfflubakstur á foreldradögum, dansleikir, kaffimeðlæti á kennarastofu, kleinubakstur, LAN, tvö bingó voru haldin á Hlíf og öllum sem vildu boðin þátttaka, auk tímabundinna þrifa í skólanum í lok vorannar.

Harpa Henrysdóttir og Kristín Ólafsdóttir

Enska

4 kennslustundir á viku.

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Monica Mackintosh.

Námsefni: Spotlight 10, auk þess notuðum við ýmislegt annað efni.

Aðaláhersla var á lestur og ritun. Einnig voru nokkrir nemendur með léttara námsefni s.s.

Let's go 1 og málfræði ABC.

Samræmt próf í ensku var í september.

Nemendur lásu skáldsögur að eigin vali og skiluðu tveimur verkefnum úr þeim. Þau lásu líka bókina Ghost Stories í bekkjarsetti. Horft var á myndina King Arthur og nemendur skrifuðu um myndina. Sagnapróf voru lögð fyrir vikulega í 9 vikur á vorönn. Ípadinn var notaður í ritun sem uppflettirit, bæði sem orðabók og heimildaöflun. Ýmis verkefni voru unnin í spjaldtölvu í tengslum við kaflana bæði munnlegt og skriflegt.

Námsmat: Símat 70% og annarpróf 30%.

Íslenska

6 stundir á viku.

Kennarar: Guðlaugur V. Valdimarsson og Guðný Harpa Henrysdóttir.

Oftast var kennt í einum hópi, Gíslasaga var þó kennd í tveimur hópum, 6 kest. á viku.

Bókmenntir og lestur:

Við byrjuðum á að horfa á kvikmyndina Engla alheimsins og vinna kvikmyndagagnrýni um hana. Því næst lásu nemendur bókina Engla alheimsins eftir Einar M. Guðmundsson og unnu ýmis verkefni úr henni. Lesnir voru valdir kaflar úr bókinni Með fjaðrabliki og unnin verkefni úr henni. Eftir áramót var lesin Gísla saga Súrssonar og einnig unnin verkefni úr henni og farið í Haukadal á söguslóðir Gísla sögu. Nemendur lásu einnig bækur að eigin vali og skiluðu greinargerðum um þær.

Málfræði

Við byrjuðum á upprifjun í málfræði fyrir samræmda prófið, sem haldið var 24. september. Undir vorið var tekin önnur upprifjunarlota í málfræði. Notast var aðallega við Finn III en einnig efni úr ýmsum áttum.

Ritun

Nemendur unnu stór verkefni úr bókunum Englum alheimsins og Gísla sögu Súrssonar. Lestrarverkefnum var skilað reglulega. Auk þess voru ýmis önnur ritunarverkefni, stór og smá og reynt að hafa verkefnin fjölbreytt og af ýmsum toga.

Námsmat

Nemendur tóku samræmt próf í íslensku að hausti. Annarpróf á vorönn gildi 50% á móti vinnueinkunn annarinnar en á haustönn gildi einungis vinnueinkunnin.

Danska

Kennarar voru Guðríður Sigurðardóttir og Kristín Ólafsdóttir. Nemendur árgangsins voru 36. Undanfarin ár hefur verið um samkenslu að ræða í árgangi 2000. Nemendum vinna í sinni heimastofu.

Námsgögn: Dejlige Danmark, les-og vinnubók. hringekjuverkefni með ýmsum verkefnum frá kennurum. Koldt blod, (tvær bækur) sem hóparnir lásu og unnu verkefni úr. Sagnapróf.

Ekko kaflarnir; Sport og motion, Spis dig glad, Livstil.

Spjaldtölva nú sem áður mikið notuð jafnt í verkefnavinnu sem upplýsingaleit. Netorðabókin Islex var mikið notuð.

Samantekt:

Á haustönn var Dejlige Danmark og hringekja.

Á vorönn Ekko, sagnapróf og ýmis verkefni í spjaldtölvu ss. Danske designere, På restaurant, og Kendte danskere, Mad

En film: Anna Phil, Blinkede lygter, Fighter.

Koldt blod lesin og verkefni unnin úr bókinni.

Eins og fram kemur hér að ofan þá voru unnin þemaverkefni og hringekjuverkefni á hverju stigi, einnig hefur verið mikið unnið með spjaldtölvu, hefur sú vinna leitt það af sér að minna er um hefðbundna les-og vinnubókavinnu sem okkur finnst skila betri árangri.

Í dönskunni var unnið með einstaklingsmiðaðnám og í hverjum árgangi voru nokkur mismunandi verkefni í gangi og miðaðist námsmat við það.

Góð og jákvæð vinna er í dönskukennarahópnum.

Samfélagsfræði

Kennarari: Guðlaugur Valdimarsson

Kennslustundir á viku: Kennt var í tveimur hópum, 3 tíma í viku.

Kennsluefni: *Styrjaldir og kreppa* (saga) og *Þjóðfélagsfræði*.

Haust

Á haustönninni var kennslubókin *Styrjaldir og kreppa*. Nemendur lásu um uppgang fasismans og nasismans og unnu valin verkefni í kennslubókinni. Nemendur skiluðu einni heimildaritgerð. Í tengslum við ritgerðasmíðina kynntust nemendur reglum um skráningu heimilda og vinnulagi við ritgerðasmíð. Myndefni var skoðað í tengslum við efni kennslubókarinnar.

Eitt tímaverkefni var unnið.

Vor

Á seinni námsönninni voru valin efni í þjóðfélagsfræði tekin fyrir.

Kaflinn *Að vera unglingur* var lesinn og valið verkefni kennslubókarinnar unnin. Ennfremur unnu nemendur hópverkefni í tengslum við kynhlutverk, auglýsingar og líkamsvitund.

Kaflinn *Stjórnskipan* var tekinn fyrir og valin verkefni unnin. Í tengslum við þennan kafla voru unnin tvö hópverkefni og ýmis smærri verkefni þar sem upplýsinga var aflað á netinu. Próf var tekið úr kaflanum í maí.

Stærðfræði

6 kennslustundir á viku

Kennarar: Bryndís Bjarnason, Guðný Harpa Henrysdóttir, Guðbjörg Halla Magnadóttir og Jóna Benediktsdóttir

Árganginum var upphaflega kennt saman í einum hóp af Bryndísi og Hörpu en um miðjan vetur var ákveðið að kenna nokkrum nemendum alfarið í sérhópi vegna þess hve mikið þeir viku frá viðmiðum um hegðun og námsframvindu. Guðbjörg Halla Magnadóttir og Jóna Benediktsdóttir tóku þann hóp að sér.

Námsefni: Stærðfræði 8 – tíu, 5. og 6. hefti. Einnig var Almenn stærðfræði 3. hefti notuð ásamt ýmsu öðru efni.

Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og var unnið eftir áætlunum. Viðfangsefni voru margvísleg og var stærðfræðibókum fylgt nokkuð vel. Nemendur unnu eitt stórt hópverkefni í nóvember. Þetta var hönnunarverkefni þar sem nemendur áttu að hanna öskju og nota stærðfræðina á margvíslegan hátt í verkefnavinnunni. Nemendur lærðu spilavist og horfðu á myndina Undraheimur stærðfræðinnar.

Námsmatið var símat sem byggðist á kaflaprófum í lok hvers kafla, hópverkefni og lokaprófi í vor.

5. Sérgreinar



Dans

1.bekkur

Í vetur voru 31 nemendur í 1. bekk. Þeim var skipt í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Nemendur lærðu almennar dansreglur, að bjóða upp, taka upp hald, grunnspor í dansi, hliðar saman hliðar, hæll, tá, fram og aftur, barnadansa, tvo latin dansa, línudans, leik og tískudansa. Farið var í hlustun á takt í tónlist.

Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsglega við mismunandi tónlist og kæmu fram við hvort annað af virðingu. Danssýning var í lok vetrar.

2. bekkur

Í vetur voru 38 nemendur í 2. bekk. og skiptust þau í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Rifjaðar voru upp almennar dansreglur, hvernig eigi að taka upp hald, einnig var farið betur í hlustun á tónlist og kennt hvaða tónlist er notuð við mismunandi dansa. Horft var á keppni í dansi af dvd disk. Nemendum kennt að tengja saman spor í dansi, bætt var við sporum í þeim samkvæmisdönsum sem nemendur höfðu þegar lært og kenndir aðrir samkvæmisdansar ásamt línudansi, tískudansi, leikdönsum og Zumba. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsglega við mismunandi tónlist og kæmu fram við hvort annað af virðingu. Danssýning var í lok vetrar.

3. bekkur

Í vetur voru 23 nemendur í einum hóp, sem var einu sinni í viku allt skólaárið. Farið var yfir dansa frá fyrra skólaári. Nemendur lærðu einn gamlan dans (skottís), einn samkvæmisdans, Cha cha cha. Prófað var að nota video í kennslu og gekk verkefið vel. Einnig var haldið áfram með hlustun á takt í tónlistinni, áhersla var lögð á sköpun. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsglega við mismunandi tónlist og hvernig sé hægt að nýta sér mismunandi hreyfingar, stíla í sköpun og að nemendur komi fram við hvort annað af virðingu. Danssýning var í lok vetrar.

4. bekkur

Í vetur voru 34 nemendur voru í 4. bekk. Þeim var skipt upp í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Farið var yfir dansana frá fyrra skólaári og haldið áfram að bæta við sporum. Að auki lærðu nemendur Zumba, að nýta sér netið (Youtube) við kennslu í dansi og að sækja sér hugmyndir á netinu. Áhersla var lögð á sköpun, en nemendum var skipt upp í hópa sem unnu saman. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsglega við mismunandi tónlist gætu sett saman stutta dansa, kæmu fram við hvort annað af virðingu. Nemendur sýndu dans á árshátíð skólans. Danssýning var í lok vetrar.

5. 6 og 7. bekkur

Í vetur voru 31 nemendur í 5. - 7. bekk í hræring. Þeim var skipt upp í tvo hópa sem voru einu sinni í viku, 9 vikur í senn, svokallaður hræringur.

Nemendur gátu valið um hvort þau vildu samkvæmisdansa eða tískudansa (Hip hop, Street).

Nemendur lærðu Zumba, Popping, Locking, Hip hop dans ásamt Justen Bieber dansa

Nemendur lærðu hvernig hægt er að nota hreyfingar úr daglegu lífi til að búa til dansa og einnig hvernig væri hægt að segja sögu með dansi.

10. bekkur

Nemendur í 10. bekk fengu 10 tíma upprifjun í gömlu dönsunum. Farið var yfir allflestu gömlu dansana. Foreldrum 10. bekkjar stóð til boða örnámskeið til að rifja upp dansana. Námskeiðið endaði svo með Þorablóti þar sem nemendur dönsuðu við hvort annað og sína gesti.

Nemendur í 3-10 bekk fengu kennslu og þjálfun með dans atriði fyrir árshátíð.

Einnig bauð ég verðandi 1. bekkingum í danstíma.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Heimilisfræði



1.bekkur

Í vetur voru nemendur í 1. bekk 31. Þeim var skipt upp í þrjá hópa í hringekju. Stuðst var við kennslubókina Gott og gaman en einnig var notað annað eldra efni við kennsluna. Helstu þættir sem farið var inn á voru almenn heimilisstörf, hvernig börnin geta hjálpað til á heimilum, hvernig við eigum að ganga snyrtilega um og einnig persónulegt hreinlæti. Kynnt voru helstu áhöld, fæðuhringurinn skoðaður og rætt heilmikið um mun á hollum og óhollum mat. Í framhaldi af því var fjallað um tannheilsu og afleiðingar lélegs mataræðis. Nemendur fengu að æfa sig í notkun hnífa og nokkurra einfaldra áhalda. Þau fengu einnig svolítið að kynnst bakstri. Helstu markmið sem unnið var út frá voru að nemendur myndu kynnst helstu áhöldum í eldhúsi og tileinka sér gildi hollrar næringar. Einnig að nemendur tileinkuðu sér jákvæða hegðun í sambandi við umhverfið og lærðu jákvæð samskipti við borðhald.

Vegna breytinga á námsmati fékk fyrsti hópurinn einkunnir fyrir lykilhæfni en tveir síðari aðeins eina einkunn fyrir hæfni.

2.bekkur

Í vetur voru 38 börn í 2. bekk. Þeim var skipt upp í fjóra hópa í hringekju. Nemendur fengu tvær samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu.

Bókin Holtt og gott 1 var notuð í vetur. Megin áherslur í kennslunni voru svipaðar og í 1. bekk en verkleg kennsla þó töluvert aukin. Mikil áhersla var lögð á hreinlæti. Nemendur lærðu að vaska upp og ganga frá og fengu heilmikla þjálfun í því. Farið var betur í fæðuhringinn, nemendur fengu að útbúa ávaxtasalat, grænmetisgarla, baka brauðbanga og ýmislegt fleira. Helstu markmið kennslunnar voru þjálfun í samvinnu og samskiptum, vinnubrögðum, meðferð áhalda, áhersla á hollustu og heilbrigði og umhverfisfræðsla. Vegna breytinga á námsmati fengu fyrri hóparnir tveir einkunnir fyrir lykilhæfni. Síðari hóparnir fengu aðeins eina einkunn fyrir hæfni.

3.bekkur

Í vetur voru 23 nemendur í 3. bekk. Þeim var skipt upp í 2 hópa, annar var frá hausti fram í janúar og hinn frá janúar fram á vor. Nemendur fengu tvær samfelldar kennslustundir einu sinni í viku á tímabilinu.

Bókin Holtt og gott 2 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur þjálfuðust í samvinnu, samskiptum, sjálfstæðum vinnubrögðum, notkun eldhúsáhalda og leikni í heimilisstörfum. Lögð var áhersla á tengsl hollustu og heilbrigðis, mikilvægi hreinlætis og komið var inn á þætti sem falla undir umhverfisvernd. Vegna breytinga á námsmati fékk fyrri hópurinn einkunnir fyrir lykilhæfni en sá síðari aðeins eina einkunn fyrir hæfni.

4. bekkur

Í vetur voru 34 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu tvisvar sinnum tvær samfelldar kennslustundir á viku á hverju tímabili. Bókin Holtt og gott 3 var notuð í vetur. Bætt var við nokkrum verkefnum. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur fengju áframhaldandi þjálfun í meðferð áhalda og tækja. Í lok tímabilsins áttu þau að geta matreitt einfalda rétti og bakað eftir einföldum uppskriftum. Nemendur áttu að tileinka sér þekkingu varðandi slysaheitu á heimilum, mikilvægi hreinlætis, tengsl hollustu og heilbrigðis og einnig var heilmikið komið inn á umhverfisfræði. Vegna breytinga á námsmati fengu fyrri hóparnir tveir einkunnir fyrir lykilhæfni. Tveir síðari hóparnir fengu aðeins eina einkunn fyrir hæfni.

5. bekkur

Í vetur voru 33 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 2x2 kennslustundir á viku á tímabilinu. Bókin Gott og gagnlegt 1 var notuð við kennsluna. Helstu markmið kennslunnar voru þau að auka leikni nemenda í meðferð áhalda í eldhúsi og þjálfa þau markvisst í matreiðslu, bakstri og góðum vinnubrögðum. Nemendur fengu fræðslu um hvernig varast mætti þær hættur sem geta verið á heimilum. Lögð var áhersla á fræðslu um hollustu og heilbrigði auk umræðunnar um nauðsyn hreinlætis við matreiðslustörf. Þó nokkur áhersla var lögð á umhverfisvernd og endurvinnslu. Einnig að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald. Vegna breytinga á námsmati fengu fyrri hóparnir tveir einkunnir fyrir lykilhæfni og hæfni en tveir síðari aðeins eina einkunn fyrir hæfni.

6. og 7. bekkur

Í vetur voru 24 nemendur í 6. bekk og 25 nemendur í 7. bekk. Þeim var skipt upp í 5 hópa, 6. bekk í 2 hópa og einn blandaðan með 7. bekk og 7. bekk í 2 hópa og einn blandaðan með 6. bekk. Hver hópur var í um það bil 6 vikur samfelld í heimilisfræði, 3 x 2 kennslustundir á viku. Bókin Gott og gagnlegt 2 var notuð við kennsluna hjá 6. bekk og Gott og gagnlegt 3 hjá 7. bekk. Kennslan skiptist í 2 verklega tíma í viku og 1 bóklegan tíma.

Í 6. bekk voru helstu markmið kennslunnar að auka þekkingu á helstu næringarefnum og hlutverkum þeirra með áherslu á kjöt- og fiskflokk. Einnig var áhersla á að þau gerðu sér grein fyrir að rétt fæðuval og góðar matarvenjur hafa mikla þýðingu fyrir góða heilsu og tileinki sér jákvætt viðhorf til umhverfisverndar og þekki umhverfismerkin. Þeim voru kynnt helstu þvottaleiðbeiningar á fatnaði. Einnig að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald.

Helstu markmið kennslunnar í 7. bekk voru þau að nemendur gerðu sér grein fyrir því að hæfileg næring er ein meginforsenda fyrir andlegu og líkamlegu heilbrigði. Einnig að nemendur gætu matreitt og framreitt einfalдар máltíðir eftir greinargóðum uppskriftum og leiðbeiningum. Áhersla var á góð vinnubrögð og góðar vinnustellingar.

Námsmat var með þeim hætti að nemendur á haustönn fengu einkunnir í bókstöfum fyrir virðingu, samhug og menntun, ábyrgð og hæfni en nemendur á vorönn fengu eina einkunn fyrir hæfni.

8. bekkur

Í vetur voru 26 nemendur í vali í 8. bekk. Þeim var skipt í 2 hópa, 1 fyrir áramót og 1 eftir. Hvor hópur fékk 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn. Kennslan fólst aðallega í því að þjálfar nemendur í verklegri vinnu með áherslu á hollan og næringarríkan mat. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur myndu auka hæfni sína í verklegri vinnu í eldhúsi. Einnig var áhersla á ábyrgð hvers einstaklings en um leið á samvinnu á milli nemenda. Markmið með kennslunni voru einnig þau að nemendur myndu temja sér fallega borðsiði og tileinka sér ánægjulegar og uppbyggjandi aðstæður í kringum máltíðir. Vegna breytinga á námsmati fékk hausthópurinn einkunnir fyrir lykilhæfni auk hæfnieinkunnar. Vorhópurinn fékk aðeins eina einkunn fyrir hæfni.

Auk tveggja fyrrgreindra hópa var lítill hópur allan veturinn í heimilisfræði. Þetta voru nemendur sem stóðu aðeins höllum fæti í bóklegu námi. Í upphafi voru þau 6, einn hætti fljótlega og voru þau því 5. Þetta urðu mjög góðir tímar, allir verklegir en reynt að læða inn fróðleik og ráðleggingum samhliða. Nemendur unnu að mestu leyti sömu verkefni og hinir hóparnir en þó var bætt við nokkrum léttari verkefnum. Markmiðin voru þau sömu.

9.-10. val

Í vetur voru 48 nemendur í 9. og 10. bekk í vali í heimilisfræði, 2 hópar fyrir áramót og 2 eftir áramót. Hver hópur fékk 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn. Gerð var tilraun með að hafa tvenns konar val, annað eingöngu bakstur og hitt að mestu leyti matreiðslu – Allt í köku og Mannsins megin. Baksturinn reyndist vera vinsælli en 3 hópar voru í bakstri en 1 í matreiðslunni.

Í baksturshópunum fengu nemendur þjálfun í flestum tegundum baksturs allt frá einföldum brauðbakstri yfir í vandasamar sykurmassakökur og allt þar á milli. Verkefnum var skipt upp í eftirfarandi lotur: Þjóðlegt með kaffinu, brauðgerð, konfekt og kaffiveisla, gerbakstur og sykurmassi. Kennslan fólst aðallega í verklegri þjálfun þar sem áhersla var á snyrtimennsku, frumkvæði, sköpun og skipulag.

Matreiðsluhópurinn fékk heilmikla þjálfun í ýmiss konar matreiðsluaðferðum þar sem áherslan var, líkt og í baksturshópunum, á snyrtimennsku, frumkvæði, sköpun og skipulag.

Tímabilinu var skipt upp í 5 lotur: Jurtaríkið, Miðjarðarhafið, gómsætar súpur og brauð úr ýmsum áttum, austurlenskir réttir og piparkökuhús.

Vegna breytinga á námsmati fengu hóparnir, sem voru fyrir áramót, einkunnir fyrir lykilhæfni og hæfni en vorhóparnir aðeins eina einkunn fyrir hæfni.

Auk fyrrgreindra hópa var lítill hópur tvo tíma á viku allan veturinn. Þetta voru 6 drengir sem stóðu mjög höllum fæti í námi og sumir hverjir afar slakir í félagslegri færni. Engri strangri áætlun var fylgt heldur voru verkefnin nokkuð fljótandi, kennari ákvað þau gjarnan jafn óðum frá viku til viku í takt við getu og áhuga nemenda. Mjög vel tókst til að flestu leyti, nemendur flestir nokkuð samvinnuþýðir og komu sjálfum sér oft á óvart með góðri frammistöðu.

Erna Sigrún Jónsdóttir, Guðlaug Jónsdóttir. Sigurrós Eva Friðbjófsdóttir

Íþróttir

Íþróttir 1.-4. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi

frá október til maí og útileikfimi að vori. Kennslan gekk vel, var

fjölbreytt og engin teljandi vandræði urðu. Sparkvöllur við lóð grunnskólans var mikið notaður við útikennslu.

Á hverju ári fara nemendur 1. bekkjar í hreyfingapróf. Í því prófi er ýmislegt tekið fyrir m.a að hoppa, kasta, raða eldspýtum og grípa prik.

Viðfangsefni vetrarins voru fjölbreytt: Boltaleikir, leikir, fimleikar,

frjálsar íþróttir, badminton, blak, samvinnuleikir, hugtakaleikir, þol og

styrktaræfingar ásamt öðru sem tilgreint er í aðalnámsskrá grunnskóla.

1.-4. bekkur tekur þátt í Norræna skólahlaupinu sem er í september ár hvert.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Hálfán Pétursson.



Íþróttir 5.-10. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á

Torfnesi. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálsar,

samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp. Þennan vetur var boðið upp á val tímabil sem gengu mjög vel. Einnig var boðið upp á kynningar frá íþróttafélögum innan HSV. 10 bekkur var með 3 íþróttatíma þennan vetur þar sem þau hafa lokið 10 sundstigi. Námsmat fer fram með símati auk prófa í þoli.

Á hverju skólaári eru ýmsir viðburðir sem eru fastir liðir og má þar nefna Norræna skólahlaupið sem haldið er í september og Íþróttahátíðin í Bolungarvík þar sem keppt er í hinum ýmsu greinum. Í ár var skólunum blandað í lið og heppnaðist það mjög vel. Haldinn

var leikjadagur á Torfnesi fyrir 5.-9.bekk þar sem nemendur hlupu allir viðavangshlaup og fóru svo á 3 leikjastöðvar. Gekk þessi dagur mjög vel og var mikil virkni hjá öllum stigum.

Við sendum keppendur í Skólahreysti og fór undankeppnin fram í íþróttahúsinu Mýrinni í Garðabæ 9. mars. Það voru fjögur lið af Vestfjörðum sem tóku þátt í undankeppninni og sigraði GÍ undankeppnina. Úrslitakeppnin fór fram í Laugardalshöll 20. apríl og hafnaði liðið í 12. sæti.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Guðný Stefánía Stefánsdóttir og Jón Hálfaldán Pétursson

Sund 1.-4. bekkur

Unnið var með grunnþætti helstu sundaðferða, bringusund, skriðsund, baksund, handa og fótatök æfð, leikir, köfun, grunnþættir björgunar, flot, stunga og annað tilkallandi. Mun meiri áhersla er á tækni og ánægju heldur en hraða og keppni. Töluverðar framfarir nást í sundkennslu á þessum árum og því mikilvægt að börnin mæti vel og ekki sé mikið að falla niður kennsla, því einungis er um að ræða einn tíma á viku. Lögð er áhersla á öruggt og gott umhverfi þar sem öryggi og gleði barnsins er í fyrirrúmi.

Froskalappir eru mjög þýðingamikið kennslutæki hjá þessum aldurshóp og var staðan á þeim góð þetta árið.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson og Guðný Stefánía Stefánsdóttir.

Sund 5.-9. bekkur

Áframhaldandi kennsla með grunnþætti sundkennslunnar, en gerðar meiri kröfur eftir því sem ofar dregur. Áfram lögð áhersla á öryggi barna og unglinga og verið að höfða til þess að þau fari í sund í frítíma sínum og hafi ánægju af því að vera í vatni. Tímatökur og aðrir færniþættir sem tilgreindir eru í aðalnámsskrá hafðir til hliðsjónar við námsmat. 5. og 9. bekkur fara í fatasund á hverju vori og er mikil spenna fyrir þá tíma. Þá gefst þeim tækifæri til að synda í niðþungum fötum.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Jón Hálfaldán Pétursson og Guðný Stefánía Stefánsdóttir.

Í vetur var boðið upp á val í fimleikum í hræringi. Krakkarnir fengu kynningu á grunninum í fimleikum og eftir því sem leið á var farið í flóknari æfingar. Gekk það mjög vel og krakkarnir áhugasamir. Kennt var tvöfaldan tíma í hverri viku í 9 viku í senn.

Textílmennt



1.bekkur

Nemendur í 1.bekk bjuggu til orms með því að þræða á band efnisbút og perlur til skiptis. Búinn var til dúskur fyrir haus á orminn. Svo var misjafnt hvort nemendur saumuðu hús úr filti eða gerðu bókamerki.

2.bekkur

Nemendur 2.bekk saumuðu útsaumsspor í java og úr því verður dúkur sem haldið verður áfram með í 3.bekk.

3. bekkur

Nemendur í 3. bekk færðu mynd að blaði (drógu upp) á léreft og lituðu myndina. Einnig settu þeir nafnið sitt og bekk á eftir. Úr þessu varð svo handavinnupoki sem nemendur munu nota undir handavinnuna sína um ókomin ár í skólanum. Þeir nemendur sem náðu að klára pokann lærðu að fitja upp (húsgangsfít) og svo að prjóna garðapryjón.

4. bekkur

Nemendur í 4.prjónuðu fót með garðapryjóni á bangsa úr flísefni sem þeir saumuðu síðan eftir að hafa æft sig að sauma eftir línunum í blöð fyrst. Sumir gerðu fleiri en eina flík á bangsann.

5. bekkur

5. bekkingar prjóna orms eða húfu og þar sem þeir nota þekkingu síðasta vetrar þar sem þeir lærðu að prjóna garðapryjón, en nú bætist einnig við brugðin lykkja (hjá þeim sem réðu við það). Þetta verkefni gekk vel hjá langflestum. Næsta verkefni var saumun flíshúfa sem allir voru hæstánægðir með. Þriðja verkefnið var svo bútasaumspúði með flettisaum.

6. bekkur

Nemendur í 6. bekk lærðu að hekla og hanna eigið verkefni og voru ýmsar hugmyndir; hekla buddu, utan um síma, spilastokk eða það sem þeim datt í hug. Því næst sauma nemendur út í mjög grófan java þar sem notuð voru útsaumssporin: augnsaumur, fléttusaumur og krosssaumur. Þegar því er lokið sauma nemendur útsaumsstykkið á gallaefni sem er nýtt úr gömlum gallabuxum.

7. bekkur

7. bekkingar sauma frjálstan útsaum í filtefni og búa svo til myndaramma úr því. Næsta verkefni eru náttbuxur og síðasta verkefnið er að stensla nafnið sitt á stuttermabol sem nemendur fá hjá kennara. Nafnið eru nemendur búnir að vinna í tölvum í tölvuveri og hefur verið samvinna þar milli textílmenntakennara og tölvukennara. Aukaverkefni var snyrtibudda/pennaveski með crazyquilt aðferð. Einstaka nemendur náðu að sauma svuntu úr gömlum gallabuxum og bútasaumsefni.

8. – 10. bekkur fatasaumur

Nemendur völdu verkefni í samráði við kennara. Þar má nefna; leggings, bolir, kjólar, buxur ofl.

Samantekt

Yfir heildina litið hefur kennslan gengið mjög vel og nemendur tilbúnir í að vinna verkefni sín. Langflestir eru mjög áhugasamir og spenntir að gera verkefnið.

Myndmennt



Skráðir voru 164 nemendur í myndmennt skólaárið 2015-2016 sem er nokkur breyting frá því í fyrra þar sem 235 nemendur voru í myndmennt hins vegar voru 67 nemendur í hræring í nýsköpun og teiknimyndasögugerð. Ólöf Dómhildur, skýrsluhöfundur, kenndi 4 – 10.bekk myndmennt. Ólöf nýtti hluta af námsáætlunum fyrri vetrar en í hræring voru þær unnar frá grunni þar sem þetta hafið ekki verið kennt áður.

Ferðir og útkennsla var hluti af náminu þar sem nemendur skoða menningarheiminn sem þau búa við og farið á þær listasýningar sem voru í boði hverju sinni. Einnig fóru nemendur á unglingastigi á sýningu og kaffihús í lok annarinnar þar sem við æfðum okkur í heimspekilegum umræðum og að hugsa út fyrir rammann.

Spurningasíðan Kahoot.it var mjög vinsæl hjá nemendum í myndmennt og var mikil eftirvænting hjá nemendum eftir því að spila næsta kahoot sem var oft gert í lok tímans. Nýttist þessi miðill til að kenna listasögu á fjörugan og áhugaverðann hátt.

Unnið var með grunnliti, form og línur. Nokkrar aðferðir voru notaðar við það t.d. flokkun eftir formi og lit, unnið með leir og formin leiru og unnið með munstur. Unnið var með fjarvídd í útkennslu þar sem hús og götur voru teiknaðar. Listasaga var fléttuð inn í námið og völdu nemendur sér listamann eða listastefnu og unnu verk í anda stefnunar eða listamannsins.

Fyrir árshátíð var unnið eftir þörfum við leikmyndagerð og skreytingar fyrir framan sal.

8 – 10. bekkur (valgrein)

Nemendur unnu með stensla, gullinsnið og listasögu. Reynt var að hvetja nemendur til að vinna frjáls verkefni en má segja að reynslan af því var ekki nægilega góð. Nemendur tóku betur við vel mótuðum verkefnum en að nýta eigin sköpunarkraftinn sem var krafa kennarans unnin samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Í tilefni af degi Íslenskrar myndlistar fékk einn hópur nemendur á unglingastigi heimsókn frá listamanni í boði Samband Íslenskra myndlistamanna

Leiklist



5. bekkur

Nemendur í 5. bekk komu í leiklist í hringekju í fjórum hópum, 7-9 nemendur í hverjum hópi. Ég lagði mesta áherslu á hópefli, samvinnu, tjáningarþor, orku og stöður.

6. og 7. bekkur


Nemendur í 6. og 7. bekk komu saman í hringekju í 5 hópum, 10 nemendur í hverjum hópi. Tveir hópar voru eingöngu með nemendum úr 6. bekk, tveir hópar eingöngu með nemendum úr 7. bekk og einn hópur með nemendum úr báðum árgöngum. Í upphafi fór ég mest í hópefli, samvinnu og tjáningarþor með alla hópana þar sem nemendur höfðu ekki verið í leiklist áður. Eftir að grunnnámskeiði í leiklist var lokið fóru hóparnir mismunandi leiðir eftir áhugasviði. Þrír hópar unnu mikið með spuna og spunaleiki, einn lærði grímutækni og einn gerði söguleik.

8. – 10. bekkur

Leiklist var kennd sem valgrein á haustönn í 8. – 10. bekk með það að markmiði að setja upp leiksýningu fyrir 1.des hátíð skólans. Leikritið sem varð fyrir valinu var Jack Masterson and the case of absurdity eftir Michael Maxwell. Ég þýddi og staðfærði verkið og kallaði það Ársæll Veru- og Friðfinnsson og hið fjarstæðukennda mál. Í hópnum voru 18 leikarar sem einnig unnu að sviðsmynd og búningum. Tækniráðið var okkur til aðstoðar með hljóð og ljós eins og venja er.

Sýningar urðu alls þrjár og samtals komu um 150 áhorfendur á sýningarnar.

Fablab



Kennarar: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir og Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Fab lab var kennt sem valfag á unglingastigi haust og vor 2015-16. Skráðir voru 12-14 nemendur í hvorum hóp, samtals 26 nemendur. Fjórir hópar voru í hræring á miðstigi í kringum 46 nemendur.

Eva undirbjó kennslu vetrarins fyrir miðstig og Ólöf fyrir unglingastig í samstarf við Þórarinn Breiðfjörð verkefnastjóra Fab lab og samvinnan við Þórarinn gekk vel. Fyrri part vetrar hittist samstarfshópur Fab lab þar sem kennarar frá öðrum grunnskólum ásamt menntaskóla mynduð faghóp um kennsluna undir stjórn Þórarins. Tóku Ólöf og Eva þátt í umræðum í Facebook hóp fyrir alla kennarar sem kenna Fab lab um kennsluna og allir gátu deilt upplýsingum og kennsluefni.

Faghópurinn vannur að stefnumótun í kennsluháttum og kennsluáætlunum til þess að undirbúa nemendur fyrir framhaldið og að kennarar séu undirbúnir til kenna næstu skref. Rætt var um stærð hópna í Fab lab og taldi faghópurinn fækkun nemenda vera betri kostur vegna tækjakosts, til að viðhalda áhuga nemenda og lámárka biðtíma í kennslustofunni, mælt er með 8-10 nemendum í hóp til að tryggja öryggi og ánægju nemenda. Nauðsynlegt að hafa tvo kennara/stuðning þegar nemendur eru fleiri en 10, einnig mætti meta hvaða nemendur eru í hóp til að tryggja öryggi og fá veittan stuðning eftir þörfum nemenda.

Fab lab smiðjan er stafræn smiðja sem gerir fólki kleift að skapa hluti í tölvu og framleiða þá í vélunum sem eru á staðnum. Við nýttum vínyskera, laser og þrívíddaprentara, en kennararnir þurfa að fá tíma til að læra á stóru útsögunarvélina og rafeinda fræsarann. Nemendur fá fræðslu um hugsanleg áhrif þessa á samfélagið okkar og hugsjónirnar á bakvið slíka smiðju. Farið er yfir hlutverk okkar í smiðjunni og þá ríku þörf að við hjálpumst að, sýnum þolinmæði, reynum að finna út úr hlutunum sjálf og kennum hvort öðru það sem við lærum, ásamt því að koma fram við fólkið og umhverfið af virðingu. Það tókst svakalega vel og nemendur voru okkur til sóma í þessum tímum. Þau voru virkilega þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að læra á Fab lab, flestir mættu tímanlega í kennslustundirnar og vildu helst ekki fara í lok tímans. Eins urðu þau mjög svekkt ef tími féll niður.

Margir vildu mæta í Fab lab á almenningstímum við hvetjum þau eindregið til að fá foreldrana með sér á almenningstíma. Sem sumir gerðu! Það tekur talsverðan tíma að læra á tækin en nemendur voru mjög áhugasamir en þrátt fyrir það eiga þau erfitt með að tileinka sér vinnubrögðin.

Nemendur lærðu á Inkscape forritið og vínyskera til að gera límmiða. Í laser unnu nemendur í plexí, tré og pappa þar sem var rastað mynd eða teikning og skorið út. Nemendur lærðu aðeins um nýsköpun og þróun hugmynda. Eva og Ólöf voru mjög duglegar að læra á tækin og nýta sér þá þekkingu sem aðrir kennarar og Þórarinn hafa deilt með þeim. Á unglingastigi var farið í tilraunastarfsemi og nemendur fyrir áramót fengu það verkefni að hanna bát sem átti að sigla yfir pollinn en verkefnið reyndist of krefjandi en mun það líklegast vera kennt í menntaskólanum en eftir áramót var farið í einfaldari verkefni sem reyndist ágætlega.

Ólöf var í kennslu til 13:40 með 5. bekk í myndmennt sem krafðist mikils frágangs það varð til þess að Ólöf mætti alltaf of seint þar sem kennsla átti hefjast á sama tíma í Fab lab eða 13:40. Eva nýtti kaffitím sinn í að ferðir á milli staða. Hins vegar lengdust tímarnir ósjaldan í hinn endann og fengu nemendur að klára verkefni sín ef þörf var á. Gera þarf ráð fyrir tíma fyrir kennara til að komast á milli staða einnig væri gott ef keypt yrðu einfaldir prentarar t.d. vínlskeri og þríviddarprentara til að kennsla gæti farið fram að hluta til í skólanum á miðstigi og unglingastigi.

Kennsla þar sem einn kennari kennir hópnum hefur þann ókost að biðtími nemenda eftir aðstoð lengist og nemendur klára færri verkefni og þar með minni lærdómur fyrir hvern nemenda. Efniskostnaði var haldið í algeru lágmarki því nemendur fengu nær eingöngu að nota þá efnisafganga sem til féllu.

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Ljósmyndun



Ljósmyndun var kennd að vori, janúar – maí.

Þetta er valfag fyrir 8. 9. 10. bekk og voru 16 nemendur skráðir. Kennt var á fimmtudögum kl:13:00- 14:20.

Nemendur fá verkefni sem þeir leysa, þeir fara út og mynda ýmislegt, bæði verkefni sem allir leysa og valbær verkefni. Myndvinnsluforritið Gimp er notað við myndvinnslu og nemendur skila myndunum í ákveðnar möppur í tölvunni. Þeir læra talsvert um gagnageymslu og tölvuvinnslu. Nemendur skoða ýmsar ljósmyndasíður á tölvunni og skoða uppbyggingu mynda og sjá hvað færustu nútímaljósmyndarar eru að gera.

Námsmat: 9 verkefni á að vinna til fullnustu og gefið fyrir færni og sköpun. Ástundun metin sem 10. liður.

Árný Herbertsdóttir

Tæknilegó


Tæknilegó var kennt í hræringi fyrir 5.-7.bekk og var skipt á fjögur tímabil yfir skólaárið. 12 nemendur sátu kennslustundir á hverju tímabili þ.e. 8-9 vikur hvert tímabil.

Aðalviðfangsefnin voru:

- að vekja eða auka áhuga nemenda á vísindum og tækni.
- að þjálfast í grunnforritun
- að þjálfast í vinnu rannsóknarverkefna
- að þjálfast nemendur í samvinnu
- smíði á vélmenni úr tölvustýrðu Lego
- forritun vélmennisins

Jón Hálfðán Pétursson

GPS, Nýsköpun, Teiknimyndasögugerð



Skráðir voru 89 nemendur í vali bæði á unglingastigi og miðstigi skólaárið 2015-2016 nemendur á unglingastigi voru í Gerðu það sjálfur GPS og nemendur á miðstigi voru í hræring í nýsköpun og teiknimyndasögugerð. Einnig bættist lítill hópur við undir lok vor annar sem fór í Makey makey sem var góður undirbúningur fyrir Makey makey val sem er í boði fyrir haustönnina. Einnig var skýrsluhöfundur Ólöf Dómhildur með smíðju á þemadögum hjá 8.bekk í upphafi skólaárs þar sem hópar komu inn og bjuggu til sinn eigin þjóðflokk, fána og búning.

Í Gerðu það sjálfur, GPS, kynntust nemendur þeirri hugmyndafræði og sögunni á baki þeirrar hreyfingar í heiminum í tengslum við ýmist sögulegt. Nemendur unnu í hóp og sjálfstætt. Námsáætlun og námsefni unnið af Ólöfu.

Í nýsköpun var unnið með bókina Nýsköpun og nýttist hún vel í bland við æfingar sem þjálfar hugmyndaflugið og opna hugan fyrir nýjum hugmyndum. Ákveðið var að sækja um að taka þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda og bauðst öllum nemendum í 5—7. Bekk að taka þátt. Ólöf kynnti keppnina og dreifði umsóknum. Átján umsóknir bárust frá GÍ og einn

hópur komst í úrslit sem var gleðilegt og gagnlegt fyrir þá nemendur sem fóru á námskeið í Reykjavík.

Teiknimyndasögugerð gekk vel en helsta umkvörtunarefnið hjá nemendum var hversu stuttur tíminn var og væri gott að hafa tvær kennslustundir fyrir þetta val ef mögulegt er. Unnið var með sögu teiknimyndasögunar, sögugerð og teikningu.

Yfir heildina litið gekk kennsla mjög vel og nemendur tilbúnir í að vinna verkefnin sín. Fyrir þessi þrjú fög þurfti að vinna námsáætlanir og vinna kennsluefni sem mun nýtast ef þetta verður kennt á næstu árum.

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

6. Skýrsla um sérkennslu

Aðstoðarskólastjóri hefur umsýslu sérkennslumálum í skólanum og er tengiliður við skóla – og félagsþjónustu og barnavernd í málum sem tengjast börnum með sérþarfir. Mestur hluti sérkennslu fór fram í námsveri skólans. Þarf störfuðu tveir sérkennarar í fullu starfi og stuðningsfulltrúi í 80% starfi. Námsverið er ætlað nemendum 5.-10.bekkjar, meginþunginn er á þjónustu við unglinga. Stuðningur við börn með annað móðurmál en íslensku fer einnig fram í námsveri og er sinnt af sérkennara. Þrjá bekkjardeildir í skólanum hafa veirð með tvo kennara inni í öllum kennslustundum í stærðfræði og íslensku. Þetta er gert þar sem árgangarir eru fjölmennir en þó ekki þannig að hægt sé að vera með tvo bekki. Þessir árgangar fá ekki sérstaka sérkennslutíma í kjarnagreinum. Ekki er því lýsandi að telja einungis tíma sem úthlutað er til sérkennslu þegar umfang sérkennslunnar er metið.

Börn með formlegar greiningar eru 113 eða um 35% barna í skólanum. Þessi börn þurfa mismikla þjónustu. Alls nutu 99 börn einhverskonar sérkennslu í vetur. Allt frá því að vera nánast allar kennslustundir í námsveri til þess að fá aukna áherslu á eina námsgrein í stuttan tíma. Boðið var upp á þá nýbreytni að nokkur börn sem glíma við náms- og/eða hegðunarerfiðleika fengu kennslu á gítar og trommur. Markmið þess verkefnis er að efla einbeitingu þeirra gegnum verkefni sem þeim finnast skemmtileg. Undanfarin ár hafa nemendur með sérþarfir einnig fengið sérstaka tíma í heimilisfræði, textíl, myndmennt og íþróttum eftir áhugasviðum þeirra.

58 börn í skólanum eiga annan eða báða foreldra af erlendum uppruna, þetta eru um 18 %nemenda. Þessi börn þurfa ekki öll aðstoð við íslenskunám.

Þroskaþjálfari er í 100% starfi við skólann. Hann vinnur mest með börnum með mikil frávik en er einnig til ráðgjafar og stuðnings vegna annarra nemenda. Þroskaþjálfari skólans hefur unnið mikið með rafrænt námsefni (Bitsboard) sem hefur gjörbreytt viðhorfi nokkurra nemenda til náms.

Samstarfsteymi eru um 17 nemendur í skólanum og skiptist umsjón þeirra milli sérkennara, þroskaþjálfara og aðstoðarskólastjóra. Teymin funda misoft, allt frá tveimur fundum á vetri til þess að funda einu sinni í mánuði.

Við skólann störfuðu 9 stuðningsfulltrúar í tæplega 7 stöðugildum. Stuðningsfulltrúar störfuðu í samstarfi við kennara, þroskaþjálfara og aðstoðarskólastjóra með nemendum með miklar sérþarfir eða sem almenn aðstoð í bekk. Stefna skólans er að allir nemendur séu sem mest í sínum bekkjum, með aðlagð námsefni eftir þörfum. Það eru þó einstök viðfangsefni sem kemur sér betur fyrir nemendur að vinna í einrúmi eða litlum hópum og þá er reynt að skapa svigrúm til þess.

Sérkennari lagði greinandi próf fyrir 31 nemanda vegna vísbendinga um lestrar-eða stærðfræðivanda. Sumir nemendur fóru í fleiri en eitt próf. Samþykkt hefur verið skimunaráætlun fyrir Ísafjarðarbæ. Samkvæmt henni eru læsispróf lögð fyrir nemendur í 1. og 2.bekk, skimað með logos og talnalykli í 3. og 6.bekk, skimað með logos í að vori í 8.bekk, skimað fyrir þunglyndi að hausti í 9.bekk og þar er einnig lagður fyrir stafsetningarhluti GRP 14. Samræmd próf eru svo notuð til að meta stöðu nemenda í 4., 7., og 10.bekk. Á þessu skólaári náðist að gera þetta allt og unnið hefur verið með niðurstöðum.

Gögn vegna athugana og greininga bárust frá sérfræðingum 36 nemendur. Þar af 19 frá sálfræðingum á vegum skólaþjónustu Ísafjarðarbæjar og 7 frá talmeinafræðingi. Frá öðrum greiningaraðilum bárust gögn vegna 10 nemenda. Þjónusta skólasálfræðinga var með sama sniði þetta skólaár og það síðasta. Tveir sálfræðingar komu u.þ.b. tvo daga í mánuði til að sinna málum sem vísað hafði verið til þeirra. Undir vor bættist þriðji sálfræðingurinn við.

Ut anumhald og skipulag innanhúss, innheimta spurningalista, fundarboðun og annað slíkt kemur í hlut aðstoðarskólalastjóra, en þessi verk voru áður í höndum skólasálfræðings þegar hann var hér á svæðinu. Þetta skapar mikið álag dagana áður en sálfræðingarnir koma og á meðan þeir standa við. Einnig hefur verið vandi að finna tíma fyrir fundi með kennurum til upplýsingagjafar og vegna skila á málum og nokkrum sinnum hefur komið fyrir að boða hefur þurft slíka fundi fyrir utan vinnutíma. Nú eru 2 mál í vinnslu hjá skólasviði og 5 börn bíða þjónustu næsta vetur.

Talsvert samstarf er við aðila utan skólans vegna mála sem falla undir sérkennslu. Á þessu skólaári voru tveir nemendur í 10.bekk í vinnumarkaðsúræðum. Annar frá skólabyrjun, sá fór á tvo vinnustaði og hinn frá miðjum október. Þeir fóru í vinnu einn dag í viku í þeim tilgangi að læra þátttöku á almennum vinnumarkaði. Talsvert samstarf er einnig við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða gegnum svokallað BUGL-teymi sem sinnir þjónustu við börn með geðraskanir og við félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar vegna barna með fjölþættan vanda. Í samstarfi við félagsþjónustu var óskað eftir aukinni þjónustu fyrir börn með geðrænan vanda, til dæmis HAM meðferð fyrir börn. Sú þjónusta fékkst ekki, en skólinn greiddi fyrir eitt slíkt námskeið fyrir unglinga. Ekki var sótt um Fjörkálfnámskeið á þessu skólaári en búið er að óska eftir slíku námskeiði strax að hausti 2016.

Í samræmdu könnunarprófunum sem haldin voru í september var sótt um undanþágur frá próftöku fyrir 8 nemendur stuðningsúræði fyrir 28 nemendur. Undanþágu frá próftöku geta nemendur með fötlun eða alvarlega námserfiðleika fengið en jafnframt má sækja um undanþágu fyrir nemendur af erlendum uppruna frá próftöku í íslensku. Stuðningsúræði geta verið í formi lestrarstuðnings, lengds próftíma, ritun á tölvu eða aðlöguðu prófhefti.

Í skólanum er lögð áhersla á að veita öllum börnum góða þjónustu. Mikilvægt er að reyna að mæta nemendum á grundvelli styrkleika þeirra, setja raunhæf markmið og tengja námið áhugasviðum nemenda eftir því sem hægt er.

Jóna Benediktsdóttir

Aðstoðarskólalastjóri og umsjónaraðili sérkennslu

7. Ýmsar skýrslur

Bókasafn Grunnskólans á Ísafirði


Starfsemi bókasafnsins veturinn 2015-2016 var með hefðbundnu sniði. Starfsmannahald var með líflegasta móti. Andrea Gylfadóttir kom inn í afleysingar að hausti, en hætti í október og þá kom inn Inga María Gunnarsdóttir og var til áramóta. Eftir áramót kom Carolin svo aftur til starfa eftir fæðingarorlof.

Safnkosturinn er allur skráður í tölvukerfið Gegni. Útlán bóka fer einnig í gegnum þetta kerfi.

Á haustin og vorin eru ákveðnir álagstímar á bókasafninu, þegar afgreiðsla og skil bóka/námsbóka stendur yfir.

Allar námsbækur og gögn frá Námsgagnastofnun koma á bókasafnið til skráningar og/eða plöstunar eftir því sem við á. Útlán námsbóka til 7.-10. bekkjar fer í gegnum bókasafnið og er það farið að ganga vel. Skil á þeim mættu hins vegar vera betri og eru alltaf þónokkrar bækur sem þarf að afskrifa, vegna þess að þær skila sér ekki frá nemendum.

Það þyrfti að gera átak í því að gera nemendur ábyrgari fyrir því að skila því sem þau fá að láni.



Mikil heimilda- og verkefnavinna fer alltaf fram á bókasafni og er það gert í samstarfi við kennara í hverri grein eða árgangi fyrir sig.

Frístund hjá nemendum í 1.-4. bekk hefur verið á skólabókasafniun, nú þriðja árið í röð og tekist vel. Hingað koma að hámarki 8-10 nemendur til að lesa, spila, teikna, spjalla, gera verkefni eða fara í tölvu. Þetta lífgar mikið upp á starfið á bókasafninu.

Alþjóðlegi bangsadagurinn var haldinn hátíðlegur 27. október, með uppstillingum á bangsabókum og 1. bekkur kom í heimsókn.

Norræna bókasafnsvikan var vikuna 9.-15. nóvember og skólasafnið tók þátt í henni. Þema vikunnar þetta árið var vinátta. 5. 6. og 7. bekkur kom í heimsókn mánudaginn 9. nóvember og lesinn fyrir þau kafla úr bókinni Vöfluhjarta eftir Mariu Parr, sem einnig var lesið upp úr á öðrum söfnum á þessum sama degi.

Bókasafnsfræðingur fór á fund með læsisráðgjöfum á Bæjarbókasafninu 4. nóvember. Mjög gagnlegur og góður fundur.

Bókasafnsfræðingur fór á tvö námskeið í vetur. Hið fyrra var 6. október í Háskólasetri Vestfjarða á vegum Landskerfis bókasafna og var um Leitir.is. Seinna námskeiðið var í Reykjavík 29. febrúar-1. mars. Námskeiðið fólst í endurnýjun á skráningarheimild í Gegni vegna nýrra og breyttra reglna sem þar er verið að taka upp, svokallaðra RDA reglna.

Mikið og gott samstarf hefur alltaf verið við Bæjarbókasafnið. Nemendur hafa t.d. farið í heimsóknir á Bæjarbókasafnið á vorin í tengslum við sumarlestur. Einnig hafa kennarar fengið töluvert af bókum í millisafnaláni frá safninu.

Bókasafnsfræðingur sér um innkaup á bókum til safnsins. Fjármagn til bókakaupa mætti vera meira og það er alltaf erfitt að láta það fjármagn duga fyrir því allra nauðsynlegasta sem þarf að kaupa.

Bókakostur safna rýrnar alltaf eitthvað á hverju ári og ef litlu fjármagni er veitt til bókakaupa, þá minnkar geta okkar til að sinna því hlutverki sem okkur er ætlað. Þ.e. að vera upplýsingamiðstöð fyrir kennsluna og að eiga bækur fyrir nemendur til yndislestrar.

Bókagjafir hafa verið þónokkrar frá hinum ýmsu velunnurum skólabókasafnsins í bæjarfélaginu. Kunnum við þeim hinar bestu þakkir fyrir. Það er gott að vita af því að fólk hugsar hlýtt til okkar, þegar við þurfum á því að halda.

Foreldrafélag Grunnskólans á Ísafirði og Penninn-Eymundsson tóku höndum saman til að safna bókum fyrir bókasafn skólans. Átakið fór þannig fram að dagana 20.-25. apríl bauðst foreldrum og öðrum velunnurum skólans að kaupa bækur á 20% afslætti og ánafna bókasafni G.Í. Til að auðvelda val á bókum hafði skólabókasafnið lagt fram óskalista sem lá frammi í versluninni. Í þessu átaki söfnuðust nítján bækur. Við kunnum öllum sem tóku þátt í átakanu bestu þakkir fyrir!

Aðföng

Veturinn 2015-2016 voru keyptir eða gefnir titlar alls; 384.

Þar af voru gefnir titlar 74 og titlar fyrir úthlutunarkvóta frá Námsgagnastofnun 31.

Þannig að þeir titlar sem skólasafnið keypti fyrir eigið fjármagn voru 279. Þetta er sami eintakafjöldi og var í fyrra. Afskrifaðir titlar voru 19. Reyndar hefur farið fram þó nokkur grisjun á námsbókum nú á vormánuðum og þær bækur eru ekki taldar hér með en eru 311.

(Inni í þessum tölum eru; skáldsögur, fræðibækur, hljóðbækur, forrit, geisladiskar og DVD myndir .)

Opnunartími

Safnið er opið mánudaga-föstudaga frá kl. 8-14. þ.e. 30 tímar á viku.

Starfsfólk í vetur

Andra Gylfadóttir bókavörður
 Carolon Ursula Kraus bókavörður
 Inga María Gunnarsdóttir bókavörður
 Rannveig Halldórsdóttir bókasafnsfræðingur

Rannveig Halldórsdóttir

Námsver

Starfsmenn námsvers voru:

Berglind Árnadóttir sérkennari og umsjónarmaður námsvers, 100% staða

Guðný Björnsdóttir stuðningsfulltrúi, 80% staða

Helga Björt Möller sérkennari, 100% staða

Þetta er annað starfsár námsversins. Námsverið er í stofu 214 á efri hæð miðbyggingar og liggur að bókasafni skólans. Starfsemi þess byrjaði í upphafi skólaársins og var alveg út skólaárið. Húsnæðið er ekki fullklárað það á eftir að útbúa glugga sem snýr inn í skólaportið og loka fyrir opnunarfag sem nýtist illa.

Námsverið er fyrir nemendur á mið- og unglingastigi (5.-10. bekk) sem eru með námserfiðleika og einnig fyrir tvítyngda nemendur. Starfsmenn námsversins sinntu líka nemanda úr 3. bekk á vorönn. Starfsmenn námsversins funduðu vikulega. Á fundunum var m.a. rætt um samræmingu, gengi, áherslur, breytingar og einstaka nemendur eða nemendahópa.

Námsverið var opið frá kl. 8:00 til 13:40. Nemandi með alvarlega erfiðleika var í námsverinu í frímínútum en engin starfsmaður var í námsverinu á þeim tíma. Opið var í námsverinu á matartímum.

Alls nýttu 62 nemendur sér námsverið að miklu eða litlu leyti, sem er um 31% nemenda eða hátt í þriðjungur nemenda í 5.-10. bekk. 26 af þessum 62 nemendum eru tvítyngdir eða um 42%. Sumir voru bara í námsverinu í einni námsgrein eða bara á ákveðnu tímabili. Daglega komu í námsverið 25-40 nemendur.

Nemendur voru mislengi í námsverinu, þ.e. frá einni kennslustund á viku til 20 kennslustunda. En að meðaltali var hver nemandi u.þ.b. fjórar kennslustundir í námsverinu á viku. Mikil skipulagsvinna var í gangi því hópar minnkuðu og stækkuðu eða voru tímabundið og stöku nemendur komu líka tímabundið inn í námsverið. Í námsverið komu nemendur með ýmiskonar vandamál og það komu líka í námsverið nemendur sem áttu við engin vandmál að stríða en kusu að velja þennan stað til náms. Starfsmenn námsversins komu að málum fleiri nemenda en höfðu formlegar forsendur til að vera í námsverinu.

Námsverið nýttist nemendum til að taka próf og var þá hægt að fá prófin lesin upp. Sex nemendur úr 8. og 9. bekk ætluðu ekki að taka þátt í skólahlaupinu og voru því í námsverinu meðan á skólahlaupinu stóð. Fjórir nemendur úr 9. bekk voru með vottorð í íþróttum og lærðu í námsverinu á meðan vottorðið gildi. Námsverið nýttist líka fyrir teymisfundi og aðra fundi eftir lokun.

Íslenska, íslenska sem annað mál (ísam) og stærðfræði voru helstu námsgreinar sem kenndar voru í námsverinu. Íslenska sem annað mál var kennt í námsverinu í þriggja til fimm nemenda hópum. Átta nemendur 10. bekkjar voru ekki í dönsku og voru við ýmiskonar aðlagð áhugasviðsnám í staðinn. Í námsverið komu einnig nemendur sem voru að læra samfélagsfræði og náttúrufræði. Nemendur voru ýmist með aðlagð námsefni eða með námsefni sem tilheyrði þeirra aldri. Kennslan var ýmist einstaklingsmiðuð eða hópamiðuð. Tveir nemendur námsvers luku pólsku í fjarnámi frá Laugalækjarskóla.

Tveir 10. bekkjar nemendur námsversins voru í vinnutengdu námi meirihluta skólaársins. Þetta var u.þ.b. morgunstund á viku.

Boðið var upp á aðlagaðar stundaskrár þar sem verklegt nám var vikulega á kostnað bóklegra greina. Í vetur var boðið upp á heimilisfræði í 8. og 10. bekk. Sex nemendur voru í heimilisfræði í 8. bekk og sjö nemendur í 10. bekk. Það var líka boðið upp á sauma í 8.-10. bekk aldursblandað, þar voru 4-7 nemendur. U.þ.b. sex nemendur fóru í gítarnám og nokkrir nemendur voru í trommutímum, þeir voru af öllum stigum skólans. Þrír nemendur af unglingastigi fóru í hræring með miðstigs nemendum.

Allir nemendur 6.-10. bekkjar voru með spjaldtölvur og þær voru nýttar við nám. Fartölvur voru einnig notaðar en netsamband er vont í námsverinu.

Þessi vetur gekk vel. Áherslur og vinnubrögð breyttust frá fyrra ári með nýjum starfsmönnum, nýjum áherslum og að hluta til nýjum nemendahópi, þ.e.a.s. tvítyngdum nemendum. Áður hafði þeim verið kennd íslenska sem annað mál utan námsvers og oftast í einstaklingstímum. En starfssemi námsversins er og þarf að vera í stöðugri þróun.

Berglind Árnadóttir, sérkennari

Ársskýrsla þroskaþjálfra

Í vetur hafa 11 nemendur komið til þroskaþjálfra í einstaklingstíma eða verið tvö og tvö saman. Hver tími er 20 - 40 mínútur. Fjöldi nemenda hefur verið breytilegur í vetur. Að meðaltali var fjöldinn þessi:

Fimm sinnum í viku	=	1 nemandi
Fjórum sinnum í viku	=	1 nemandi
Þrisvar sinnum í viku	=	3 nemendur
Tvisvar sinnum í viku	=	6 nemendur

Að auki voru 3 tímar í viku fráteknir í félagsfærnivinnu og voru 5 nemendur sem nýttu sér þá tíma. Hver nemandi kom í nokkra vikna lotu. Þar voru 4 nemendur á miðstigi og 1 á yngsta stigi. 3 strákar og 2 stelpur

Börnin eru í 1. – 9. Bekk.

Yngsta sig	=	5 nemendur
Miðstig	=	2 nemendur
Unglingastig	=	4 nemendur
Strákar	=	7
Stelpur	=	4

Þroskaþjálfari kom að málum 10 nemenda með því að halda utan um teymi þeim tengd. Í vetur voru það 42 fundir. Þarna er nokkur skörun því að ekki komu allir þessir 10 í tíma hjá þroskaþjálfra og þroskaþjálfari sat ekki í teyimum allra þeirra 11 nemenda sem komu í tíma. Þroskaþjálfari hefur einnig setið fundi vegna annarra nemenda.

Endurmenntun

Í upphafi skólaárs var námskeið um notkun iPada í kennslu og svo var þroskaþjálfari með smíðju í notkun iPad í sérkennslu. Yfir skólaárið voru nokkur styttri námskeið sem þroskaþjálfari sótti, t.d. skyndihjálpi, iPad forritun og Makey og Makey.

Í vetur hefur þroskaþjálfari setið í teymi um samstarf foreldra og skóla og hefur það verið mjög lærdómsríkt.

Sóley Veturliðadóttir, þroskaþjálfari

Nemendaverndarráð

Skýrsla nemendaverndarráðs fyrir skólaárið 2015-2016

Haldnir voru 8 fundir og fjallað um málefni 16 barna eða um 5 % nemenda.

Beðið var um ráðgjöf vegna 48 barna. Þar af voru 12 beiðnir um aðstoð talmeinafræðings, 19 beiðnir um athugun á ADHD, 5 um sálfræðiviðtal fyrir nemendur, 7 um ráðgjöf frá sálfræðingi til foreldra og 6 beiðnir um annarskonar ráðgjöf. Þar er í þremur tilvikum um að ræða beiðnir frá öðrum sérfræðingum um greiningar. Allir nemendur sem óskað hefur verið eftir ráðgjöf talmeinafræðings fyrir þurfa hana áfram. Af 19 beiðnum um ADHD greiningar eru 18 komnar í vinnslu, lista vantar frá foreldrum vegna einnar beiðninnar. Af þessum 18 lauk 10 með mati sálfræðings á að um greinilegt ADHD væri að ræða, 6 með mati sálfræðinga á að um annars konar vanda væri að ræða og 2 athugunum lauk án þess að sérstakur vandi væri greinanlegur. 11 tilkynningar voru sendar til barnaverndar vegna málefna 7 barna. Í Bugl – teymi var óskað eftir samstarfið við Heilbrigðisstofnun um HAM námskeið á næsta skólaári, einnig hefur verið send beiðni til félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar um Fjörkálfanámskeið sem óskað er eftir að hefjist í september.

Jóna Benediktsdóttir

Fagstjórn í íslensku

Fundað var vikulega á föstudögum klukkan 8:40.

Alþjóðlegur dagur læsis var 8.september. Lestrarlota í skólanum var 12.-26. Hugmyndir sendar á kennara. Lesið var í a.m.k 15 mínútur dag hvern í skólanum í hverjum árgangi.

Byrjendalæsi hélt áfram á yngsta stigi. Magnúsína Laufey Harðardóttir er með umsjón yfir könnunum byrjendalæsis.

Hraðlestrarprófum var raðað niður um það bil á 6 vikna fresti yfir veturinn á yngsta- og miðstigi. Niðurstöður voru settar upp í exel skjali og sendar til foreldra í tölvupósti. Herdís Hübner tók við umsjón á hraðlestrarprófum á haustönn.

Lesskilningsprófin Orðarún af vef Mentor voru lögð fyrir í 3.-8. Bekk.

Læsi skimunarpróf var lagt fyrir í 1.-2. bekk og Lesmál lagt fyrir í 2. bekk að vori.

Framsagnarprófi var dreift til kennara 4. – 7. bekkjar (í maí) ásamt fyrirmælum um mat á framsögn og skráningarblað.

Stóra upplestrarkeppnin var sett í Hömrum 16. nóvember á degi íslenskrar tungu af skólastjóra.

Stóra upplestrarkeppnin

Framkvæmd

Fagstjórar í íslensku sáu um að útvega dómara í bekkjakeppnina og umsjónarkennarar 7. bekkjar prenta út blöð fyrir dómara.

Bekkjakeppnin var haldin 17. febrúar og dómarar voru: Guðlaug Jónsdóttir og Jóna Benediktsdóttir.

Skólakeppnin var haldin 24. febrúar, Kristín B. Oddsdóttir var dómari fyrir hönd skólans.

Lokakeppnin fór fram í Hömrum 3.mars. Skóla - og fjölskyldusvið sá um undirbúning. Fundað var með aðstoðarskólastjóra og nýjum umsjónarmanni keppinnar.

Í byrjun skólaárs var námskeið, bæði um litlu upplestrarkeppnina og stóru upplestrarkeppnina. Litla upplestrarkeppnin var haldin formlega í fyrsta sinn í 4. bekk 27. apríl.

Í tilefni af degi barnabókarinnar 2. apríl sem haldinn er vegna fæðingardags H.C Andersens, gáfu IBBY samtökin á Íslandi íslenskum börnum smásöguna Andvaka sem Birgitta Elín Hassell og Marta Magnadóttir sömdu af því tilefni. Ýmist var hlustað á söguna á Rás 2 eða hún var lesin og eftir atvikum unnin verkefni þann 5. apríl.

Læsisstefna Ísafjarðarbæjar er í smíðum, þar sem verkefnastjórn er í höndum fulltrúa frá öllum grunnskólum Ísafjarðarbæjar, ásamt fulltrúum skólaskrifstofu. Vonast er til að klára þessa vinnu á vordögum.

Hugmynd frá okkur er að samræma skriftarkennslu í skólanum og setja viðmið um einkunagjöf. Einnig almenn vinnubrögð í allri ritun. Fyrirhuguð er ritunarsmiðja í ágúst.

Erna Sigrún Jónsdóttir, Kristín Berglind Oddsdóttir

Umsjónarstarf með lestrarkennslu í Grunnskólum Ísafjarðarbæjar

Stærstu verkefni vetrarins voru þessi:

- Að greina stöðuna að hausti, skoða niðurstöður lesfimiþrófa síðustu 15 ára til að sjá hvernig okkur hefur miðað. Niðurstaðan var sú að á allra síðustu árum hefur lesfimi almennt heldur hrakað. Viðtöl við kennara og fundir gáfu til kynna að líklega hefði gefist minni tími til lestrarþjálfunar í skólanum síðustu árin og ákveðið var að reyna að bæta úr því. Stuðningsfulltrúar, skólaliðar og kennarar fóru markvisst inn í flesta bekki í allan vetur til að láta nemendur lesa. Fyrirkomulagið var endurskoðað um miðjan vetur og stuðningsfólk fært til.
- Umsjón með lestrarprófum. Ég hafði skoðað lestrarprófin á síðasta ári og reynt að velja 5 próf af 10 sem væru nokkurn veginn jafn þung og raða þeim á veturinn. Nú fór nokkur tími í að setja þau upp að nýju, telja út atkvæðafjölda, minna á þau tímanlega, ganga frá þeim á kennarastofu, sameign skólans, skólasameigninni o.fl.
- Ég lagði lesfimiþróf fyrir alla nemendur 9. bekkjar að hausti og eftir það prófaði ég þá sem ekki höfðu náð markmiði árgangsins, á 6 vikna fresti. Skráði árangurinn og skrifaði foreldrum nemenda í 8. og 9. bekk bréf eftir hvert próf. Ræddi nokkrum sinnum einslega við nemendurna, gerði með þeim einstaklingsáætlun, lét þá setja sér skammtíamarkmið og hvatti þá til að æfa sig. Smám saman fækkaði í hópnum eftir því sem fleiri nemendur náðu markmiðinu.
- Samstarf við Bæjarbókasafnið vegna „bókasafnsmánaðar“ í skólanum. Við skipulögðum heimsóknir allra bekkja á bókasafnið á tímabilinu 16. okt. til 16. nóv. og þ.á.m. tvo (x 3) fyrirlestra fyrir unglingastigið, annars vegar talaði Ómar Smári Kristinsson um teiknimyndasögur og hins vegar Fjölur Ásbjörnsson um hryllingssögur og fantasíur.
- Ég heimsótti Grunnskólann á Þingeyri, fór einnig á Suðureyri og Flateyri ásamt læsisráðgjöfum Menntamálastofnunar þegar þær voru hér í heimsókn í nóvember. Fór jafnframt með þeim á fundi á Bæjarbókasafninu, skólabókasafninu og stigsfundi í G.Í.

- Var í miklu og stöðugu sambandi við læsisráðgjafa Menntamálastofnunar, einkum eftir komu þeirra hingað í nóvember, m.a. vegna lestrarprófanna okkar sem þær vildu nýta á ýmsan hátt sem grunn að lesfimiþrófum stofnunarinnar og einnig voru mörg önnur mál sem við skiptumst á skoðunum um og ráðfærðum okkur hver við aðra.
- Vann að læsisstefnu Ísafjarðarbæjar, öllum köflum nema um ritun, próf og skimanir. Stefnt er að því að læsisstefnan verði tilbúin í vor.
- Vistaði ýmiss konar skjöl tengd lestri og læsi á Q-drifinu, skólasameigninni, m.a. öll lesfimiþrófin, framsagnarpróf, Orðarún, leiðbeiningar um fyrirlagnir prófanna, hraðlestrarnámsefni frá Njarðvíkurskóla o.s.frv. Ég reyndi að bregðast við öllum ábendingum um efni sem vantaði þar inn.
- Við settum á fót leshring um bók Bergljótar V. Jónsdóttur, Eflum lesskilning. Það kostaði nokkurn undirbúning, bókinn reyndist ófáanleg og endaði með því að þurfti að láta sérprenta hana fyrir okkur með góðfúslegu leyfi höfundar. Leshringurinn hófst eftir áramót og hittist hópurinn mánaðarlega. Kennarar á Þingeyri og Flateyri komu þegar þær gátu en annars voru þær með okkur gegnum Skype eða Facebook. Lauk þessari vinnu með því að allir völdu eina aðferð til að prófa og sögðu frá því á síðasta fundi hvernig til hafði tekist. Mér fannst þessi vinna ánægjuleg og gagnleg og hef ekki heyrt neinar kvartanir frá kennurum.
- G.Í. tók þátt í stöðlun lesfimiþrófa fyrir læsisteymi Menntamálastofnunar. Það voru tvær býsna snarpar lotur, önnur í janúar en hin í maí þar sem allir nemendur skólans voru prófaðir með orðalistum, orðleysulistum og lesfimiþrófum. Í fyrri umferðinni tóku nemendur okkar tvö lesfimiþróf, eitt fyrir sinn árgang og annað fyrir næsta árgang á eftir. Við fengum skamman tíma til verksins, þetta var mikil vinna og álag á kennarana en enginn möglaði. Hins vegar komu niðurstöður frá MMS ekki fyrr en seint í apríl og reyndust þá ómarktækar, svo við vitum ekki enn hvað kom út úr þessum prófum. Vonandi gengur betur þegar á að keyra þessi próf á landsvísu næsta haust.
- Ég hef verið í góðum samskiptum við skólabókasöfnin á Akranesi vegna undirbúnings fyrir bókmenntasurningakeppni sem mig langar að koma á hjá miðstiginu í G.Í. næsta vetur, að fyrirmynd Skagamanna. Einnig hef ég fundað með kennurum á miðstigi oftar en einu sinni út af því máli.
- Ég hafði samstarf við formann foreldrafélags G.Í. til að koma á samstarfsverkefni félagsins og Pennans-Eymundsson um bókaþjóf til bókasafns skólans í tengslum við Dag barnabókarinnar. Það skilaði 18 nýjum bókum á safnið.
- Ein kennslustund á viku fór í að láta einn nemanda í 10. bekk lesa. Sumar vikur var minna álag og þá notaði ég tækifærið og fór inn í einhverja af yngri bekkjunum til að láta börnin lesa.
- Fjölmörg minni verkefni eru ótalin, t.d. tók ég viðtöl og myndir af nemendum fyrir auglýsingastofu sem vinnur að gerð bæklinga um læsisátak Menntamálastofnunar, fundaði með kennara úr Fellaskóla til að ræða vinnubrögð, skipulag og aðferðir í báðum skólum, ræddi við kennara um einstaka nemendur og reyndi að gefa ráð við ýmsum lestrarvanda eða útvega skjöl o.fl. sem vantaði, skrifaði pistla um lestur í fréttabréf skólans, fundaði með fagstjórum í íslensku vegna verkaskiptingar, hafði samband við Brynhildi Þórarinsdóttur vegna greinar sem hún skrifaði um „lestrarhestamennsku“, sótti málþing í Norræna húsinu um upplestur og læsi, fór í gegnum gamlar möppur með ýmsu lestrarkennsluefni og endurvann það sem mér þótti

nýtilegt, hengdi upp auglýsingar og hvatti til þátttöku í landsleiknum Lestu betur, leitaði að og endurvann hljóðlestarpróf, fundaði með læsisteymi skólaskrifstofu og fundaði nokkrum sinnum með yfirmanni skólaskrifstofu. Ýmislegt ótalið enn.

- Í lokin:
- Ég fór yfir lesfímipróf vetrarins og reyndi að leggja mat á árangur lestrarþjálfunarinnar í vetur.
- Tók saman niðurstöður úr Orðarún, fyrri og seinni prófum og sendi til skólaskrifstofu.
- Fór yfir lestrarstefnu Ísafjarðarbæjar, fundaði með fagstjórum í íslensku og reyndi að ganga frá stefnunni þannig að hún væri tilbúin til útgáfu.
- Lauk við skýrslu umsjónarmanns og vistaði hana í ársskýrslu G.Í.

Herdís M. Hübner

Íþróttir

Kennsla í íþróttum og sundi var hefðbundin þennan veturinn eins og undanfarna vetur. Íþróttir voru úti í ágúst, september og maí og var unnið með þol ásamt því að fara í boltaleiki og almenna leiki. Sundið gekk sinn vanagang og svo tveir tímar sem fóru í sérkennslusund.

Norræna skólahlaupið var haldið 9. september og voru nemendur duglegir að hlaupa í yndislegu veðri.

Íþróttahátíðin í Bolungarvík var með breyttu sniði að þessu sinni. Liðin voru blönduð úr skólunum og tókst það vel. Krakkarnir kynntust betur innbyrðis og allir voru glaðir.

Skólahreystival var mjög fjölmennt og krakkarnir unnu undankeppnina sem fór fram í Mýrinni í Garðabæ. Grunnskólinn á Ísafirði fór í úrslit í Laugardalshöll og endaði þar í 12. sæti. Þó svo að liðið hafi endað í síðasta sæti þá stóðu þau sig eins og hetjur og því skal haldið til haga að við vorum nánast með nýtt lið sem við að sjálfsögðu bindum miklar vonir við á næsta ári.

Í fyrsta skipti var boðið upp á fimleikaval í hræringi hjá 5.-7. bekk. Í hverjum hópi voru 11-13 krakkar. Farið var í grunninn á fimleikum og svo farið í aðeins flóknari æfingar eftir því sem leið á.

Kennarar í vetur voru Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Hálfán Pétursson.


Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Skólaheilsugæsla

Starfshlutfall skólahjúkrunarfræðings er 100% og sér skólahjúkrunarfræðingur um eftirfarandi skóla. Grunnskóla Ísafjarðar, Grunnskóla Súðavíkur, Grunnskóla Suðureyrar, Grunnskóla Þingeyrar, Grunnskóla Önundafjarðar og Menntaskólann á Ísafirði. Farið er á hálfsmánaðar fresti í skóla utan Ísafjarðar með fræðslur og er skólahjúkrunarfræðingur með fasta viðveru einu sinni í viku í menntaskólanum, þrjár klukkustundir í senn. Föst viðvera í Grunnskólanum á Ísafirði eru 3 heilir dagar og eftir hádegi einn dag í viku. Skólahjúkrunarfræðingur sér svo um skólaskoðanir í 1., 4., 7., og 9., bekk auk þess að bólusetja börn í 7. og 9. bekk

Samskipti

Alls komu 525 börn og nutu aðstoðar skólahjúkrunarfræðings. Skiptinguna má sjá á skífuriti hér að neðan.



Skólaskoðun hjá 1. bekk felur í sér hæð-, þyngd-, sjón- og heyrnamælingu, samtals 31 barn.

Skólaskoðun í 4. bekk felur í sér hæð-, þyngd- og sjónmælingu, samtals 34 börn

Skólaskoðun í 7. bekk felur í sér hæð-, þyngd-, sjónmælingu auk þess sem kannað er litarskyn. Samtals 25 börn. Auk Skólaskoðunar voru börnin bólusettt fyrir Mislingum, Rauðum hundum og hettusótt (allt í einni sprautu, MMR) og stelpur fengu einnig bólusetningu gegn leghálskrabbameini (2 sprautur með 6 mánaðar millibili).

Skólaskoðun í 9. Bekk felur í sér hæð-, þyngd- og sjónmælingu, samtals 38 börn. Auk skólaskoðunarinnar fengu börnin bólusetningu gegn barnaveiki, stífkrampa, kíghósta og mænusótt (allt í einni sprautu, boostrix polio).

Fræðslur vetrarins

Farið var eftir lista á heimasíðu 6h.is um fræðslur auk þess sem auka fræðslur voru haldnar um kynheilbrigði fyrir 10. Bekk og geðheilbrigði fyrir unglingastig (8., 9. og 10. bekk). Hér að neðan má sjá þær fræðslur sem farið var með í vetur. (Hver fræðsla tók um það bil eina kennslustund)

Auk þeirra fræðsla sem farið var með var einnig farið með einstaklingsfræðslu bæði eftir skólaskoðun og að ósk kennara. Það var þá helst fræðsla um almennt hreinlæti.

1.bekkur

- Hreinlæti/hollusta og svefn
- Hamingja
- Tannvernd
- Slysfræðsla

2.bekkur

- Hamingja (dyrnar, geðræktarverkefni)
- Svefn
- Tannfræðsla

3.bekkur

- Hollusta og hreyfing

4. bekkur

- Tannvernd
- Hamingja
- Slysfræðsla

5. bekkur

- Hollusta og hreyfing

6. bekkur

- Kynþroskinn, (kynjaskipt fræðsla)

7. bekkur

- Tannvernd
- Hugrekki/sjálfsmynd/Samskipti

8. bekkur

- Hollusta og hreyfing
- Hreinlæti
- Hugrekki
- Geðheilbrigði

9. bekkur

- Kynheilbrigði í tveim hlutum
- Geðheilbrigði

10. bekkur

- Þunganir unglingsstúlkna í tveim hlutum.
- Könnun á kynsjúkdómum
- Geðheilbrigði

Vinnuandateymi

Vinnuandateymi kom fyrst saman í september, en til stóð að 6 starfsmenn myndu eiga sæti í teyminu. Eftir fyrsta fund teymisins var niðurstaðan að 3 starfsmenn myndu skipa teymið, Erna Sigrún Jónsdóttir, Fríða Rúnarsdóttir og Jón Hálfván Pétursson. Teymið hittist á fimmtudögum veturinn 2015-2016.

Markmið vinnuandateymisins var að skapa gott og skemmtilegt andrúmsloft meðal starfsmanna innan vinnustaðarins GÍ. Var það gert með skipulagningu ýmissa viðburða, starfsmannakaffi og fleiri skemmtilegra leikja og viðburða. Tilkynning um alla viðburði á vegum vinnuandateymis voru settar á Facebook-síður starfsfólks GÍ. Það var mat nefndarmanna að störf og viðburðir vinnuandateymis, skarist að einhverju leyti við viðburði og störf starfsmannfélags GÍ.


Haustönn:

- Rauður dagur/ jólapeysudagur
- Smurbrauð
- Vinnustaðakaffi

Vorönn:

- Vinnustaðakaffi
- Myndagátugetraun
- Hádegismatur Steff
- Fyrirlestur Auður Ólafsdóttir
- Höfuðfatadagur
- Lopapeysudagur

Tækniráð



Í tækniráði voru 12 nemendur og þar af sex stelpur. Nemendur fengu eina kennslustund á viku allt skólaárið. Það komu sex nýir inn í tækniráð í vetur. Verkefnin voru mismunandi, þeir lærðu að gera upp snúrur, þrifa ljós, hengja, tengja og stilla ljós, prógramma ljósaborð og uppfæra eftir þörfum. Nokkrir 8. - 9. bekkjar nemendur í tækniráði fengu að fara til Hólmavíkur til að taka þátt í námskeiði hjá Þjóðleik. Farið var í hvað þarf að hafa í huga þegar lýstar eru leiksýningar annars vegar og böll hins vegar. Nemendur lærðu að tengja saman hátalara og bassabox við mixer sem skólinn á og mixerinn sem félagsmiðstöðin á. Í tækniráði fer fram mikil jafningjafræðsla. Jón Stefánsson, gamall nemandi kom í heimsókn og hélt fyrirlestur fyrir hópinn um hljóð.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Skýrsla nemendaráðs

Nemendaráð var skipað af:

Formaður: Bjarni Pétur Marel Jónason

Varaformaður: Ólöf Einarsdóttir

Áttunda bekk:

Hafdís Bára Höskuldusdóttir

Hugi Hallgrímsson

Þuríður Pála Þorsteinsdóttir

Níunda bekk:

Daníel Wale Adeleye

Georg Rúnar Elfarsson
Hanna Þórey Björnsdóttir
Kolfinna Íris Rúnarsdóttir

Tíunda bekk:

Bergsteinn Snær Bjarkason
Birta Rós Þrastardóttir
Ína Guðrún Gísladóttir

Nemendaráð hefur tvennu að gegna, það fyrsta er að vera til fyrirmynda innan sem utan skólans, vera hvetjandi og jákvæð við alla nemendur. Það seinna er að skipuleggja atburði á kvöldin þrisvar sinnum í viku í félagsmiðstöðinni. Við gerum ýmislegt þar, það eru stundum litlir viðburðir eins og bíókvöld, spilakvöld, borðtenniskeppnir og margt fleira. Einnig erum við líka með stærri viðburði eins og kaffihúsakvöld, kökukeppni og kókusbollluát svo dæmi sé nefnt. Við reyna líka oft að skipuleggja leiki eins og tappabolta, brennó, fótbolta, hunger games og framvegis. Við höldum eitt ball þetta árið sem heppnaðist vel, áður en ballið byrjaði fórum við í útileik og eftir leikin var sundlaugin opin og hamborgarar voru grillaðir. Krakkar frá 7-10 bekk sóttu að viðburðinum frá öllum bæjum hér í kring.

Í lok skólaárs var haldin árlegur aðalfundur nemendaráðs þar sem kosið var til nýjan formann. Daníel Wale Adeleye var kosin formaður og Ásthildur Jakobsdóttir sem varaformaður en alls voru sex frambjóðendur.

Bjarni Pétur Marel Jónasson

Skólaráð

Skólaráð var stofnað við GÍ í október 2009. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalagd. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Fulltrúar í skólaráði eru skipaðir í tvö ár í senn, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og skólastjóri. Fulltrúar sl. vetur voru Helga E. Aðalsteinsdóttir kennari, María Lárusdóttir kennari, Guðfinna B. Guðmundsdóttir skólaliði, Harpa Kristjánsdóttir foreldri, Sif Huld Albertsdóttir foreldri, Ína Gísladóttir og Daníel Wale nemandur, Guðmundur Kristjánsson fulltrúi úr nærsamfélaginu og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir skólastjóri. Ráðið fundaði fimm sinnum yfir veturinn og voru helstu verkefni að fara yfir skólanámskrá, starfsmannahandbók, starfsáætlun og skóladagatal. Einnig voru kynnt fyrir ráðinu önnur verkefni í skólanum svo sem sjálfsmat, frímínútnaskipulag, kennslustundaúthlutun, byrjendalæsi, og hvers konar skipulag.

Fjárhagsáætlun skólans

Fjárhagsáætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar er hluti af fjárhagsáætlun bæjarins. Framsetningin er samkvæmt fyrirmynd um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Áætlun þessi er svokölluð rammaáætlun þar sem tekjum og gjöldum er skipt í bundna og óbundna liði. Heimilt er að breyta upphæðum óbundinna liða þannig að ef einn útgjaldaliður hækkar verður annar að lækka á móti til að kostnaður samtals hækki ekki umfram viðmiðunarmörk áætlunarinnar. Fjárhagsár skólans er almanaksárið eins og í öllum almennum rekstri. Endurskoðuð áætlun fyrir árið 2015 var 603.340.223 kr. Þegar upp er staðið var staðan í árslok 606.167.045 eða 2.826.822 kr umfram áætlun.

Eftirfarandi verkefni og búnað þarf að hafa í huga við næstu fjárhagsáætlunargerð; endurnýjun á nemendahúsgögnum, 2-3 kennslustofur á ári sem og húsgögn á ganga, nýtt lyklakerfi, viðgerð og málun á á efri hæðinni í gamla gagnfræðaskólanum, sem og gangar, gardínur í nokkrar kennslustofur. Einnig þarf að smíða utan um ruslagáma við skólann. Gera þarf ráð fyrir kaupum á nokkrum spjaldtölvum á ári. Nú eru til spjaldtölvur fyrir 7. bekk - 10. bekk, auk þess sem nokkrar spjaldtölvur eru í hverjum námshópi í 1.-6. bekk. Æskilegt væri að geta keypt spjaldtölvur fyrir einn árgang (um það bil 40 stk.) og svo aftur árið þar á eftir (2017-2018). Einnig þarf að gera ráð fyrir kaupum á 3-4 skjávörpum á ári. Það vantar enn skjávarpa tvær stofur og hinir elstu fara að úreldast. Einnig væri gott að loka skotinu á milli dansstofu og gula skólans. Kaffistofa starfsmanna er orðin lúin, bæði innréttingar og húsgögn og kominn tími á endurbætur, einnig þarfnast starfsmannasaslerni og salerni í gula skólanum endurnýjunar. Það vantar tilfinnanlega hjólagrindur við skólann og svo þarf að hafa í huga að tölvur í tölvuveri eru orðnar gamlar og það þarf að fara að huga að endurnýjun á þeim. Það vantar líka alltaf háfana í heimilisfræðistofurnar.

Starfsmarkmið vetrarins

1. Að efla lestrarfærni nemenda á öllum skólastigum.

Leiðir: Hrint verður framkvæmd aðgerðaráætlun Stillum saman strengi, sem tekur til læsisnáms í öllum árgögnum. 4. bekkur tekur þátt í litlu upplestrarkeppninni með formlegum hætti. Áfram verður stefnt að frekara samstarfi við Bæjarbókasafnið.

Mat: Fylgst verður með niðurstöðum úr samræmdum prófum og hraða- og lesskilningsprófum skólans. Tekið verður saman hversu hátt hlutfall nemenda nær viðmiðum ársins.

Niðurstöður: 4. bekkur tók þátt í Litlu upplestrarkeppninni og var foreldrum boðið á lokahátíð. Samstarf við Bæjarbókasafnið hefur verið eflt og mun Bæjarbókasafnið standa fyrir spurningarkeppni fyrir nemendur miðstigs.

Hér fyrir neðan eru upplýsingar um hversu hátt hlutfall nemenda nær viðmiðum í lestri (hraða) og er það í prósentum, að meðaltali eru það 57% árgangs sem hafa náð markmiðum. Kannski eru markmiðin of há hjá okkur, skoðum það ef þetta heldur áfram svona.

Bekkur ekki náð náð

1	18	82
2	39	61
3	61	39
4	63	37
5	41	59
6	41	59
7	58	42
8	41	59
9	29	71
10	35	65

2. Að upplýsingastreymi frá skóla til foreldra taki eins vel mið af óskum foreldra og framkvæmanlegt er.

Leiðir: Tekin verður upp þriðja kynslóð Mentors og kennarar hvattir til að nýta möguleika hennar að fullu.

Mat: Kennarar og foreldrar spurðir að vori hvernig Mentor gagnast.

Niðurstöður: Ekki reyndist unnt að framkvæma þetta þar sem þriðja kynslóð Mentors var ekki aðgengileg fyrir kennara í tíma.

3. Að efla ábyrgð og þátttöku nemenda í skólastarfinu með það að markmiði að trú þeirra á eigin getu til góðra verka eflist. Áfram verði unnið með markvissum hætti að góðum samskiptum nemenda.

Leiðir: Nemendur verða beðnir um að vera með við skipulagningu þemadaga og annarra viðburða í skólastarfinu. Haldnir verða fundir með nemendaráði að minnsta kosti tvisvar á ári.

Mat: Tekinn verður saman fjöldi þeirra nemenda sem koma að skipulagningu einstakra viðburða. Nemendur meti skólabraginn í tengslum við skilgreiningar sem þeir hafa sett um gott skólastarf, í framhaldi af nemendabingi.

Niðurtöður: Nemendur voru í undirbúningsnefndum fyrir þemadaga og árshátíð og voru 10 nemendur í hvorri nefnd. Skólastjórnendur funduðu með nemendaráði tvisvar yfir skólaárið. Matið á skólabrag fór fram og niðurstöður hafa verið teknar til umræðu í bekkjum.

4. Að efla enn frekar upplýsingatækni í skólastarfinu.

Leiðir: Áfram verður lagt upp með að námsefni verði miðlað með stafrænum hætti og nemendur hafi tækifæri til að skila verkefnum á fjölbreyttan hátt, meðal annars með notkun upplýsingatækni.

Mat: Kennarar verða spurðir í lok skólárs um notkun upplýsingatækni.

Niðurstöður: Áfram var unnið að aukinni notkun upplýsingatækni en formleg könnun var ekki gerð.

5. Unnið verði að bættri frímínútnamenningu í skólanum.

Leiðir: Haldið verður áfram með Vinaliðaverkefnið og þemað Leikum saman í frímínútum, tekið tvisvar á ári á yngsta stigi.

Mat: Mælt verður að vori hvort viðhorf nemenda til frímínútna hefur batnað frá því sem nú er.

Niðurstöður: Verkefnin voru bæði unnin, auk þess sem þriðja bekk var boðið að vera með í Vinaliðaverkefninu. Viðhorf mælist ekki betra en góður árangur hefur náðst í eineltismálum, samkvæmt samanburði við landsmeðaltal í Skólapulsinum.

6. Haldið verður áfram með sjálfsmat nemenda á unglingastigi. Stuðst verði við einkunnarorð skólans og markmið frá nemendabingi.

Leiðir: Við upphaf skólárs verður foreldradagur þar sem nemendur setja sér markmið um vinnu. Markmiðiðin verða metin á foreldradögum í nóvember og febrúar.

Mat: Nemendur og foreldrar verði spurðir um gagnsemi slíks mats.

Niðurstöður: Í könnun sem lögð var fyrir nemendur og foreldra kom í ljós að 80% nemenda í 7.-9. bekk töldu markmiðssetninguna gagnlega og sama niðurstaða var hjá foreldrum.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf í 10. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku fóru fram 21.-23.september 2015. Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk fóru fram dagana 24. og 25. september 2015. Heildarniðurstöður árganganna eru eftirfarandi:

Normaldreifðar einkunnir þar sem landsmeðaltal er 30 4. bekkur

	GÍ	Norðv.kj
Stærðfræði	25,2	28,4
Íslenska	26,2	28,3

Normaldreifðar einkunnir þar sem landsmeðaltal er 30 7. bekkur

	GÍ	Norðv.kj
Stærðfræði	30,7	28,5
Íslenska	27,9	28,4

Niðurstöður samræmdra prófa GÍ í 10. bekk 2015

Normaldreifðar einkunnir			
	Stærðfr.	Íslenska	Enska
GÍ	26,8	24,6	27,8
Norðv.kj	28	28	26,8
Landið	30	30	30

Forföll nemenda

Samkvæmt því sem skráð hefur verið í mentor hefur ástundum nemenda við skólann verið sem hér segir skólaárið 2015-2016. Nemendur hafa komið 1820 sinnum of seint eða að hver nemandi hafi komið 5,6 sinnum of seint. Fjarvistir úr kennslustundum hafa verið 1528 eða að meðaltali 4,7 fjarvistir á hvern nemanda. Þess ber að geta að fjarvistir hjá nemendum á yngsta- og miðstigi eru undatekningatilvik. Leyfis dagar hafa verið 2264 eða að meðaltali 6,9 á hvern nemenda og veikindadagar 2514 eða að meðaltali 7,7 á hvern nemenda skólans. Miðað við árið í fyrra er aukning í fjarvistum. Fjarvistir voru 4,4 á hvern nemanda í fyrra, en 5,6 í vetur. Aukninguna má kannski að einhverju leyti rekja til þess að ef foreldrar biðja ekki um leyfi fyrir börnin er skráð fjarvist á þau. Leyfis dagar nemenda eru líka fleiri í vetur en síðastliðinn vetur, voru 2158 eða að meðaltali 6,2 dagar á hvern nemenda. Fjöldi veikindaga er svipaður að meðaltali og í fyrra.

Forföll starfsfólks

Samkvæmt skráningum eru veikindadagar starfsmanna 663, veikindadagar vegna barna 95 og leyfis dagar 329. Alls gerir þetta 1087 fjarverudaga. Að meðaltali eru 8 veikindagar á hvern starfsmann og 5,5 leyfis dagar. Búið er að draga frá veikindadaga tveggja starfsmanna sem

voru með meira en 30 daga samfelld veikindi. Þegar dagar sem starfsmenn hafa verið frá vegna annarra starfa, svo sem námskeiða og ferða með nemendur eru taldir með eru fjarverudagarnir 1161. Það hafa því verið að jafnaði 6 starfsmenn frá á hverjum degi eða 10%. Það má geta þess þess að skólinn tekur þátt í Erasmus + verkefni og vinabæjarverkefni og er það af hluta til skýring fjölda daga vegna annarra starfa starfsmanna.

Kenndar stundir vegna forfalla voru 1287 sem eru 62% þeirra stunda sem kennarar voru forfallaðir.

Stundir sem voru felldar niður voru 785 eða 38% þeirra stunda sem kennarar voru forfallaðir.

Um innra mat

Meðan á endurskoðun skólanámskrár stendur fer innra mat á skólastarfinu að mestu leyti fram í gegnum verkefni sem tengjast endurskoðuninni. Í vetur störfðu allir kennarar skólans í teyllum sem unnu að ákveðnum köflum námskrárinnar. Nú eru níu kaflar af 11 tilbúnir en vegna breytinga sem komið hafa frá Menntamálaráðuneyti í vetur þarf einn þeirra strax að fara í endurskoðun, það er kaflinn um námsmat. Lokið mun verða við þá tvo kafla sem eftir eru á haustönn 2016 jafnframt því sem námsmatskaflinn verður endurskoðaður. Skólanámskráin verður birt á heimasíðu skólans á haustönn 2016.

Sjálfsmatsskýrsla er gerð um árleg verkefni, þar birtast niðurstöður kannana sem gerðar eru meðal nemenda, foreldra og starfsmanna ásamt umbótaáætlun. Helstu matsverkefni þessa skólaárs eru líðan og þarfir nemenda, upplifun nemenda af bekkjarbrag og viðhorf foreldra til umsjónarkennara og stjórnunar skólans. Niðurstöður kannana varðandi þessi efni voru kynnt á kennarafundum og umbótaáætlun unnin í samræmi við umræður og tillögur kennara. Hafin var vinna með niðurstöður úr könnunum um líðan nemenda í bekkjum strax og þær voru tilbúnar.

Skýrsla um matsverkefnin verður senda fræðslunefnd um leið og hún er tilbúin.

Jóna Benediktsdóttir

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna er í nokkuð föstum skorðum. Nemendur í væntanlegum 1. bekk koma í þrjár skólaheimsóknir. Fyrst koma þeir með kennurum sínum í leikskólanum og skoða skólann. Í næstu heimsókn fá þeir að sitja kennslustund með nemendum í 1. bekk og hafa umsjónarkennarar 1. bekkja séð um það. Í þriðju og síðustu heimsókninni sem er í lok skólaársins, koma nemendur með foreldrum sínum og hitta varðandi kennara sína. Þeir hafa unnið með þeim ákveðin verkefni og meira að segja verið sett fyrir verkefni til að vinna að sumrinu. 1. bekkingar fóru líka í heimsókn á báða leikskólana í haust. 7. bekkingar og varðandi 1. bekkingar áttu svo skemmtilegan dag saman í lok skólaársins. 5 ára nemendur á Sólborg borðuðu í matsal skólans eftir að 5 ára deildin var flutt á Sundhallar loftið. 5 ára nemendur Eyrarskjóls komu nokkrum sinni á bókasafnið, var boðið í danstíma og einnig í hádegismat. Sóborgarnemendunum var líka boðið í danstíma.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru vettvangur fyrir skoðanaskipti og eiga að bæta tengsl starfsmanns og yfirmanns. Tilgangur með starfsmannasamtölum er að gefa stjórnendum og starfsmönnum tækifæri til að ræða starfið og gagnkvæmar væntingar. Að starfsmaður verði betur búinn undir að takast á við framtíðarverkefni. Að huga að þroska starfsmanns og þróun viðfangsefna hans til lengri tíma. Að meta þörf á fræðslu.

Allir starfsmenn skólans eiga rétt á slíku viðtali og skipta stjórnendur með sér verkum og tóku alla starfsmenn í viðtal í vetur.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu af Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Einnig keypti skólinn þjónustu Tungumálavars Laugalækjarskóla fyrir nemendur sem læra annað tungumál en dönsku. Skólinn er í samstarfi við Bæjar- og héraðsbókasafn Ísafjarðar og greiðir hluta kostnaðar við skráningarkerfi bókasafna. Einnig þarf stundum að kaupa þjónustu iðnaðarmanna vegna ýmissa smáverkefna.

Skrifstofa Grunnskólans á Ísafirði

Ritarar á skrifstofu skólans eru tveir í um 90% starfshlutfalli samanlagt. Það eru Svanfríður Arnórsdóttir ritari og Kolbrún Guðjónsdóttir ritari. Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 7:45-14:30.

Helstu verkefni á skrifstofunni eru símsvörun, móttaka og upplýsingagjöf bæði til nemenda, foreldra, samstarfsmanna og gesta. Ritari tekur við forföllum nemenda og starfsmanna og skráir forföll nemenda. Ritari hefur umsjón með skrifstofuvörum skólans, s.s. ritföngum og pappír sem og innkaupum á þeim.

Viðmiðunarstundaskrá

Í aðalnámskrá grunnskóla er svokölluð viðmiðunarstundaskrá sem sýnir áætlaða tímaskiptingu og fjölda kennslustunda í tilteknum námsgreinum/árgöngum. GÍ uppfyllir lög og reglur varðandi lágmarkstíma fjölda í bekkjum. Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða viðmiðunarstundaskrá GÍ fyrir skólaárið 2015-2016

Áætlaður fjöldi kennslustunda og skipting milli námsgreina árið 2015-2016

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska	7	7	7	6	7	6	6	6	6	6
Stærðfræði	5	5	5	5	6	6	5	6	6	6
Danska							3	3	4	4
Enska				2	2	2	2	4	4	4
Heimilisfræði	1	1	1	1	1	1	1			
Íþróttir / sund	4	4	4	4	3	3	3	4	3	3
Listir - myndmennt	2	2	2	2	2	2	1			
Listir - tónmennt	1	1	1	1	0	0				
Listir - dans	1	1	1	1	0	0	0			
Listir - textílmennt	1	1	1	1	1	1	1			
Lífsleikni - umsjón					1	2	2	1	1	1
Náttúrufræði	3	3	3	2	3	3	3	4	3	3
Samfélagsgr. / kristinfr. / trúfr.	3	3	3	3	4	4	3	4	3	3
Uppl. & tæknim. / smíðar	1	1	1	1	1	1	1			
Uppl. & tæknim. / tölvur+ ritv.	1	1	1	1	1	1	1			
Val nemenda					3	3	3	5	7	7
Val skóla	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals vikustundir:	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

8. Samvinna og tengsl við aðila utan skólans

Grunnskólinn á Ísafirði hefur átt gott samstarf við ýmsa aðila utan skólans. Þeir voru helstir í vetur:

Barna og unglingageðdeild Landspítala (BUGL): Nemendum með alvarleg hegðunar-vandkvæði eða tilfinningalega erfiðleika er vísað á BUGL til greiningar og/eða meðferðar.

Bílasprautun Ísafjarðar: Nemandi í 10. bekk var í starfsfengdu námi á vorönn einn dag í viku.

Björgvin Sveinsson: Sér um áætlunarakstur í Öfundarfjörð.

Björgunarfélag Ísafjarðar: Nemendur í 8.-10. bekk fá þátttöku sína metna sem val.

Bæjarbókasafnið: Bekkir fóru í heimsókn yfir allan veturinn og fóru á jólasýningu. Nemendur kynntu sér sumarlestur bókasafnsins og skráðu sig mörg til leiks.

Dagný Finnbjörnsdóttir: Gaf skólanum snyrtivörur fyrir árshátíð.

Dress up games: Gaf peningagjöf til kaupa á leiktjöldum í salinn.

Dægradvöl: Nemendur í 1.-3. bekk geta sótt dægradvölina eftir að skóla lýkur. Íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur umsjón með rekstrinum.

Fablab: Kennsla fer fram í valgreinum bæði á mið- og unglingastigi.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf: Er eigandi alls húsnæðis og sér um viðhald og endurnýjun á því.

Ferðapjónusta fatlaðra: Sér um akstur fyrir fatlaða nemendur skólans.

Félagsmiðstöðin Djúpið: Er rekin af íþrótt- og tómstundaráði bæjarins. Félagsmiðstöðin er opin nemendum unglingastigs á skólatíma, síðdegis og nokkur kvöld í viku. Mikið samstarf er við félagsmiðstöðina, t.d. Samfés söngvakeppnin, 1. des hátíðin og ýmislegt annað félagsstarf nemenda. Nemendaráð skólans starfar í tengslum við félagsmiðstöðina og skipuleggur starf hennar í samstarfi við forstöðumann.

Foreldrafélag G.Í.: Hefur boðið upp á námskeið fyrir foreldra og sýningar fyrir nemendur sem og styrkt skólann með góðum gjöfum.

3x Technology: Buðu nemendum í 10. bekk í kynningu.

Golfklúbbur Ísafjarðar: tók á móti 7. bekk og kenndi þeim undirstöðuatriðin í golfi í maí.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR): Börn með alvarlega námserfiðleika og þroskafrávik fá í flestum tilvikum greiningu á GRR.

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar: Samstarf milli grunnskóla í Ísafjarðarbæ er með ýmsum hætti. Sameiginleg námskeið fyrir kennara og starfsfólk skólanna hafa verið haldin. Skólastjórnendur funda um það bil einu sinni í mánuði ásamt sviðsstjóra skóla-og tómstundasviðs.

Grunnskóli Bolungarvíkur hélt íþróttahátíð þar sem nemendur víða af Vestfjörðum öttu kappi.

Háskóli Íslands - menntavísindasvið: Skólinn tekur árlega á móti kennaranemum í æfingakennslu.

Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar: Heilsugæsla skólans er á vegum heilbrigðisstofnunar og er hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi við skólann.

HG Hnífsdal: Gaf peningagjöf til kaupa á leiktjöldum í sal skólans.

HSV: Samstarfsaðili vegna frístundar – íþróttaskólinn.

Ísfirðingafélagið í Reykjavík: Hefur í mörg ár veitt útskriftarnema peningaverðlaun fyrir lofsverða ástundun og virka þátttöku í félagsstarfi.

Ísafjarðarkirkja: Skólaslit GÍ fara ávallt fram í kirkjunni. Nemendur í 7. bekk tóku til í kirkjugarðinum á vorverkadegi.

Íslandsbanki: Tók á móti nemendum í 10. bekk og fræddi þá um fjármál.

Íslandssaga og Klofningur: Nemendum í 1. bekk var boðið í heimsókn og þeim sýnd fiskvinnslan, hausþurrkunarstöðin og beitningarskúr.

Kiwanis klúbburinn á Ísafirði: Færir 1. bekkingum reiðhjólahlálma.

Konur og menn: Gáfu snyrtivörur fyrir árshátíð.

Kvenfélagið Hlíf: Veitir nemendum í 10. bekk viðurkenningar fyrir verk- og listgreinar. Styrkti einnig skólann með peningagjöf til kaupa á leiktjöldum.

Landsbanki: Tók á móti nemendum í 10. bekk og fræddi þá um fjármál.

Listaskóli Rögnvaldar: Nám við skólann fæst metið sem val í 9. og 10. bekk.

Leikskólarnir Eyrarskjól, Sólborg og Eyrarsól: Grunnskólinn og leikskólarnir hafa með sér samstarf sem miðar að því að viðhalda góðum tengslum og samvinnu á milli skólastiganna. Nemendur 1.bekkjara fara í heimsóknir á leikskólana og elstu nemendur leikskólanna koma í skólaheimsóknir á vorin. Nemandi í 10. bekk var í vinnutengdu námi á Eyrarsól í vetur.

Lyfja, Ísafirði: Gaf snyrtivörur fyrir árshátíð.

Lögreglan: Hefur verið með umferðargetraun í desember í mörg ár.

Melrakkasetrið í Súðavík: Tóku á móti 2. og 9. bekk að vori

Menntaskólinn á Ísafirði: Mí býður 10. bekkingum í námskynningu. Námsráðgjafi og áfangastjóri M.Í. komu í heimsókn í G.Í. og kynntu skólann.

Muurikka.is: Hefur lánað Muurikka pönnunar og tekið nemendur í starfskynningu.

Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík: 5. bekkur fór í vorferð og vann verkefni.

Orkubú Vestfjarða: Tók á móti 8. bekk í Mjólkárverkjun, sýndi nemendum stöðvarhúsið og bauð upp á hressingu.

Pósturinn: 2. bekkur fór í heimsókn og fékk að póstsetja sendibréfin sín; setja frímerki, stimpla og setja í rétt hólfi.

Raggagarður: 2. og 9. bekkur fóru saman í garðinn að vori.

Rauði kross Íslands hélt námskeið fyrir nemendur 10. bekkjar. Bryndís Friðgeirsdóttir og Auður Ólafsdóttir sáu um fræðsluna. Var með eitt námskeið um Börn og umhverfi í Hræring (vali á miðstigi).

Rótarý – klúbbur Vestfjarða: Veitir nemendum í 8.-10. bekk viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir.

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri: Tekur á móti 8. bekk á hverju ári. Tók á móti 9. bekk að hausti þetta sinn því ferðin hafði fallið niður að vori.

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar fluttu nemendur og fararstjóraá Hesteyri vegna haustferðar 10. bekkjar.

Skema: Ráðgefandi vegna innleiðingu á spjaldtölvum í skólanum.

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar: Gott samstarf er á milli skíðasvæðisins og skólans vegna skíðaferða nemenda.

Skógræktarfélag Ísafjarðar: Nemendur í 6. bekk hafa gróðursett plöntur í vorferð og sett niður um 150 plöntur frá Yrkjusjóði.

Skólabúðirnar að Reykjum Hrútafirði: Nemendur í 7. bekk hafa farið í mörg undanfarin haust í skólabúðirnar.

Skóla- og tómstundasvið: Hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Skóladeild veitir eftirfarandi sérfræðipjónustu; einstaklingspjónusta - greining og úrræði. T.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála. Sérkennsluráðgjöf og aðstoð við áætlanagerð. Handleiðsla og ráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar: Slökkviliðsmenn heimsækja 3. bekkinga og eru með eldvarnafræðslu. Samstarf vegna rýmingaræfinga og starfskynninga. Sér um eldvarnareftirlit í skólanum. 4. bekkur fékk að fara með á rúntinn á slökkvibílum.

Tóbaksvarnarnefnd, Lýðheilsustöð og Krabbameinsfélagið: Nemendur í 7. og 8. bekk hafa oft tekið þátt í verkefninu *Verum reyklus*.

Tónlist fyrir alla: Tónlistarfólkið Sigrún Eyrún Friðriksdóttir og Karl Olgeirsson kom í heimsókn.

Tónlistarskóli Ísafjarðar: Mikið samstarf er á milli skólanna. Tónlistarskólinn býður Grunnskólanum á nemendatónleika og nemendur frá tónlistarskólanum spila á útskrift. Grunnskólinn fær mjög oft aðgang að Hömrum, sal tónlistarskólans. Dagur íslenskrar tungu er haldinn 16. nóvember þar sem allir nemendur koma saman í hópum. Lokakeppni stóruapplestrarkeppninnar í 7. bekk er haldinn í Hömrum. Nám í skólanum er metið sem val í 8.-10. bekk. 4. bekkur og 8. bekkur héldu tónleika fyrir hvort annað í Hömrum.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar: Samstarf við umhverfis-og garðyrkjufulltrúa vegna vorverkadags.

VáVest: Stýrihópur um vímuefnaforvarnir. Skipulagði sjálfstyrkingarfræðslu frá foreldrahúsi. Var í miklu samstarfi vegna verkefnis í einum árgangi.

Verslunin Samkaup: Samstarf vegna nemenda.

Vélsmiðja Ísafjarðar: Nemandi í 10. bekk var í starfstengdu námi á haustönn einn dag í viku. Smíðaði og gaf festingar fyrir leiktjöld og ljós í salnum.

Ytri- Hjarðardalur: Bændur tóku á móti 3. bekk í sveitaferð.

Þjóðminjasafn Íslands: Leikjakista í láni fyrir 2.bekk.

Vestfirskar ævintýraferðir: Sjá um áætlunarakstur og skólaakstur, ásamt akstri í ýmsar ferðir á vegum skólans.

Auk þess hafa mörg fyrirtæki í Ísafjarðarbæ tekið á móti nemendum í 10. bekk í starfskynningu og þökkum við fyrir það.